



Bændablaðið

3. tölublað 2025 • Fimmtudagur 6. febrúar • Blað nr. 673 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Ný fjárhús eru ekki byggð á hverjum degi á Vestfjörðum, hvað þá á jörð þar sem ekki hefur verið stundað búfjárhald í áratugi. Hér eru Gerður Ágústa Sigmundsdóttir og Jóhann Ingi Þorsteinsson, ásamt sonum sínum Sigmundi Þorkeli, eins árs, og Þorsteini, þriggja ára, framan við fjárhús sem voru tekin í notkun í byrjun árs. Ungu bændurnir byggðu sér fjölnota stálgrindarhús á Mosvöllum í Öndarfirði þar sem hægt er að hýsa hátt í hundrað kindur, fimm hesta og vélar. – Sjá nánar á síðu 28.

Mynd / Ástvaldur Lárusson



Engin mylla

Hveitibirgðir í landinu munu minnka umtalsvert við lokun hveitimyllu Kornax við Sundahöfn. Birgðahald á ómöluðu hveiti í sílóum er ódýrara og einfaldara en að geyma hveitið malað í neytendapakningum.

– 20 –

Verndargildi

Enn er rökrætt um mögulegan innflutning á erlendu kúakyni. Fjallað er um íslensku kýrnar og verndun þeirra.

– 42 –



Matarkarfan

Neytendur hafa orðið varir við hækkandi matvælavæð, ekki hvað síst á síðustu þremur árum. Hvað veldur hækkuninni?

– 18 –

Eigendur Íslands útmældir

Tuttugu og fjórir aðilar eiga eignarhluti í fimm eða fleiri jörðum á Íslandi. Félag auðkífingsins James Ratcliffe á eignarhluti í 29 jörðum og er stærsti einstaki jarðaeigandi landsins á eftir hinu opinbera.

Afmörkun jarða á Íslandi er víðast hvar ókortlögð en Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur áætlað út frá skráningu lóða og úrskurðum þjóðlendna að heildarflatarmál allra jarða á Íslandi sé í kringum 56 þúsund ferkílómetrar, eða um 55 prósent af heildarflatarmáli Íslands. Samkvæmt

HMS eru jarðir landsins 7.828 talsins og í eigu 14.214 einstaklinga og fyrirtækja. Sveitarfélög eru stærstu eigendur jarða á Íslandi, en þau eiga tæpa 387 eignarhluti í 402 jörðum. Ríkissjóður á 385,5 hluti í 388 jörðum og þjóðkirkjan á 35 jarðir.

Fjórði stærsti landeigandi Íslands er fyrirtækið Sólarsalir ehf. en eignarhald þess má rekja til auðkífingsins James Ratcliffe. Fyrirtækið á 26 eignarhluti í 29 jörðum. Þar á eftir kemur fyrirtækið Fljótabakki ehf. sem á tólf jarðir. Eignarhald þess má rekja til bandaríska bankamannsins Chad R. Pike.

Sá er stofnandi ferðapjónustufyrirtækisins Eleven Experience, sem á m.a. lúxushótelid Deplar Farm í Fljótum.

Árið 2020 var sett í jarðalög að samþykki ráðherra þurfi að liggja fyrir ráðstöfun eigna þar sem kaupandi á fyrir fasteignir sem eru samanlagt yfir 1.500 hektarar að stærð. Einnig var því bætt í jarðalög að ráðherra skuli almennt ekki veita samþykki fyrir ráðstöfun jarðar ef viðtakandi (kaupandi) á fyrir eignir sem eru samanlagt 10.000 hektarar eða meira að stærð. Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs

HMS, bendir á að stærð jarða þurfi að liggja fyrir svo hægt sé að beita þessum takmörkunum.

Þetta er ein af ástæðum þess að HMS hefur ráðist í átaksverkefni við að áætla eignamörk jarða, en tilgangur þess er að ná fram heildstærri mynd af eignarhaldi fasteigna á Íslandi og gera afmarkanir aðgengilegar í kortaviðmóti landeignarskrár. „Fyrst og fremst erum við að reyna að svara þeirri spurningu hver eigi Ísland,“ segir Tryggvi Már. /ghp

– Sjá nánar á síðum 4 og 8.



Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra.

Mynd / ál

Niðurstöður viðhorfskönnunar áhyggjuefni

Meirihluti bænda telur stuðningskerfi landbúnaðar flókið en aðeins tæp 14% telja það einfalt, samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar sem matvælaráðuneytið lét framkvæma meðal bænda.

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um stöðu bænda og viðhorf þeirra til stuðningskerfis landbúnaðarins. „Tæp 30% telja kerfið þjóna hagsmunum þeirra vel en tæp 23% illa. Afgangurinn telur það vera í meðallagi,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins. Þar kemur fram að meginniðurstöður könnunarinnar séu þær að mikilvægt sé að bæta stuðningskerfið og einfalda það þar sem meirihluti bænda telur það of flókið. Einnig að vaxandi þörf sé á rekstrarráðgjöf, sérstaklega fyrir þá bændur sem eigi í fjárhagslegum erfiðleikum. Þá séu umhverfismál orðin stór þáttur í búrekstri, en margir bændur hafa þegar gripið til aðgerða. Þótt bjartsýni sé nokkur meðal bænda, er þó stór hópur sem hefur áhyggjur af framtíð búrekstursins. Einnig er tiltekin sú meginniðurstæða að mikilvægt sé að þróa áfram stuðningskerfið með hagsmunum bænda í huga og skapa betri skilyrði fyrir sjálfbæran og hagkvæman landbúnað á Íslandi

Forgangsverkefni að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti

Haft er eftir Hönnu Katrínu Friðriksson matvælaráðherra að niðurstöður könnunarinnar séu áhyggjuefni og ljóst að margar áskoranir séu í núverandi rekstrarumhverfi bænda.

„Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um nokkur forgangsverkefni á sviði landbúnaðar sem eru að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og breyta jarðalögum til að vinna gegn samþjöppun og stuðla að nýtingu á rektarlandi til búrekstrar. Auk þessa munum við sérstaklega huga að stöðu ungra bænda. Það þarf að vera raunhæft og eftirsóknarvert fyrir ungt fólk að koma undir sig

fótunum í búskap,“ er haft eftir Hönnu Katrínu.

Spurt var einnig um mat bænda á horfum næstu fimm árin og bjartsýni gagnvart rekstrinum. „Í báðum tilvikum reyndust um 30% á sitt hvorum kantinum þ.e. svipað stórir hópar svarenda telja að umsvif muni aukast og að þau muni dragast sama og sömu hópar koma fram þegar spurt er um bjartsýni eða svartsýni í rekstri.“

Fjórðungur nýtir sér rekstrarráðgjöf

Þá var spurt um erfiðleika við að ná endum saman í rekstri á síðustu tólf mánuðum. „Um 44% sögðust hafa átt í litlum eða engum erfiðleikum, 26% í meðallagi en 30% sögðust hafa átt í miklum erfiðleikum. Um fjórðungur hafði nýtt sér rekstrarráðgjöf á síðasta ári, 30% hafði ekki gert það en hafði áhuga. 45% hafði ekki gert það og hafði ekki áhuga.“

Einnig segir að tæpur fimmtungur svarenda segist hafa gert miklar breytingar á búrekstrinum til að draga úr umhverfis- og loftslagsáhrifum, 36% einhverjar breytingar en aðrir litlar eða engar.

„Helstu aðgerðir sem bændur hafa gripið til eru meðal annars:

- Minnkuð áburðarmotkun og notkun lífræns áburðar
- Skógrækt og landgræðsla
- Minni notkun jarðefnaeldsneytis
- Skipulagsbreytingar til að auka sjálfbærni
- Betri nýting búfjáraburðar

Könnunin var framkvæmd af Maskínu með það að markmiði að afla upplýsinga um stöðu bænda og viðhorf þeirra til stuðningskerfis landbúnaðarins. Könnunin var lögð fyrir félagsmenn Bændasamtakanna í nóvember og desember 2024. Svarhlutfall var 52%. Í könnuninni voru spurningar frá fleiri aðilum en matvælaráðuneytinu,“ segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu.

/ghp

Þingmálaskrá:

Kjötafurðastöðvar aftur undir samkeppnislög

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar hefur verið kynnt fyrir vörþingið. Landbúnaðarmál eru lítt áberandi en þar má þó sjá að stjórnvöld ætla að færa kjötafurðastöðvar aftur undir samkeppnislög og breyta þeim búvörulögum sem samþykkt voru á vörþingi 2024.

Í þingmálaskránni kemur fram að atvinnuvegaráðherra hyggist stefna á að leggja fram frumvarp í þessum mánuði til breytinga á búvörulögum og fella úr gildi ákvæði um undanþágur framleiðendafélaga frá ákvæðum samkeppnislaga.

Breytingar á ýmsum lögum um dýrasjúkdóma

Í febrúar ætlar atvinnuvegaráðherra að leggja fram frumvarp um breytingu á jarðalögum, sem efnislega er samhljóða frumvarpi fyrri ríkisstjórnar sem áætlað var að leggja fram í október og snýr að því meðal annars að skýra forkaupsrétt sameigenda jarða.

Loks stefnir atvinnuvegaráðherra að því að leggja fram frumvarp í mars um breytingu á ýmsum lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Meðal annars til að ná fram markmiðum sem koma fram í nýrri landsáætlun um breytta nálgun vegna útrýmingar á riðuveiki og nauðsynlegra breytinga vegna annarra smitsjúkdóma í búfénaði.



Fella á úr gildi ákvæði um undanþágur frá samkeppnislögum. Mynd / smh

Tollflokkun á osti með viðbættri jurtafitu

Fjármála- og efnahagsráðherra ætlar í mars að ráðast í breytingar á ákvæðum tollalaga við þegar gerðar breytingar á búvörulögum. Þar verða lagðar til breytingar á tollskrá, sem sé viðauki við tollalög, varðandi tollflokkun á osti með viðbættri jurtafitu.

Ekki er frekar útskýrt hvað felst í fyrirhuguðum breytingum á tollskrá varðandi tollflokkun á osti með viðbættri jurtafitu. Það má hins vegar minna á að svonefndur „jurtastur“ var flokkaður í tollflokk sem bar engan toll hjá innflytjendum og talsvert magn var flutt inn af

slíkum vörum. Tollgæslustjóri komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að vöruna bæri að flokka sem ost og greiða af henni gjöld.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Mjólkursamsölunnar, segir að textinn í þingmálaskránni sé ekki mjög upplýsandi en það liggja beint við að draga þá ályktun að þarna undir sé tollflokkun á rifnum pítsaosti sem tekist hefur verið á um fyrir íslenskum dómstólum. Sé það raunin sé um stórt hagsmunamál að ræða fyrir íslenska mjólkurframleiðendur enda gæti innflutningsmagnnið samsvarað 3–4 milljón lítra mjólkurframleiðslu á ári, sem svari til framleiðslu 6–8 kúabúa.

Raforkuöryggi fyrir heimili og smærri fyrirtæki

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra leggur fram frumvarp í febrúar um breytingu á raforkulögum og er það endurflutt með breytingum. Með frumvarpinu er vernd almennra notenda á raforku aukin, eins og heimila og smærri fyrirtækja. Lagt er til að grunnsjónarmið sem byggja skuli á við skömmtum verði færð í lög og mælt er fyrir um öflun og greiningu upplýsinga í þeim tilgangi að leggja mat á stöðu á raforkumarkaði.

Í frumvarpinu felast ráðstafanir til að nýta sveigjanleika í raforkukerfinu með því að skapa hvata til breytinga á raforkunotkun notenda miðað við aðstæður í raforkukerfinu hverju sinni. Endurflutt með breytingum.

/smh



Tollflokkun á osti með viðbættri jurtafitu er á dagskrá.

Mynd / Aðsend

Sátt í ullargreiðslumálinu

– Um 1.600 sauðfjábændur geta vænst bóta

Sátt var gerð í máli Bjarna Sigurjónssonar, sauðfjárbónda á Fornustekjum í Hornafirði, á hendur íslenska ríkinu þar sem krafist var bóta vegna vangreiðdra ullargreiðslna.

Málflutningurinn átti að fara fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 29. janúar en réttarsátt var gerð milli aðila þannig að munnlegur flutningur málsins féll niður. Helgi Jóhannesson hæstaréttarlögmaður fór með málið fyrir hönd Bjarna. Hann segir að íslenska ríkið hafi fallist á að greiða höfuðstól stefnukröfunnar að viðbættum dráttarvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags. Þá greiðir íslenska ríkið allan málskostnað einnig. Hann segir að málið sé fordæmisgefandi fyrir rúmlega 1.600 aðra sauðfjábændur sem einnig fengu of lítið greitt frá ríkinu fyrir ullarinnlegg sitt á árunum 2016–2017. Kröfuupphæðir eru mismunandi eðli málsins samkvæmt,

allt frá nokkrum þúsundum króna upp í meira en eina milljón króna á bónda, auk vaxta. Samtals eru þetta yfir 200 milljónir sem um ræðir.

Fjárhagstjón fyrir bændur

Fjallað var um málið hér í blaðinu í júní á síðasta ári þegar það var þingfest. Þar kom fram að málið snérist um bráðabirgðaákvæði sem sett var í reglugerð 17. desember 2017, þar sem uppgjörstímabilinu vegna ullargreiðslna til bænda var breytt. Tímabilið sem áður var frá 1. nóvember til 31. október var þannig lengt til 31. desember 2017, úr 12 mánuðum í 14 mánuði, án þess að fjármunum væri bætt við málaflokkinn af hálfu ríkisins. Af þeim sökum dreifðust fjármunirnir, sem eyrnamerkir voru til málaflokksins á þessu eina tímabili, á meira magn ullar en ella með tilheyrandi fjárhagstjóni fyrir bændur.

Þá var haft eftir Helga að umboðsmaður Alþingis hefði komist að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu að bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar væri ólögmeitt. Að breytingin hafi farið gegn réttmætum væntingum ullarframleiðenda um greiðslur, sem höfðu lagt inn ull á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 2017, auk þess sem í ákvæðinu hafi falist afturvirk reglusetning.

Dómsáttin og jafnræðisregla stjórnsýsluréttarins

Helgi segir að með dómsáttinni nú og eftirfarandi uppgjöri við ullarframleiðendur sé nú loks komin niðurstaða í þetta langvinna deilumál, en ríkið gerði dómsátt við sjö ullarframleiðendur á árinu 2022 á sama grundvelli.

Málalokin nú séu því í samræmi við þau málalok og jafnræðisreglu stjórnsýsluréttarins.

/smh

LÍF Í TÚN OG AKRA Í 10 ÁR

Áburðarbæklingurinn er kominn út

LÍFLAND



LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUADILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.



Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Betri afkoma sauðfjárbúa

Hagstofan greindi frá því á vef sínum fyrir skemmstu að afkoman í sauðfjárræktinni hefði batnað mjög á árinu 2023 miðað við árið á undan.

Í gögnum Hagstofunnar kemur fram að hagnaður í greininni hefði aukist um 89 prósent á þessum tíma. Tekjurnar jukust á þessum tíma um fimm prósent, eða um 840 milljónir króna. Afkoman batnaði um 505 milljónir króna og munaði þar mest um bættari hag sauðfjárbúa á Norðurlandi eystra sem nam 317 milljónum króna.

Sauðfjárbúum fækkaði um 71

Aukinn fjármagnskostnaður var ein ástæða fyrir lakari afkomu hjá kúabúum á þessu tímabili. Öðru máli gegnir um sauðfjárúin þar sem minni fjármagnskostnaður var samfara minni skuldbindingu.

Í yfirliti Hagstofunnar kemur fram að áfram heldur búum að fækka í landbúnaði og mest fækkar sauðfjárúum á þessu tímabili, eða um 71.

Launaliðinn þarf líka að skoða

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarinnar (RML) er sjálf með rekstrarverkefni um afkomu sauðfjárþænda og er von á niðurstöðum úr því fljótlega. Hagstofan metur afkomuna út frá ársreikningum og skattframtölum bænda sem berast ríkisskattstjóra.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður sauðfjárdeildar Bændasamtaka Íslands, telur að almennt megi segja að gögn Hagstofunnar rími ágætlega við stöðu sauðfjárþænda þar sem afkoman hafi lagast talsvert á undanförunum árum. Þó þurfi að líta til annarra þátta svo marktækt mat fáiast um stöðuna. „Það er vissulega hagnaður, en á móti þarf líka að skoða launaliðinn, hann er ekki hár né í samræmi við margar aðrar stéttir landsins. Af því leiðir að það er einfalt að reikna sér hagnað ef ekki eru reiknuð eðlileg laun fyrir það vinnuframlag sem er unnið,“ segir Eyjólfur. /smh

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun:

Hver á Ísland?

– Kortleggja á landamerki til að bæta heildarsýn yfir eignarhald jarða

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun stendur að átaksverkefni við að áætla eignarmörk jarða. Um helmingur af flatarmáli Íslands eru ókortlagðar jarðir.

Í vikunni munu þrjú til fjögur þúsund manns fá bréf á Ísland.is frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Þessir aðilar munu eiga það sameiginlegt að vera eigendur eða leigjendur jarða á Norðurlandi og Norðurlandi vestra, nánar tiltekið milli Hrutafjarðarár og Skjálfandafljóts.

„Fyrst og fremst erum við að reyna að svara þeirri spurningu hver eigi Ísland,“ segir Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs HMS, sem leiðir átaksverkefni við áætlun eignamarka jarða. Tilgangur þess er að ná fram heildstæðri mynd af eignarhaldi fasteigna á Íslandi og gera afmarkanir aðgengilegar í kortaviðmóti landeignarskrár. HMS kynnti verkefnið á fundi miðvikudaginn 5. febrúar sl.

Á vef HMS má nú nálgast vefsíðu landeigna. Á henni má sjá að yfir helmingur landsins er ókortlagður. Á þessu vilja stjórnvöld gera bragarbót. „Við höfum safnað saman opinberum upplýsingum á borð við landamerkjalyðsingar, þinglýst gögn og örnefnalyðsingar, auk þess að nýta nýjustu tækni í hágæðalofmyndum, hæðarlíkönun til að staðsetja útmörk jarða,“ segir Tryggvi en út frá þeim heimildum hefur HMS nú áætlað eignamörk um 2.000 jarða.

Skilvirk leið til að kortleggja eignarhaldið

Þeir sem tengjast jörðunum, og fá bréf frá HMS, geta í framhaldi opnað vefsíðu og séð áætlun HMS og þær forsendur sem liggja að baki ásamt athugasemdum þeirra sem unnið hafa að kortlagningunni. „Hlutadeigendur geta svo haft samband við okkur, helst í gegnum athugasemdaform á Ísland.is ef það hefur eitthvað til málnanna að leggja. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þarna gætu verið fullt af hlutum sem okkur hafa yfirsétt,“ segir Tryggvi og nefnir sem dæmi að til gætu verið skjöl sem eru ekki í opinberum skjalasöfnum en ætti að taka mið af.



Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Hann bendir á að stærðir jarða þurfi að liggja fyrir svo hægt sé að beita takmörkunum um hámarkseignarhald. Mynd / ghp

Fékkstu hnipp?

Hafi landeigandi borist rafræn tilkynning um drög að áætlun eignamarka er honum bent á að opna kortasíðu og kynna sér legu þeirra.

Telji landeigandi drög áætlaðra landamerkja rétt, þarf ekki að bregðast við.

Landeigandi getur komið á framfæri ábendingum varðandi merki jarða með því að gera athugasemd við áætluð eignamörk.

Nánari upplýsingar um verkefnið má nálgast á vef HMS.

eignamarka jarða er þar gott fyrsta skref.“

Hámarkseignarhald í jarðalögum

Skýr kortlagning lands og landeignaskrá er einnig nauðsynleg fyrir stjórnsýslu og nefnir Tryggvi sem dæmi stefnumörkun um eignarhald lands og skipulag landnýtingar.

Árið 2020 var sett í jarðalög að samþykki ráðherra þurfi að liggja fyrir ráðstöfun eigna þar sem kaupandi á fyrir fasteignir sem eru samanlagt yfir 1.500 hektara að stærð. Einnig var því bætt í jarðalög að ráðherra skuli almennt ekki veita samþykki fyrir ráðstöfun jarðar ef viðtakandi (kaupandi) á fyrir eignir sem eru samanlagt 10.000 hektarar eða meira að stærð.

Tryggvi bendir á að stærð jarða þurfi að liggja fyrir svo hægt sé að beita þessum takmörkunum.

„Til að ná utan um eignarrétt á landi þá þarf alltaf að vita afmörkun á fasteigninni, til að vita hvað hún er stór. Þá þarf einnig að geta rakið eignarhaldið til einstaklings, raunverulegs eiganda. Þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir ef ráðherra ætlar að setja þessar takmarkanir.“ ■

Ný leið sáttarmeðferðar

Ætlunin er ekki að leysa ágreining sem kann að vera til staðar. „Ef upp kemur að ólík sjónarmið séu um legu eignamarka milli tveggja jarða þá er okkar markmið að draga fram ágreininginn og birta hann, en ekki að skera úr um hann,“ segir Tryggvi.


Þeir landeigendur sem vilja fullnaðarskrá eign sína með hnitsetningu og merkjalýsingu geta farið þá leið og fellur kostnaður við það á eiganda. Sé uppi ágreiningur milli tveggja landeigenda um eignarmörk er nú hægt að fara í sáttameðferð hjá sýslumanni.

„Þar geta landeigendur lagt fram rök sín og kröfur og sýslumaður getur komið með miðlartillögu. Ef landeigendur sættast ekki þar þá geta þeir leitað til dómstóla, sem getur þá tekið afstöðu til deilumálsins.“ Með þessu sé verið að reyna að gera ferla skilvirkari öllum til velfarnaðar.

Ótvírátt gildi fyrir bændur

Tryggvi vonast til þess að landeigendur taki þessu verkefni með jákvæðum hug enda sé slík kortlagning mikilvæg, bæði fyrir ríkið og landeigendur.

„Þetta hefur heilmikið gildi fyrir landeigendur. Betri upplýsingar um afmörkun eigna og samspil þeirra við skipulag ætti að auðvelda fjármögnun verkefna fyrir landeigendur og bændur. Slíkt gæti bætt gæðastýringu í ræktun og ræktaráætlanir og styrki og bætur þeim tengdum, s.s. tryggingabætur og styrki fyrir skóga, tún og endurheimt votlendis. Einnig styrkir kortlagning markað með land og að nýting lands sé í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga,“ segir Tryggvi sem dæmi.



Helmingur landsins ókortlagður

Þjóðlendum Íslands eru um 200 talsins og munu þær fullfrágengnar þekja tæplega 40 prósent af heildarflatarmáli Íslands. Flatarmál allra lóða á Íslandi, sem eru um 107.000 talsins og eru aðallega í þéttbýli, telja um 2,5–5 prósent af heildarflatarmálinu.

Það sem eftir er, meira en helmingur af heildarflatarmáli landsins, eru 7.828 jarðir í eigu 14.214 aðila. HMS hefur áætlað að flatarmál þeirra sé í kringum 56 þúsund ferkilómetrar en afmörkun þeirra er víðast hvar ókortlögð.

Ný áburðarverðskrá og ný vefsíða - aburdur.is

Við kynnum með stolti nýja vefsíðu fyrir sölu áburðar



GRÆÐIR
Fyrir íslenskan jarðveg

FÉ
FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.aburdur.is
aburdur@aburdur.is

BYD

Stærsta rafbílamerki í heimi

NÝR RAFMAGNAÐUR BYD TANG 4X4 JEPPI



TANG – Kraftur og fjölhæfni í hverju skrefi!

- Tang lofar afli: 517 hestöfl sem tryggja magnaða akstursupplifun.
- Tang fer með þig hvert sem er: Fjór hjóladrif (4x4) fyrir allar aðstæður.
- Tang rúmar fjölskylduna: Sjö sæti fyrir þægindi allra.
- Tang býður framúrskarandi drægni: 530 km skv. WLTP.

Kynntu þér Tang – bíllinn sem sameinar kraft og þægindi!

11.690.000 kr

Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) guðrunhulda@bondi.is – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Viðhorf

Matvælaráðuneytið lét framkvæma athyglisverða viðhorfskönnun meðal félagsmanna Bændasamtakanna seint á síðasta ári. Markmið ráðuneytisins var að afla upplýsinga um stöðu bænda og viðhorf þeirra til stuðningskerfis landbúnaðarins.

Bændur voru þar beðnir um að taka afstöðu til nokkurra spurninga sem tengjast búskapnum. Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að „tæpur fimmtingur svarenda“ bænda hafi svarað því til að þeir hefðu gert miklar breytingar á búrekstrinum til að draga úr umhverfis- og loftslagsáhrifum, en 36% svöruðu „í meðallagi“ og 44,8% svöruðu „fremur litlar“, „mjög litlar“ eða „engar“. Alls svöruðu 153 því til að þeir hefðu engar breytingar gert, þar af 25% garðyrkjubændur sem svöruðu (átta talsins) og 22,2% hrossaréktenda (tólf talsins). Skógarbændur voru þeir bændur sem töldu sig helst hafa gert mjög miklar breytingar. Skyldi engan undra.

Þeir bændur sem svöruðu því til að þeir hefðu gert miklar breytingar, 171 talsins, fengu svo spurninguna: Hvaða breytingar hefur þú gert? Þarna verður könnunin sérstaklega eftirtektarverð því í niðurstöðum hennar eru birt skrifleg svör bænda.

Í tilkynningu ráðuneytisins eru svörin dregin saman með því orðalagi að helstu aðgerðir sem bændur hafi gripið til séu m.a. minnkuð áburðarnotkun og notkun lífræns áburðar, skógrækt og landgræðsla, minni notkun jarðefnaeldsneytis, betri nýting

„... kemur í ljós að svör bænda eru sum ansi beinskeytt ...“

búfjáraburðar og skipulagsbreytingar til að auka sjálfbærni.

Þegar rennt er yfir umsagnir bændanna má sjá að ansi margir búfjárræktendur svara því til að þeir hafi aukið afurðir á hvern grip. Þarna er nefnilega raunhæfur og útreiknanlegur möguleiki til að draga úr loftslagsáhrifum og auka rekstrarhagkvæmni búa.

Meðal svarenda er bóndi sem segist hafa þrefaldað framleiðslugetu sína og annar sem segist hafa tvöfaldað afurðir

eftir hvern grip. Betri framlegð leiðir einmitt til minna kolefnisspors á hverja framleiðslueiningu. Bændur eru því talsvert ötulir við að grípa til þeirra aðgerða sem mælt er með. Þannig svara frekar margir þeirra því til að þeir stundi skógrækt. Allmargir segjast hafa minnkað plastnotkun og olíukostnað eða sparað áburð á túnin, bætt nýtingu búfjáraburðar og uppfært tækjakost. Einn bóndi segir einfaldlega „Engin lausaganga véla“.

Þegar rýnt er í niðurstöðurnar kemur í ljós að svör bænda eru sum ansi beinskeytt. Allmargir svara nefnilega svo að til þess að draga úr umhverfis- og loftslagsáhrifum hafi þeir einfaldlega hætt; hætt með kýrnar, hætt mjólkurframleiðslu, hætt sauðfjárbúskap, hætt nautaelði. Tveir segjast hreinlega hafa hætt búfjárræktun og farið yfir í ferðapjónustu.

Einn bóndi segir: „Hef endurnýjað allar nýjar dráttarvélar og keypt öll heyrinnslutæki sem eru ný og stærri, sem eykur afköst í heyskap verulega. Þetta ætti að minnka mengun mikið. Gæti gert enn betur með því að bjóða út allan heyskap, því þá menga ÉG ekkert, þetta sýnir fátalaleikann í kolefnissporinu eða útreikningi á því.“ Annar er á sama máli, segist hafa keypt nýjar dráttarvélar og stærri heyrinnslutæki. „Síðan kemur til greina að bjóða út heyskap, þá menga ég ekkert skv. loftslagsbókhaldinu.“

Sumum gæti þótt æskilegra að nálgast bændur með bærillegri lausnum en „skipulagsbreytingum“ á borð við útivistun heyskapa eða að bregða búi til að mæta umhverfis- og loftslagskröfum, en í öllu falli er forvitnilegt að heyra hug bænda.

Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.



Framleiðendur í ylrækt þurfa að mæta miklum kostnaðarhækkunum sem hafa komið fram á undanföllum mánuðum. Mynd / smh

Garðyrkjubændur bíða eftir útspili stjórnvalda

Miklar raforkuverðshækkanir á garðyrkjubændur í ylrækt nú um áramótin koma illa við garðyrkjubændur, að sögn Gunnlaugs Karlssonar, forstjóra Sölufélags garðyrkjumanna.

Gunnlaugur segir að raforkukostnaðurinn sé annar stærsti rekstrarþátturinn. „Miklar kostnaðarhækkanir komu fram í aðdragandanum að þessum raforkuhækkunum núna, þannig að þetta kom ekki á góðum tíma.

Greinin hefur verið að tæknivæða sig og hagræða og það hefur náðst mikill árangur á því sviði á undanföllum árum. Góð eftirspurn hefur verið eftir vörinni og bæði neytendur og kaupmenn hvetja garðyrkjubændur til að auka við ræktunina og svara þeirri eftirspurn. Hér er um að ræða vörur í hæsta gæðaflokki og skilyrði til ræktunar á Íslandi eru mjög hagstæð. Hreint vatn, engin varnarefni og ferskar afurðir beint á markaðinn daglega,“ segir Gunnlaugur.

Fordæmalausar verðhækkanir

„Fyrir var mikil ósanngirni í verðlagningu á dreifingu og nú sölu á rafmagni til margra aðila á almenna markaðnum, þar með talið garðyrkjubændur sem teljast ekki stórnotendur í skilningi laganna,“ heldur Gunnlaugur áfram.

„Það er hins vegar ekkert í starfsumhverfi raforkukerfisins sem kallar á þessar miklu hækkanir núna, en er einfaldlega afleiðing af breyttu kerfi þar sem salan á raforku til almenna markaðarins og þar af leiðandi garðyrkjubændur er komin á uppboðsmarkað. Vandinn er að Landsvirkjun er ekki lengur með verðskrá og selur ekki lengur beint til fyrirtækja sem þjóna almenna markaðnum á



Gunnlaugur Karlsson.

fyrirsjáanlegu föstu verði heldur í gegnum uppboðsmarkað. Þau smásölufyrirtæki sem þurfa viðbótarmagn til að mæta sveiflum á almenna markaðnum verða að mæta þeim með viðbótarkaupum á uppboðsmarkaði á öfyrirsjáanlegu verði. Þetta hefur gert það að verkum að allir aðilar í smásölu á rafmagni inn á almenna markaðinn hafa stökkbreytt sínum verðskráum með fordæmalausum hækkunum langt umfram það sem áður hefur sést sem kemur illa við öll heimili og fyrirtæki í landinu.“

Landsvirkjun getur mætt sveiflum almenna markaðarins

Spurður um hvað hann sjái fyrir sér sem mögulegar, sanngjarnar lausnir í stöðunni, segir Gunnlaugur að eini aðilinn sem geti mætt þessum sveiflum í notkun á almennum markaði sé Landsvirkjun. „Hún hefur Þórisvatnssvæðið og getur aukið eða minnkað aflíð, meðal annars í Búrfellsvirkjun, til að mæta þessum sveiflum. Aðrir sem framleiða rafmagn á Íslandi eru ekki í þeirri stöðu þar sem ekki er hægt að sveifla rafmagnsframleiðslu í

gufuafllsvirkjunum að neinu marki.

Það er auðvitað dapurleg staðreynd að við séum ekki með virka löggjöf eins og öll nágrannalöndin í kringum okkur um afhendingaröryggi á rafmagni til heimila og mikilvægra innviða í samfélaginu, eins og til flugvalla, spítala og matvælaframleiðslu. Það er því algjörlega undir stjórnvöldum komið að taka á þessum vanda öllum til hagsbóta.

Ég mæli með því að franska leiðin verði farin, þar sem fyrirsjáanlegt raforkuverð og afhendingaröryggi er tryggt til þess hluta markaðarins sem á að njóta forgangs.“

Gunnlaugur bendir á að það mætti taka strax til skoðunar hvort það magn sem Landsvirkjun getur sett inn á kerfið úr uppistöðulónunum ætti ekki í meira mæli að vera rafmagn til sveiflujöfnunar og þá getu markaðsaðilar lækkað verðið aftur.

„Ég hef trú á því að lausnin sem stjórnvöld vinni að sé tvíþætt; annars vegar að setja einhverja plástra á þetta ófremdarástand sem er í gangi og hins vegar að vinna að því til lengri tíma að koma lagi á raforkulögin þannig að hagsmunir mikilvægra innviða í landinu séu tryggðir; bæði í afhendingaröryggi og fyrirsjáanleika í verði.“

Vilja hafa verðið samkeppnishæft

Varðandi vöruverðshækkanir hjá garðyrkjubændum innan Sölufélags garðyrkjumanna nú í kjölfar mikilla hækkana um síðustu áramót, segir Gunnlaugur að það eigi eftir að koma endanlega í ljós, því aðkoma stjórnvalda geti skipt afar miklu máli.

„Óskastaðan er vitanlega sú að bændur geti áfram boðið ferskt íslenskt grænmeti inn á markaðinn á sem samkeppnishæfustu verði.“ /smh



Hágæða steinefna-blöndur í miklu úrvali

Heilbrigð dýr - Allra hagur





„Ég er ekki með neitt þannig,“ segir Sólveig Jóhannesdóttir Larsen.



„Nei, það er ég ekki með. Ég er ekki farinn að hugsa svo langt. Það var bara í fréttum í fyrradag þar sem var verið að hvetja til þess,“ segir Víkingur Kristjánsson.



„Nei. Ég kaupi alltaf til viku í einu,“ segir Rósa Ingibjörg Oddsdóttir.

Spurning dagsins:

Eru neyðarbirgðir á þínu heimili?

Stjórnvöld hafa tilkynnt að gefnar verði út leiðbeiningar innan tíðar um hvaða neyðarbirgðir skulu vera til á heimilum. Bændablaðið kannað hvort fólk á förnum vegi væri undirbúið fyrir almannavarnarástand.

Myndir og texti /ál



„Já, ég er með þetta allt. Mat, vatn og batterí. Þetta er eitthvað sem ég hef alltaf haft,“ segir Þórey Guðmundsdóttir.



„Ég er byrjaður að safna af því að ég er hræddur um að verðið hækki svo mikið. Ég er með pakkavörur,“ segir Guðmundur Þórir Sigurðsson.



„Já, ég er með mikið af matvælum, dósamat, batterí og vasaljós og stóran pott sem er hægt að nota undir vatn,“ segir Hilmar Högnason.



„Nei, ég er ekki með það. Ég held að ég sé ekki nógu bangin,“ segir Ásta Steingerður Geirsdóttir.



„Já, maður hefur alltaf eitthvað vatn, dósamat og þurrmat til öryggis. Þannig verður maður öruggari ef það kemur eitthvað upp á. Eins og ástandið er í heiminum getur allt skeð,“ segir Guðrún Sigríður Mattíasdóttir.



„Nei. Ég er ekkert búinn að spá í þetta, annað en það að maður á alltaf kjöt í frysti,“ segir Brynjar Þór Bjarnason.



„Já, lyf og vatn. Svo á ég dósamat,“ segir Andrea Kristín Ármannsdóttir.



„Það er einfalt: Nei,“ segir Nikulás S. Óskarsson.



„Nei, engar birgðir umfram það vanalega,“ segir Hamerabi Al Sayd Ali.

Vísnaðhornið

Ég tók við vísnaðettinum af skáldinu **Árna Jónssyni** sem býr í Eyjafirði. Til var alnafni hans f. 1760 og sá kallaður **Eyjafjarðarskáld**. Hann orti á manntalsþingi.

*Kýr er ein og kapaldróg
kúgildið og fjórar ær.
Ekki þætti öllum nóg
eigur við að bjargast þær.*

Óg í kaupstaðarferð orti hann:

*Þá er ég klár í þetta sinn
þó er skeppa lánuð
hressist við það hugur minn
hef ég frið í mánuð.*

Sagt er að Árni hafi komið að Bægisá og sagt við klerk:

*Hér er kominn á höltum klár
halur úr Eyjafirði
óttiginn og efnasmár
ekki mikils virði.*

Sveinn frá Elivogum var kunnur og ekki alltaf þrúður í tali.

*Lifðu aldrei ljúfa stund,
lögum kvalinn sértu,
fram í kaldan banablund
bölvun haldinn vertu.*

Systir Sveins átti börn með tveimur mönnum. Út frá því orti Sveinn margar vísur og er ein svona:

*Eg vil heyra andsvarsfull
og keyra í mæðarletur.
Hvor er meira kvennagull
Kúa-Geiri eða Hlöðu-Pétur?*

Úr minningarkvæði um Svein sem **Hjálmar Þorsteinsson** frá Hofi orti, eru þessar stökur:

*Áttir hvassa yfirsýn,
aftur misjöfn launin,
hnitmiðuðu högginn þín
hittu rétt á kaunin.*

*Lífs í erjum úti hér
oft á gatnamótum
hefir eflaust ungum þér
orðið kalt á fótum*

*Geymast lengi gullin hans,
gróður í andans haga,
Elivoga útlagans,
eins af sonum Braga.*

Hjálmar var kunnur hagyrðingur á sinni tíð og orti þessar snilldar stökur.

*Blöðin frjósa og falla á
fölván rósaþeðinn.
Stafa ljósin stjörnum frá
stirnir í ósinn freðinn.*

*Aftan lág er sól að sjá,
sveipar tá og voga;
freðin stráin stirnir á
stjörnu bláum loga.*

Sigurdór Sigurdórs var blaðamaður og vísnaðgrúskari. Hann orti þegar klerkar á kirkjuþingi ræddu hvenær úrskurða ætti mann látinn:

*Klerkar vita hvorki né
hvort það muni standast
að dauður maður dauður sé
daginn sem hann andast.*

Þar var líka rétt um krufningar og Mogginn sagði þannig frá að prestar hefðu haldið fram að ekki ætti að kryfja, nema með samþykki hins látna.

*Á kirkjuþingi klerkar segja,
krufningu því háða,
að læknar verði látir þegja
en líkin fái að ráða.*

Sigurdór orti þegar sagt var frá vínkaupum handhafa forsetavalds, þ.e. forseta Hæstaréttar, um árið:

*Fjórtán hundruð flöskutetur,
fékk hann sér og ekki létar.
Skyndilega skil ég betur
skrítna dóma Hæstaréttar.*

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com



Sala á hrossakjöti jókst um 8,5 prósent.

Mynd / Spenser Sembrat

Framleiðsla og sala á hrossakjöti jókst mest

Mikil aukning var í framleiðslu og sölu á hrossakjöti og svínakjöti á síðasta ári miðað við árið 2023.

Samkvæmt gögnum á Mælaborði landbúnaðarins jókst framleiðsla hrossakjöts mest allra kjötframleiðslugreina, eða um 9,7 prósent og salan jókst um 8,5 prósent. Framleiðsla á svínakjöti jókst um 8,7 prósent og salan um 8,5 prósent.

Áframhaldandi vöxtur í framleiðslu alifuglakjöts

Áfram heldur vöxturinn í framleiðslu á alifuglakjöti, en þar hefur stöðugur vöxtur verið frá 2020 og árið 2022 urðu þau tímamót að sú framleiðsla varð meiri en kindakjötsframleiðslan. Sala á alifuglakjöti hefur þó í allnokkur skipti farið fram úr sölu kindakjöts.

Framleiðsla alifuglakjöts fór á síðasta ári í fyrsta skiptið yfir 10 þúsund tonn, nánar tiltekið 10.149 tonn, og var aukningin á milli ára fimm prósent. Salan var einnig góð og jókst um 2,5 prósent frá 2023. Ófug þróun hefur verið á undanförunum árum í framleiðslu kindakjöts og

dregið jafnt og þétt úr henni frá 2017 þegar framleidd voru 10.620 tonn. Á síðasta ári var framleiðslumagnið komið niður í tæp átta þúsund tonn og var samdrátturinn 0,5 prósent frá fyrra ári. Sala á kindakjöti dróst saman um 3,5 prósent.

Nautakjötsframleiðslan var svipuð á milli árána, minnkar um 0,5 prósent. Salan jókst hins vegar um 1,8 prósent. Heildarkjötsframleiðsla jókst um 2,2 prósent og vöxtur í sölu kjötvara var 2,5 prósent.

Samdráttur í innflutning

Mikill samdráttur var í innflutningi á alifuglakjöti, eða 49 prósent, og voru flutt inn 119 tonn í fyrra samanborið við 234 tonn árið 2023. Um 1.991 tonn var flutt inn af svínakjöti á síðasta ári, sem er um 14 prósent minna magn en árið á undan, og 2.096 tonn af nautgripakjöti, sem er fimm prósent minna magn en á árinu 2023.

Sem fyrr var ekkert flutt inn af hrossakjöti á síðasta ári og einungis voru 33,4 tonn flutt inn af kindakjöti.

/smh

Próun kjötframleiðslu, - sölu og innflutnings á síðustu þremur árum

	2022	2023	2024
Alifuglaframleiðsla	9.502	9.663	10.149
Alifuglasala:	9.226	9.497	9.732
Innflutningur	2.882	234,2	119,5
Hrossakjötsframleiðsla	951,2	895,7	982,2
Hrossakjötsala:	570,8	902,8	688,1
Kindakjötsframleiðsla	8.665	8.404	7.983
Kindakjötsala:	7.145	6.507	6.282
Innflutningur:	24,33	33,34	33,44
Nautgripakjöt	4.948	4.886	4.860
Sala	4.941	4.803	4.892
Innflutningur	1.474	2.206	2.096
Svínakjöt	6.369	6.215	6.756
Sala	6.368	6.214	6.756
Innflutningur	2.176	2.298	1.991

Magn í tonnum



Jarðir landsins eru 7.828 talsins, en þær eru afar ólíkar að stærð eftir legu og staðsetningu.

Mynd / ghp

Jarðnæði:

Ratcliffe er fjórði stærsti landeigandi Íslands

– Sveitarfélög eiga fleiri jarðir en ríkissjóður

Hægt er að fá vísbendingar um eignasöfnun einstakra aðila á landi út frá landeignaskrá. Alls eiga 24 aðilar eignarhluti í fimm eða fleiri jörðum á Íslandi.

Afmörkun jarða á Íslandi er víðast hvar ókortlögð en Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur áætlað út frá skráningu lóða og úrskurðum þjóðlendna að heildarflatarmál allra jarða á Íslandi sé í kringum 56 þúsund ferkílómetrar, eða um 55 prósent af heildarflatarmáli Íslands.

Jarðirnar eru 7.828 talsins. Jarðir eru misstórar eftir landshlutum og jafnvel innan landshluta. „Jarðir eru mjög ólíkar að stærð eftir legu og staðsetningu. Yfirleitt eru þær minni á láglandi og nálægt sjávarsíðunni en stækka svo inn til landsins. Þetta er í réttu hlutfalli við nýtingarmöguleika jarðanna til framfærslu eins og tíðkaðist fyrr á tímum. Sumir þurfa tíu jarðir til að reka meðalbú í dag. Sextíu hektara jörð sem dugði fjölskyldu til framfærslu fyrir hundrað árum myndi aldrei duga í dag. Því er betra að skoða þetta út frá stærð landa,“ segir Tryggvi Már Ingvarsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs HMS.

Stærstu jarðir Íslands eru í kringum Mývatns- og Möðrudalsöræfi og nema þær stærstu tugum þúsunda hektara. Við sjávarsíðuna eru jarðir oftast minni enda nýttu bændur sér þá sjávarfangið til móts við landbúnað til framfærslu.

Eigendur jarða eru 14.214 talsins, bæði einstaklingar og fyrirtæki, samkvæmt upplýsingum HMS. Tæplega tveir þriðju þessara jarða eru í eigu fyrirtækja, sveitarfélaga, ríkissjóðs og þjóðkirkju. Þá á 671 látinn einstaklingur tvö prósent af jarðnæði landsins.

Opinberir aðilar og auðkýfingar fimm stærstu jarðareigendurnir

Bændablaðið óskaði eftir upplýsingum um stærstu jarðareigendur landsins. Ekki er hægt að fá slíkar upplýsingar í fjölda hektara af landi þar sem afmörkun jarða er víðast hvar ókortlögð. Hins vegar gefur fjöldi eignarhluta og fjöldi jarða ákveðnar vísbendingar.

Sveitarfélög eru stærstu eigendur jarða á Íslandi, en þau eiga tæpa 387

Eigendur fimm jarða eða fleiri

Eigandi	Eignarhlutur	Fjöldi jarða
Sveitarfélög	386,9	402
Ríkissjóður	385,5	388
Þjóðkirkjan	35,0	35
Sólarsalir ehf.	26,0	29
Fljótabakki ehf.	12,0	12
Ingibjörg Eyþórsdóttir	9	9
FEK ehf.	8,0	8
Kaupfélag Skagfirðinga	7,0	9
Landsvirkjun	6,5	7
Blomstra ehf.	6,3	7
Lýsi hf.	6,0	8
Brimgarðar ehf.	6,0	6
Miðhraun ehf.	6,0	6
Magnús Pétursson	6,0	7
Jón Gíslason	5,9	9
Rarik ohf.	5,6	6
Heiðarlax ehf.	5,5	6
Sæmundur B. Ágústsson	5,3	7
Orkuveita Reykjavíkur	5,0	5
Vigdís Þórarinsdóttir	5,0	5
Valgerður Valsdóttir	5,0	5
Norðurorka hf.	5,0	5
B. Pálsson ehf.	5,0	5
Stjórnumót ehf.	5,0	5

Heimild / HMS

eignarhluti í 402 jörðum. Ríkissjóður er næststærsti jarðareigandi landsins, en hann á 385,5 hluti í 388 jörðum.

Til skýringar þá telst aðili eiga hálfan eignarhlut ef hann á helming í jörð. Ef hann á svo helming í annari jörð til er eignasafn hans komið í samtals einn eignarhlut í tveim jörðum. Einstaklingar geta einnig átt í jörðum í gegnum eignarhlut í lögaðila, jafnvel fleiri en einum.

Þjóðkirkjan er þriðji stærsti jarðareigandi landsins með 35 jarðir í sinni eigu. Fjórði stærsti landeigandi Íslands er fyrirtækið Sólarsalir ehf. en eignarhald þess má rekja til auðkýfingsins James Ratcliffe. Fyrirtækið á 26 eignarhluti í 29 jörðum. Þar á eftir kemur fyrirtækið Fljótabakki ehf. sem á 12 jarðir. Eignarhald þess má rekja til bandaríska bankamannsins Chad R. Pike. Sá er stofnandi ferðaþjónustufyrirtækisins Eleven Experience, sem á m.a. lúxushótelíð Deplar Farm í Fljótu.

Fjöldi jarða segir ekki alla söguna

Sá íslenski einstaklingur sem á flestar jarðir er Ingibjörg Eyþórsdóttir en

hún er skráður eigandi níu jarða. Það eru jörðin Kaldadarnes í Arborg og litlar hjáleigur hennar sem allar eru eyðijarðir.

Þannig segir fjöldi jarða alls ekki alla söguna og því segir Tryggvi Már mikilvægt að ná utan um eignarmörk jarða með kortlagningu, til að draga fram stærð landsvæðis. Enda liggja fyrir í lögum takmarkanir ef eigandi á í fasteignum sem samanlagt ná yfir 1.500 hektara eða meira að stærð, og að almennt megi einstaklingar eða tengdir aðilar ekki eiga eignir sem eru samanlagt yfir 10.000 hektara eða meira að stærð.

FEK ehf. á átta jarðir en fyrirtækið er fasteignafélag sem rekur og leigir út fasteignir og jarðir í búrekstri. Félagið er í eigu sömu fjölskyldu og á Stjórnumgrís.

Næst á lista yfir þá aðila sem eiga flestar jarðir á landinu koma Kaupfélag Skagfirðinga, sem á sjö eignarhluti í níu jörðum, og Landsvirkjun, sem á í sjö jörðum. Þá kemur fyrirtækið Blomstra ehf. sem á skráða eignarhluti í sjö jörðum en fyrirtækið er í eigu félagsins Íslenska útflutningsmiðstöðin ehf. í eigu fedganna Yngva Óttarssonar og Óttars Yngvasonar. /ghp

GLUGGA GERÐIN

Við hjá Gluggagerðinni sérhæfum okkur í gluggum og útihurðum. Erum með innlenda framleiðslu og innflutning frá HCTC í Litháen.

Gluggagerðin fjölskyldufyrirtæki í 30 ár!

HCTC

566-6630 • www.gluggagerdin.is • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Styrkir til skóg- ræktar



Milljón plöntur

Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.

Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is



Nýmörk



POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996
VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.



Bændur í Flóahreppi og Skagafirði eru ósáttir við fyrirkomulag nýlegrar gjaldtöku vegna söfnunar dýrahraja.

Mynd / smh

Úrgangsmál:

Deilt um gjaldtöku vegna meðhöndlunar á dýrahraejum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Fyrir áramót búrast tvö mál inn á borð lögfræðinga Bændasamtaka Íslands þar sem bændur leituðu ráða í tengslum við nýlega gjaldtöku sveitarfélaga vegna söfnunar og förgunar á dýrahraejum.

Um tvö býli er að ræða; annað er kúabúið Vaglar í Skagafirði en hitt er Lambastaðir í Flóahreppi. Bændurnir eru ósáttir við gjaldtökuna, sem þeir telja óréttmæta og illa útfærða.

Ný gjaldtaka í Flóahreppi

„Það hefur staðið gámur hér í nokkur ár sem ætlaður er undir dýrahrae og í bréfi sem við fengum í nóvember kom fram að það kostaði um sex milljónir króna á ári að reka söfnunargáma sveitarfélagsins og þeim kostnaði þyrfti að dreifa á alla eigendur bújarða sem eru með skráðan

bústofn samkvæmt haustskýrslum frá matvælaráðuneytinu,“ segir Svanhvít Hermansdóttir á Lambastöðum.

„Við fengum reikning í heima-bankann í byrjun desember þar sem við erum rúkkud um 50 þúsund krónur fyrir þessa þjónustu. Við veltum því fyrir okkur af hverju Flóahreppur hafi tekið mið af haustskýrslum ráðuneytisins fyrir 2023 til 2024 í stað þess að bíða eftir nýjum skýrslum um búfjárhald sem voru rétt ókomnar. Núna erum við aðeins með 28 kindur hérna og tvö hross og samt fengum við 50 þúsund. Ef það hefur verið tilgangur Flóahrepps með gjaldtöku þessari að þeir greiði sem nota, mistókst það algjörlega. Í fylgibréfi með rukkuninni frá Flóahreppi kemur fram að enginn búfjáreigandi greiði meira en 140 þúsund í þetta dýraleifaförgunargjald. Sem þýðir að smábændur eru að greiða niður förgunarkostnaðinn fyrir stórbændur.“

Að sögn Svanhvítar vildu þau ekki kyngja þessu og leituðu

annarra leiða, enda kom fram í bréfi Flóahrepps, þar sem fyrirkomulagið er útskýrt, að ef hægt sé að sýna fram á að búið sjálft myndi sjá um löglega afsetningu eða förgun sinna dýrahraja þá væri hægt að sækja um að fá gjaldið fellt niður. „Á Selfossi bauðst okkur svo að losa okkur við dýrahrae á rúmar 50 krónur á kíló, hjá Gámafélaginu. Rollan er um 70 kíló og með því að fara með hræið af rollunni í Gámafélagið myndum við borga um 3.800 krónur, fyrir utan virðisaukaskatt. Sem þýðir að það þurfa 13 rollur að drepa á hverju ári á Lambastöðum til að ná þessari 50 þúsund króna upphæð, ef miðað er við verðskrá Gámafélagsins án virðisaukaskattsins.“

Eftir að ábendingar búrast Bændasamtökunum kannaði lögfræðingur þeirra málið og í kjölfarið var bændunum ráðlagt að kvarta til umboðsmanns Alþingis sem myndi birta álit á því hvort þessi gjaldtaka væri heimil samkvæmt lögum. „Þegar við létum sveitarstjóra vita af þessum betri kjörum hjá Gámafélaginu og vorum farin að tala um að senda erindi til umboðsmanns Alþingis, þá var gjaldið á okkur hins vegar snarlega lækkað niður í fimm þúsund krónur. Nú verður spennandi að sjá hvaða gjald verður lagt á okkur fyrir þetta ár sem okkur var sagt að yrði í byrjun ársins,“ bætir Svanhvít við.

Fast gjald, sama hvort hann missir gripí eða ekki

Gísl Björn Gíslason, kúabóndi á Vöglum í Skagafirði, segist hafa verið ósáttur við þessa gjaldtöku sveitarfélagsins frá því hún hófst árið 2023. Áður hafi bændur greitt fast verð fyrir þá gripí sem þyrfti að losna við.

„Með þessu nýja kerfi er búið að ákveða að ég greiði fast gjald á hverja kú og lægra fyrir geldneyti og kálfa. Þannig er fengin upphæð sem ég á að greiða, sama hvort ég missi gripí eða ekki. Árið 2023 var gjaldið 97.820 krónur, á síðasta ári 88.067 krónur, en í ár verður gjaldið 165.110 krónur og

þó hefur gripum ekki fjölgað heldur hefur gjald á grip verið hækkað,“ segir Gísl.

Mun ódýrari lausn í boði

„Mér stendur til boða að losna við allar dýraleifar á mun ódýrari hátt með því að semja beint við förgunarfyrirtæki en er þá bundinn af þessu gjaldi sem sveitarfélagið skikkar mann til að greiða óháð notkun,“ heldur Gísl áfram.

„Ég tel að frelsi til að stjórna eigin viðskiptum séu mannréttindi og ef betri kjör bjóðast þá megi ekki koma í veg fyrir að maður geti nýtt sér þau. Annaðhvort túlka menn lögin ranglega eða þá að lögin eru ólög og þess vegna hef ég ákveðið að kvarta til umboðsmanns Alþingis til að fá úr því skorið hvort frelsi mitt til viðskipta sé til staðar,“ segir Gísl enn fremur.

Bændur ættu að geta valið sér hagstæðari leið

Í svari Jóhannesar Bjarka Urbancic Tómassonar hjá Umhverfis- og orkustofnun, við fyrirspurn um valdheimildir sveitarfélaga í þessum málum, kemur fram að sveitarstjórn ákveði fyrirkomulag söfnunar á úrgangi í sveitarfélaginu. „Hún heilmild í lögum um meðhöndlun úrgangs númer 55/2003 til að kveða á um hvernig skuli staðið að söfnun á dýraleifum og dýrahraejum. Sveitarstjórn fjallar um fyrirkomulag og framtíðartilhögun úrgangsmála á sínu svæði í svæðisáætlun sinni og útfærir nánari ákvæði í samþykkt um meðhöndlun úrgangs og í gjaldskrá sveitarfélagsins.“

Í tilviki Flóahrepps þá innheimtir sveitarfélagið gjald samkvæmt 4. grein gjaldskrár sinnar fyrir miðlæga söfnun dýrahraja en einnig er hægt að skila dýraleifum eða dýrahraejum beint á söfnunarstöðina í Hrísamýri og greiða gjald samkvæmt gjaldskrá söfnunarstöðvarinnar. Í 8. grein samþykktar sveitarfélagsins er tilgreint að semja má við þjónustuverktaka eða þjónustuaðila

um ílát og þjónustu fyrir rekstrarúrgang, en það er sá flokkur sem dýraleifar og dýrahrae falla undir. Sveitarfélagið stefnir svo að því að byggja upp brennslustöð sem getur tekið á móti dýraleifum og dýrahraejum í samstarfi við aðrar sveitarstjórni. Bændur í Flóahreppi ættu því að geta valið sér hagstæðari leið til endurvinnslu eða förgunar á sínum úrgangi, en sú leið þarf auðvitað alltaf að uppfylla þær ströngu kröfur sem gerðar eru til meðhöndlunar á áhættuúrgangi sem flestar dýraleifar og dýrahrae eru.“

Skagfirskir bændur geta ekki samið sig frá gjaldinu

Varðandi Skagafjörðinn segir Jóhannes að kveðið sé á um það í 7. gr. samþykktar sveitarfélagsins að dýraleifar séu sóttar og í 2. grein gjaldskrárinnar er tilgreint að ætlast sé til að býli með umfangsmikla sláturstarfsemi semji beint við þjónustuaðila. „Þar fyrir utan er ekki fjallað um undantekningar frá þeirri reglu að dýraleifar skuli sóttar heim á bæ og að bændur greiði gjald fyrir það. Í svæðisáætlun sveitarfélagsins er lagt kapp á að útrýma urðun dýraleifa og dýrahraja og framleiða í staðinn eins verðmæta vöru og mögulegt er. Bæði samþykkt og gjaldskrá sveitarfélagsins eru í samræmi við það og ég get ekki séð að bændum sé heimilt að semja sig frá því gjaldi sem sveitarfélagið leggur á þá vegna meðhöndlunar dýraleifa og dýrahraja.“

Bændur í öðrum sveitarfélögum geta kannað hvernig staðið er að þessum málum í þeirra sveitarfélagi með því að skoða gjaldskrá og samþykkt sveitarfélagsins sem hvort tveggja er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem flest sveitarfélög hafa sett sér í samfloti við önnur sveitarfélög má sjá hvaða framtíðarhugmyndir sveitarfélagið hefur í úrgangsmálum,“ segir Jóhannes.

Hann bendir á að hægt sé að lesa meira um svæðisáætlanir á vefnum úrgangur.is. ■

Ráðgjöf um starfsmannamál og kjarasamninga

- Túlkun kjarasamninga og lagareglna
- Ráðgjöf um réttindi og skyldur starfsfólks og vinnuveitenda
- Ráðgjöf við gerð og slit ráðningarsamninga
- Ráðgjöf um laun, orlof, veikindarétt, vinnutíma og önnur kjör
- Stuðningur í ágreiningsmálum á vinnustað

GD
GOTT & GILT

825 8528
695 8891
www.gottoggilt.is

can-am®

ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN ER LENT!



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Ærlæri. Tvö verkefni fjalla um vöruþróun og fullnýtingu á ærkjöti.

Mynd / Icelandic Lamb

Icelandic Lamb:

Sjö verkefni um aukið virði sauðfjárafurða

Kennslutól fyrir skólabörn, vöruþróun ærkjöts og sauðaosta og markaðssetning á sápum eru meðal verkefna sem hlutu stuðning úr markaðssjóði sauðfjárafurða árið 2024.

Fram kemur í tilkynningu frá Icelandic lamb að sjö verkefni hafi hlotið stuðning en ellefu umsóknir bárust sjóðnum frá nýu umsækjendum.

Eftirfarandi verkefni hlutu styrk:

Austan Vatna. Umsókn um fullnýtingu ærkjöts í eigin heimavinnslu seldar í gegnum veisluþjónustu framleiðenda og í smásölu.

Fine Foods. Umsókn um vöruþróun þar sem ærkjöt og þang mætast í einni og sömu vörunni sem þoli geymslu við stofuhita.

Sýðra-Holt. Sauðaostafurleiddsla þar sem þegar er stunduð ræktun grænmetis og matvælaframleiðsla.

Fjár-sjóður. Um miðlun fróðleiks til skólabarna um íslenskan landbúnað. Markmið að fræða börn

um sérstöðu íslensks landbúnaðar á skilvirkan hátt á grunni núverandi skólakerfis – án þess að krefjast mikillar fyrirhafnar kennarans eða mikils fjármagns frá skólum.

Riduvarnir.is. Upplýsingar um riðu og varnir gegn henni frá hinum ýmsu stofnunum teknar saman til birtingar á einni heimasíðu sem uppfærast í takt við nýjar upplýsingar.

Sillukot – Sælusápur. Markaðssetning á nýjum fljótandi og föstum hand- og líkamssápum sem eru framleiddar úr kindatölg til að koma nýjum afurðum úr kindatölg á markað.

Úr sveitinni. Markmið verkefnisins er að skapa aukinn virðisauka úr verðlitlu ærkjöti, skjóta þannig styrkari stöðum undir tekjuöflun og bæta afkomu framleiðslu umsækjanda.

Markaðssjóður sauðfjárafurða er vistaður hjá Icelandic Lamb og starfar samkvæmt samningi um „aukið virði sauðfjárafurða“ við matvælaráðuneytið. Sjóðurinn úthlutar 10 milljónum króna árlega.

/ghp

Umarsan hjólhýsin eru heil-steyp, úr trefjaplasi, tvöföld með frauð á milli. Engin samskeyti og henta því vel við Íslenskar aðstæður. Gott litaúrval að innan og utan. 4 stærðir, sýningarvagn á staðnum. Nánari upplýsingar á www.svansson.is



Svansson ehf

Melabraut 19, Hafnarfirði s. 697-4900
sala@svansson.is

Skráið smáauglýsingar á www.bbl.is

Búðardalur:

Sóknarhugur er í Dalamönnum

Í Búðardal er fyrirhugað að reisa atvinnuhúsnæði með allt að 150 milljónum króna stuðningi Byggðastofnunar, en viðvarandi skortur hefur verið þar í slíkum fjárfestingum sem hefur hamlað framþróun í byggðarlaginu.

Uppbyggingaráformin eru hluti af samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og Fjárfestingafélagsins Hvamms. „Byggðastofnun og Dalabyggð hafa nú undirritað viljayfirlýsingu þess efnis að Byggðastofnun muni leggja til þetta fjármagn í verkefnið og Dalabyggð muni leggja til lóð, teikningar, gatnagerð og lagnir að lóð þar sem atvinnuhúsnæði mun rísa,“ segir Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri í Dalabyggð.

Fyrirmynd að öðrum sambærilegum verkefnum

Hann segir að um tilraunaverkefni sé að ræða. „Við erum að leita að samstarfsaðilum sem vilja koma inn sem fjárfestar í verkefninu, byggingaraðilum sem jafnframt hafa áhuga á því að fjárfesta í verkefninu eða kaupendum á eignarhlut í húsnæðinu.

Það er verulega ánægjulegt að fá þessa sterku aðkomu Byggðastofnunar að þessu verkefni okkar í Dalabyggð og ég er handviss um að þetta verkefni, ef vel tekst til, verði fyrirmynd að sambærilegum verkefnum hringinn í kringum landið þar sem aðstæður eru viðlíka og hjá okkur í Dölum þar sem skortur hefur verið undanfarin ár í innviðaupbyggingu,“ segir Björn Bjarki.

Þátttaka í Brothættum byggðum

Á undanförunum misserum hefur sveitarfélagið háð harða varnarbaráttu til að sporna við mikilli fækkun íbúa sem varð á árabílinu 1998 allt fram til 2021 en á því tímabilinu fækkaði íbúum úr 833 niður í 607. Íbúafjöldi nú í Dalabyggð er um 660.

Búðardalur er eini þéttbýliskjarninn í sveitarfélaginu, en þar búa 38,5 prósent íbúanna. Í dreifbýlinu er stundaður öflugur landbúnaður og er sauðfjárrækt þar helsta greinin. Meira en 80 sauðfjárbú eru í sveitarfélaginu og þar eru nokkur af stærstu búum landsins.

Ársreikningar:

Tvöfaldur hagnaður kjötvinnslu í eigu KS

Kjötvinnslan Esja gæðafæði nær tvöfaldaði hagnað sinn milli árána 2022 og 2023.

Hagnaður fyrirtækisins var 290 milljónir króna í fyrra, samanborið við tæpar 146 milljónir króna árið 2022 og hefur afkoma þess aldrei verið betri. Tekjur ársins 2023 námu 5,5 milljörðum króna og jukust um 1,2 milljarða milli ára.

Samkvæmt ársreikningnum var kostnaðarverð seldra vara um 3,9 milljarðar króna en var tæplega 3,2 milljarðar árið áður. Eigið fé félagsins hefur einnig aukist töluvert, nam í árslok um 765 milljónir króna en var tæpar 473 milljónir í árslok 2022.

Aukin umsvif

Í skýrslu ársreikningsins segir að umsvif fyrirtækisins hafi aukist samanborið við fyrra ár en starfsmannafjöldi var sambærilegur milli ára þó samsetning starfsmanna sé fjölbreyttari. Í lok árs störfuðu 66 starfsmenn þar í 74 stöðugildum. Fólksfjöldun á höfuðborgarsvæðinu hafi haft jákvæð áhrif á reksturinn en jarðhræringar á Reykjanesi og áhrif þeirra á ferðaþjónustu hafi sett strík í reikninginn í lok árs.

Esja gæðafæði á rætur sínar að rekja til kjötvinnslu Sigurðar sem tók til starfa árið 1989 samkvæmt vef fyrirtækisins en hefur verið rekið undir núverandi heiti frá ársbyrjun 2011. Fyrirtækið er hluti af samstæðu Kaupfélags Skagfirðinga og er staðsett í Bitruhálsi í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í rekstri allhliða kjötvinnslu og framleiðslu á tilbúnum réttum samkvæmt ársreikningi. Framkvæmdastjóri þess er Hinrik Ingi Guðbjargarson.



Búðardalur í Dalabyggð, þar sem um 38,5 prósent íbúa sveitarfélagsins búa.



Fulltrúar Dalabyggðar, Byggðastofnunar og Fjárfestingafélagsins Hvamms skoða svæðið þar sem fyrirhugað er að reisa húsnæði viðbragðsaðila og atvinnuhúsnæði.

Myndir / Aðsendar

Þátttaka í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, sem hófst á fyrri hluta árs 2022, hefur hleypt meira lífi í dreifbýlið, en það gengur undir heitinu DalaAuður.

Uppbygging í gangi

Að sögn Björns Bjarka er mikill sóknarhugur og metnaður í samfélaginu í Dölum. „Nú er til skoðunar, auk uppbyggingar atvinnuhúsnæðis, að koma af stað uppbyggingu húsnæðis fyrir viðbragðsaðila, slökkvilið, sjúkubíla og lögreglu – sem eru í raun

húsnæðislausir í dag – ásamt björgunarsveit, slysavarnadeild og Rauða krossinn. Þarna gætu verið áhugaverðir samnýtingarkostir og samlegðaráhrif.

Þessi verkefni eru verulega jákvæð viðbót við verkefni sem eru í gangi, en verið er að byggja ný íþróttamannvirki og nú er að fara af stað bygging íbúða sem býið er að úthluta lóðum fyrir.

Í mínum huga er það í raun mikill heiður að fá tækifæri til að koma að þessum uppbyggingarverkefnum öllum sem um ræðir sem hafa farið af stað á undanförunum misserum og eru í farvatninu.“

/smh



Afkoma kjötvinnslunnar Esju gæðafæði hefur aldrei verið betri.

Mynd / David Foodphotolast

Mikil eftirspurn

Í ársreikningnum er sagt að rekstrarhorfur ársins 2024 séu góðar og eftirspurn eftir vörum félagsins sé mikil. „Fyrirtækið er bæði á smásölumarkaði og stóreldhúsmarkaði og þessar tvær stöðir félagsins stuðla að dreifðri áhættu og renna styrkjum stöðum undir reksturinn.“

Árið 2023 ályktaði aðalfundur Kaupfélags Skagfirðinga að félagið og dótturfélag ættu ekki að flytja inn landbúnaðarvörur. Esja gæðafæði hafði þá um árabíl tekið þátt í tilboðsmarkaði á tollkvótum á landbúnaðarurðum en hætti því. Fyrirtækið vinnur þó enn vörur úr innlendu og erlendu kjöti og hefur innflutningsfyrirtækið Háihólmi verið nefnt sem mögulegur milliliður fyrirtækisins í innflutningi á kjöti. Árið 2024 færðist rekstur Sláturhússins á Hellu undir kennitölu Esju gæðafæðis.

/ghp



Tryggjum ánægðustu viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni 8 ár í röð



Íslenska ánægjuvogin mælir og verðlaunar þau fyrirtæki sem skara fram úr í ánægju á sínum markaði

Sjóvá | sjova.is | 440 2000 | sjova@sjova.is

SJÓVÁ



Heimskautarefur. Fuglaflensa fannst fyrir skömmu í ref í Skagafirði.

Mynd / Pixabay

Fuglainflúensa:

Sýktur refur í Skagafirði

Íbúi í Skagafirði varð var við veikan ref og reyndist dýrið með fuglaflensu.

Um mánaðamótin bárust Matvælastofnun niðurstöður rannsókna Tilraunastöðvar HÍ að Keldum á sýnum sem tekin voru úr refi sem aflífaður var í Skagafirði skömmu áður. Segir í tilkynningu Mast að íbúi hafi séð refinn og tekið eftir að hann væri augljóslega veikur; mjög slappur, hreyfði sig lítið og var valtur á fótunum. Tilkynnt var um refinn til Matvælastofnunar, reyndar refaskyttur fengnar til að aflífa hann og hræið sent til rannsókna á Keldum. Greindist hann með fuglainflúensu af gerðinni H5N5.

Tilkynningum um fugla fækkað

Í ljósi þessa vill Matvælastofnun biðja fólk að vera líka vakandi fyrir sjúkdómseinkennum eða óeðlilegri hegðun í refum og senda stofnuninni tilkynningu ef það verður vart við veika eða dauða refi. Bent er á að fleiri spendýr, svo sem rottur og

mýs, geti smitast af fuglainflúensu, þótt veiran hafi ekki greinst hingað til í þessum dýrategundum hér á landi.

Tilkynningum sem berast Matvælastofnun um dauða og veika villta fugla hefur fækkað. Fuglainflúensa hefur ekki greinst í heim sýnum úr fuglum sem rannsökuð hafa verið alveg nýlega.

Segja forsvarsmenn Mast ekki tímabært að álykta að sýking í villtum fuglum sé í rénun og biður fólk að vera áfram vakandi fyrir sjúkdómseinkennum í fuglum og að tilkynna stofnuninni um veika og dauða fugla sem það sér.

Enn smithætta í köttum og hundum

Jafnframt er tiltekið að smithætta sé enn til staðar í köttum og hundum og því æskilegt að eigendur þeirra reyni áfram að koma í veg fyrir að dýr þeirra fari í veika eða dauða villta fugla eða spendýr.

Á vefnum mast.is má finna mælaborð um fuglainflúensu. /sá



Bændur græða landið

Land og skógur auglýsir eftir þátttakendum í verkefninu bændur græða landið

Tilgangur verkefnisins er að styrkja eigendur og ábúendur lögbýla til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, endurheimta vistkerfi og hjálpa landeigendum að stuðla að sjálfbærri landnýtingu með leiðbeiningum og viðmiðum. Styrkur felst í ráðgjöf, fræi, kaupum á tilbúnum áburði og dreifingu á lífrænum áburði.

Opið er fyrir nýjar umsóknir allt árið en til að tryggja þátttöku nýrra aðila fyrir sumarið 2025 þarf að sækja um fyrir 25. febrúar n.k.

Nánari upplýsingar og umsóknarform á landogskogur.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og ráðgjöf hjá héraðsfulltrúum.

bg@landogskogur.is
S. 488-3000



Land og skógur

Bændablaðið kemur næst út
20. febrúar

Bændasamtökin :

Fundir og þing á næsta leiti

Allar búgreinar innan Bændasamtaka Íslands halda sína deildafundi 27. febrúar á Hilton Reykjavík Nordica.

Á deildafundum, sem áður voru haldnir á sérstöku Búgreinapíngi, er stefna næsta árs mörkuð fyrir hverja og eina deild og jafnframt í flestum tilvikum kosid í stjórnir deildanna.

Öllum heimilt að senda inn tillögur

Áð sögn Guðrúnar Bjargar Egilsdóttur, sérfræðings hjá Bændasamtökum Íslands, er mikilvægi fundanna mikið þar sem á þeim er ákveðið hvaða málefnum verður unnið að næstu árin. „Öllum félagsmönnum er heimilt að senda inn tillögur inn í málefnaáráð og eiga þar með möguleika á að hafa áhrif á starf deildarinnar næsta árið.“

Búnaðarþing er svo haldið í kjölfarið 20. og 21. mars á Hótel Natura. Segja má að deildafundir marki stefnu deildanna, og málefnum þar oftast vísað til stjórnar viðkomandi deildar, en Búnaðarþing marki stefnu samtakanna. Áð sögn Guðrúnar geta deildarfundir þó ákveðið að vísa ákveðnum málefnum áfram til stjórnar Bændasamtakanna og inn á Búnaðarþing. Þá sé helst um að ræða málefni sem eiga við landbúnaðinn í heild. Þá séu búnaðarþingsfulltrúar deildanna kosnir á deildafundunum.

„Málefni sem deildir vísa til umræðu á Búnaðarþingi fjalla til dæmis um tollamál, afleysingar í landbúnaði, lánakjör og svo framvegis – mál sem eiga við fleira en eina grein landbúnaðarins.“

Deildir sauðfjár- og nautgripabænda funda einnig 28. febrúar. Aætlað er að fundir þessara deilda hefjist klukkan 11 þann 27. febrúar en mismunandi er milli annarra deilda hvort fundur hefjist klukkan 11.00 eða 13.00. Fundir standa mislengi, en að kvöldi



Frá deildarfundum sauðfjábænda á síðasta ári.

Mynd / smh

fimmtudagsins 27. febrúar verður fulltrúum boðið upp á fordrykk og í framhaldinu hátíðarkvöldverð,“ segir Guðrún.

Bæði lokaðir og opnir fundir

Áð sögn Guðrúnar voru fulltrúar nautgripa- og sauðfjábænda kosnir dagana 15.–17. janúar og liggja fulltrúalistar fyrir inni á Mínum síðum á vef Bændasamtakanna. Alls verði 35 fulltrúar frá nautgripabændum og 53 frá sauðfjábændum á deildafundunum. Skógarbændur hafi valið 26 fulltrúa til að sitja fundinn.

Áðrar deildir séu með opna fundi, félagsmenn þurfi að skrá sig til þess að vera fulltrúar og lýkur þeirri skráningu 15. febrúar.

„Innsendingu mála lauk 30. janúar, fyrir utan deild hrossabænda sem hefur frest á að senda inn tillögur til 7. febrúar. Nefndarstarf mun hefjast næstkomandi fimmtudag, 6. febrúar, hjá stærstu deildunum og lýkur 20. febrúar. Ástæða nefndarstarfsins hjá stærri deildunum er til að forvinna málin þannig að fundirnir verði

Ellefu deildir

Innan vébanda Bændasamtaka Íslands starfa 11 búgreinadeildir, sem halda deildafundi sína þann 27. febrúar.

Deild alifuglabænda
Deild eggjabænda
Deild garðyrkjubænda
Deild geitfjábænda
Deild hrossabænda
Deild landeldisbænda
Deild loðdýrabænda
Deild nautgripabænda
Deild sauðfjábænda
Deild skógarbænda
Deild svínabænda

skilvirkari. Nefndirnar sjá þá um að vinna tillögum áður en þær fara fyrir fundinn,“ segir Guðrún enn fremur.

Á Búnaðarþingi eru fulltrúarnir 63 talsins. Mál sem taka eigi fyrir á Búnaðarþingi þurfi að berast í síðasta lagi 6. mars til stjórnar Bændasamtakanna. /smh

Hringrásarhagkerfi:

Samráð um úrgangsförvarnir

Í Samráðsgátt stjórnvalda liggja nú drög Umhverfisstofnunar að stefnu um úrgangsförvarnir.

Um grænbók er að ræða sem heitir Saman gegn sóun – Stöðumat og valkostir í úrgangsförvarnum. Í henni er greining á þessu tiltekna viðfangsefni sem stjórnvöld hafa ákveðið að skoða nánar í samráði við almennung og hagaðila áður en gefin er út stefna.

Lykilhlutverk í hringrásarhagkerfinu

Í inngangi grænbókarinnar segir að úrgangsförvarnir gegni lykilhlutverki í hringrásarhagkerfinu. Þær séu meðal skilvirkustu leiða til að bæta auðlindanýtingu og draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum vegna úrgangs.

Árið 2016 var fyrsta stefnan um úrgangsförvarnir á Íslandi gefin út undir nafninu „Samán gegn sóun“. Á haustmánuðum árið 2023 tók umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákvörðun um að endurskoða stefnuna. Sú vinna hófst í byrjun árs 2024.

Í grænbókinni er farið yfir tilefni endurskoðunar á stefnu í úrgangsförvarnum. Þau eru meðal annars stefnan „Í átt að hringrásarhagkerfi“, sem umhverfis- og auðlindaráðherra gaf út árið 2021 um úrgangsmál, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefna Íslands um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Í þeim málum hefur Ísland skuldbundið sig til að taka þátt í sameiginlegu markmiði

Evrópusambandsins, Íslands og Noregs um 55 prósent samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030, miðað við árið 1990.

Greining á núverandi stöðu

Í grænbókinni er að finna greiningu á núverandi stöðu málaflokksins. Þar á meðal samantekt á tölfraedi sem til er um úrgangsförvarnir og úrgangsmál á Íslandi og hún sett í samhengi við stöðuna í öðrum löndum.

Í kaflanum um framtíðarsýn, áherslur og valkosti til umræðu, eru lagðar fram mögulegar leiðir að nýrri stefnu. Vitnað er til stefnu ráðherra í úrgangsmálum, Í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem segir að „Ísland verði meðal leiðandi þjóða í loftslagsmálum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Í því augnamiði verði komið á virku hringrásarhagkerfi þar sem dregið verði verulega úr myndun úrgangs, endurvinnsla aukin og urðun hætt.“ Segir í kaflanum að stefna í úrgangsförvarnum falli undir þessa framtíðarsýn.

Betri nýting á búfjáraurði og rúlluplasti

Umsagnartímabilinu um grænbókina í Samráðsgátt lauk 13. janúar. Það var í opnu samráðsferli en 32 aðilar fengu boð um þátttöku. Tíu umsagnir bárust og þar á meðal frá Bændasamtökum Íslands og Samtökum fyrirtækja í landbúnaði (SAFL).

Bændasamtökin segja í sinni umsögn að með hagnýtingu aðferðafræði hringrásarhagkerfisins og öflugri nýsköpun sé bæði hægt að draga úr sóun og auka samhliða framleiðsluverðmæti í landbúnaði með slíkri áframvinnslu. Slíkar lausnir hafa jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og tækifæri felast í því að skapa samhliða fleiri græn störf í sveitum landsins. Nefna samtökin tvö verkefni sem þau hafi haft aðkomu að í endurvinnslu úrgangs frá landbúnaði. Annað felst í betri nýtingu á laxeldisseyru og búfjáraurði til frekari verðmætasköpunar og hitt snýr að söfnun og endurvinnslu rúlluplasts en um 2.000 tonn falla til af því árlega. Í umsögninni segir að þrátt fyrir þessi verkefni skorti jákvæða hvata af hálfu stjórnvalda til hagnýtingar þessara afurða.

SAFL telur í sinni umsögn ljóst að leita þurfi frekari leiða við ráðstöfun dýraleifa hér á landi til að koma málaflokkunum í ásættanlegt horf, draga úr urðun og auka nýtingu.

Ný stefna gildi til 12 ára

Eftir að unnið hefur verið úr umsögnum verður endanleg útgáfa stöðumatsins gefin út og síðan gerir Umhverfisstofnun drög að nýrri stefnu og aðgerðaáætlun sem lögð verður fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Ráðuneytið birtir lokadrög nýrrar stefnu í Samráðsgátt, áður en hún verður endanlega samþykkt, en stefnt er að því að hún taki gildi á vordögum 2025 og gildi til næstu 12 ára. /smh



LANDSHÚS
Síðan 2013

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

HRÍM HEILSÁRSHÚS

NÝTT



Hrím er splunkunýtt hús úr smiðju Landshúsa. Húsið er stílhreint, bjart og hannað í nútímastíl. Húsið hentar vel sem sumarhús eða sem heilsárshús. Hægt er að breyta húsinu á ýmsa vegu og ráða stærð þess.

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

Klettar eru sterkbyggð hefðbundin timburgrindarhús með rúmgóðu svefnlofti. Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsmíðuð efni. Uppsetning húsa er afar fljótleg.

Vorpantanir hafnar á öllum húsunum okkar Tryggðu þér pláss!

UPPSETNINGARTEYMI

Vísun á vana uppsetningaraðila með mikla reynslu af húsunum okkar.



Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettur 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.



Húsin okkar má finna víða um land

2024 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Vöðkúlaútið Keldan

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - www.landshus.is

Öll verð má finna á heimasíðu okkar



LANDSHÚS

Síðan 2013



Á síðasta ári var eitt af hverjum sjö hrossum sem flutt var af landi brott ræktað af erlendum aðila. Mynd / smh

Stöðugur samdráttur í hrossaútflutningi

Frá árinu 2022 hefur samdráttur verið stöðugur í útflutningi íslenskra hrossa.

Í yfirliti Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) sést að frá árinu 2014 voru flest hross flutt úr landi árið 2021, eða 3.337 hross, en síðan hefur verið samdráttur. Mestur var samdrátturinn árið 2022 þegar hann var 38 prósent, en á síðasta ári var hann 17 prósent og þá voru 1.318 hross flutt úr landi.

Erlendir aðilar rækta íslensk hross á Íslandi

Í umfjöllun RML segir að vel sé þekkt að erlendir aðilar rækta hross á Íslandi og flytji út ýmist folöld og trippi eða tamin hross.

Í greiningu á vefnum vegna útflutnings á síðasta ári má sjá að í 48 prósentu tilvika er útflutningsaðili bæði íslenskur ræktandi og íslenskur skráður eigandi við útflutning. Í 37 prósentu tilvika er ræktandi íslenskur en erlendir eigandi, í 14 prósentu tilvika er erlendir ræktandi og erlendir eigandi er skráður við útflutning

og í 14 prósent tilvika er ræktandi erlendir en íslenskur eigandi. Samkvæmt þessu var eitt af hverjum sjö útfluttum hrossum á síðasta ári ræktað af erlendum aðilum.

Mest flutt út frá Suðurlandi

Mest var flutt úr frá Suðurlandi, eða 39 prósent hrossa, 32 prósent frá Norðurlandi, 11 prósent frá Vesturlandi, tíu prósent frá svæði tilbúinna fæðingunúmera, þrjú prósent frá bæði Reykjavík og nágrenni og Austurlandi og loks eitt prósent frá Vestfjörðum.

Mælaborð íslenskrar hrossaræktar

Í umfjölluninni á vef RML um útflutning hrossa er í lokin komið inn á nýjungar sem búast megi við í nýjum WorldFeng á næstu árum.

Gefið er í skyn að tækifæri muni ef til vill gefast til að skapa eitthvað sem heitið gæti Mælaborð íslenskrar hrossaræktar þar sem hægt yrði að nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar um hrossaræktina í rauntíma. /smh

Hjartað slær með náttúruvernd

– Ný stofnun tekur til starfa á Hvolsvelli

Sigrún Ágústsdóttir er forstjóri nýrrar Náttúruverndarstofnunar sem tók til starfa um áramótin. Höfuðstöðvar hennar eru á Hvolsvelli, í heimabyggð Sigrúnar.

Náttúruverndarstofnun fer með stjórnsýslu og eftirlit á sviði náttúruverndar, líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærrar þróunar, friðlýstra svæða, verndar villtra fugla og spendýra og veiðistjórnun. Þá sinnir stofnunin eftirliti og samhæfingu.

„Allt sem lýtur að vernd náttúrunnar í allri sinni dýrð heyrir undir stofnunina auk lífríkis- og veiðistjórnunarmála. Við erum aðgerða- og þjónustustofnun,“ segir Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri hinnar nýju stofnunar.

Náttúruverndarstofnun rekur átta gestastofur um allt land og samtals eru starfsstöðvarnar um fimmján. Starfsmenn á ársgrundvelli eru um hundrað talsins. Á sumrin tvöfaldast starfsmannafjöldinn og starfsstöðvum fjölga vegna landvörslu, meðal annars inni á hálendinu.

Öll friðlýst náttúruverndarsvæði landsins, utan Þjóðgarðsins á Þingvöllum, tilheyra hinnar nýju Náttúruverndarstofnun en þau eru 130 talsins af öllum stærðum og gerðum. Áður var Vatnajökulsþjóðgarður sér stofnun en önnur friðlýst svæði heyrðu áður undir Umhverfisstofnun.

Sigrún hefur starfað að umhverfismálum í rúm tuttugu ár. Hún var sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun frá árinu 2008 og var auk þess staðgengill forstjóra áður en hún var skipuð í embætti forstjóra 2020. Þá starfaði hún sem lögfræðingur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á árunum 2000–2008. „Mín aðkoma að umhverfismálum byrjaði í náttúruverndinni. Ég skrifaði lokaverkefni á sínum tíma í mínu háskólanámi um friðlýsingar. Þá varð áhugasviðið alveg skýrt. Síðan vann ég að umhverfismálum í ráðuneytinu áður en ég færðist yfir til Umhverfisstofnunar.“

Nú hefur Umhverfisstofnun verið lögð niður og skiptast verkefni hennar á tvær stofnanir. „Hjartað hefur alltaf slegið mjög taktfast með náttúruverndinni og mér fannst starfið því virkilega spennandi,“ segir Sigrún. Fyrstu verkin í nýjum forstjórastól eru að tengja saman starfshópinn og leggja grunn að fjölmörgum verkefnum stofnunarinnar. Þá sé nú þegar farinn í gang undirbúningur á náttúruverndarsvæðum fyrir sumarið.

Landverðir skipta meginmáli

Sigrún segir nauðsynlegt að fylgjast vel með náttúruverndarsvæðum, sífellt þurfi að huga að þjónustu og aðstöðu, sér í lagi á álagssvæðum. „Við gerum ástandsmat á friðlýstum svæðum árlega til að sjá hvernig svæðin þola umferðina og þá skiptir máli að vera með rétta innviði sem hæfa hverju svæði fyrir sig svo þau geti tekið við því fólki sem þangað vill koma. Langflestir ferðamenn koma hingað til lands út af náttúrunni. Það verður að veita þeim viðeigandi þjónustu og fylgjast vel með að þessi sérstaða haldi sér,“ segir Sigrún.

Þar skipti landverðir sköpum. „Þetta er ekki bara spurning um að vera með réttan pall og stíga, heldur skiptir þetta mannlega gríðarlega



Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri nýrrar Náttúruverndarstofnunar, er flutt aftur á æskuslóðir sínar á Hvolsvelli. Mynd / Aðseld

miklu máli, bæði leiðsögn, fræðsla og leiðbeiningar.“

Hún telur því náttúruvernd hér á landi vera nokkuð góða. „Ég held við séum að standa vaktina prýðilega. Hér hefur byggst upp góður mannaúður á undanföllum árum og mikil sérþekking. Þá hefur fjármagn til sviðlýstra svæða frekar verið að styrkjast, sem er jákvæð þróun. Það eru til dæmis einstök víðerni á Íslandi.“

Áskoranirnar felast í að finna rétta jafnvægið milli náttúruverndar og nýtingar. „Við erum álitsgjafar varðandi orkuöflun, í hvaða formi sem hún kann að vera, við áform um ýmsar framkvæmdir. Þá veitum við ráðuneytinu einnig ráðgjöf. Þetta eru stórar áskoranir, því þegar byrjað er að raska einu svæði þá er tilhneiging til að halda áfram. Við þurfum því að vera mjög skýr á því hvað einkennir íslenska náttúru, hvað við viljum halda í og hverju við viljum alls ekki fórn. Þá erum við náttúrulega að tala um þessi einstök víðerni sem eru á Íslandi. Við erum líka með skýrar skuldbindingar varðandi líffræðilega fjölbreytni og verðum að gera okkur grein fyrir því hvað þarf til að ná þeim markmiðum sem við höfum samið um – og framkvæma það, bæði á landi og á hafi.“

Sefur betur og laus við umferðarþunga

Höfuðstöðvar Náttúruverndarstofnunar eru nú á Hvolsvelli en Sigrún er ættuð þaðan og er því flutt aftur á æskuslóðir.

„Það er æðislegt að vera komin í sveitina, ef svo má segja. Hér sef



Víðerni Íslands eru einstök. Mynd / Felix

ég miklu betur og er aðeins þrjár mínútur að fara í vinnuna, sem er mikil breyting frá umferðarþunga höfuðborgarsvæðisins þar sem ég hef búið undanfarin ár.

Ég er því núna að endurnýja kynnin við fólk sem ég þekkti þegar ég var lítil stelpa. Ég bjó hér á Hvolsvelli fram á unglingsaldur en var líka við sveitastörf hjá afa og ömmu á Hemlu, sem var þá hrossa- og sauðfjárbú. Ég var því vön því að vera við sauðburð, smala hrossum og kindum og hjálpa til í heyskap. Það var baggaheyskapur í þá tíð og gott að geta þess að baggatínan var fundin upp hér á Hvolsvelli. Hún er úr smiðju kaupfélagsins og þótti mikil búbót á sínum tíma,“ segir Sigrún. /ghp

Bændablaðið kemur næst út
20. febrúar

Segðu BLESS við óværuna!



YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

– fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavörverslunum

Vetrartilboð

Janúar og febrúar



**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.

Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



TILBOÐ 1 (ljósmynd)

Svartur, grár eða paradiso.

Sett eins og á mynd

585.000

án blómarammans

485.000

TILBOÐ 2

Demantur - passar líka á duftleiði

149.000 (199.000 með lukt)



Svartur



Paradiso



Blár



Grár

TILBOÐ 3

Sett eins og á mynd - 380.000

Svartur, grár eða paradiso



Rúmar tvö nöfn

VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEKKUR

Svartur, grár eða paradiso.

Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.

130cm 150kg

frí sending um allt land.

230.000 kr



s: 466 2800 / 899 9370

sala@minnismerki.is

steinsmidjaakureyrar.is




Neysluverð matvæla hefur hækkað umfram framleiðsluverð matvæla

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is

Neytendur hafa orðið varir við hækkað matvæluverð, ekki hvað síst á síðustu þremur árum. Hvað veldur hækkingunni?

Rétt innan við 13% af útgjöldum heimila er varið í matarinnkaup að meðaltali samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, fyrir utan það sem heimili verja í matarútgjöld á veitingahúsum og skyndebitastöðum.

Hagstofan birtir einnig reglulega upplýsingar um þróun verðlags á ýmsum liðum og þannig hefur verð á mat og drykkjarvörum hækkað um ríflega 47% frá desember 2017 til desember 2024. Eðlilega velta neytendur fyrir sér hvað liggur til grundvallar slíkum hækkingum. Hefur álagning hækkað meira en eðlilegt má teljast eða hefur kostnaður við framleiðslu matvæla hækkað?



Ein leið til að nálgast svar við þessu er að rýna í þróun vísitölu á framleiðsluverði matvæla sem einnig er aðgengileg á heimasíðu

Hagstofunnar. Nokkur fylgni hefur verið í þróun vísitölubreytinga á neysluverði matvæla annars vegar og framleiðsluverði matvæla hins

vegar. Þó hefur framleiðsluverð matvæla hækkað minna frá árinu 2022 til 2024 en neysluverð matvæla og frá desember 2017 til desember 2024 hefur framleiðsluverð matvæla hækkað um 42,5%.

Breytingar á neysluverði matvæla eru mældar út frá meðaltali verðlagsbreytinga á matarkörfu heimila. Í þeim útreikningum eru bæði innlendir landbúnaðarvörur sem og innflutt matvæli en hlutfall innfluttra matvæla í matarkörfu heimila hefur aukist að undanförmum.

Erfitt getur verið að nálgast upplýsingar um hvort aukin álagning á heildsölu eða smásölu megi rekja til þess að neysluverð matvæla hækkaði umfram framleiðsluverð matvæla á þessu sjö ára tímabili. Horfa þarf til breytinga á samsetningu sem og einstakra liða innan matarkörfunnar.

Þegar litið er til framleiðslukostnaðar landbúnaðar eru kostnaðarþættir að koma inn með mismunandi hætti. Þannig hafa ylræktarbændur fengið stóran skell

39%

hækking á matvælum á síðustu þremur árum

nú undanfarið með hækkingu raforkuverðs þar sem raforkukostnaður er stór liður í rekstri ylræktar. Kjöt- og mjólkurframleiðsla er hins vegar mjög háð verðbreytingum á fódri og áburði sem og eldsneytis til reksturs búvéla.

Því orðu bændur fyrir miklum búsisfjum þegar verð á innfluttu fódri, áburði og eldsneyti hækkaði allverulega í kjölfar heimsfaraldursins sem og Úkraínustríðsins. Þannig hækkaði verð á innfluttu fódri um 70% frá 2017 til 2022, verð á innfluttum áburði hækkaði enn meira, eða um 170% fyrir sama tímabil, og eldsneyti um 153%. Frá árinu 2022 hafa þessar verðhækkningar gengið að einhverju leyti til baka en fyrir tímabilið 2017 til 2024 eru gengisvísitölur fyrir þessa liði samt sem áður verulega hærra en gengisvísitala neysluverðs matvæla.

Í þessari samantekt er verið að greina þróun verðlags á ákveðnum þáttum yfir sjö ára tímabil. Áhugavert verður að sjá hvernig sú þróun verður áfram en jafnframt mikilvægt að greina fleiri þætti eins og kostur er til að tryggja sem best gagnsæi í verðbreytingum til neytenda.

En ekki síður að upplýsa um þær áskoranir sem bændur standa frammi fyrir í viðkvæmu rekstrarumhverfi.



Sælkeriferð til Norður-Ítalíu & rivíeran við Miðjarðarhaf

29. september – 9. október 2025

Fararstjórn: Unnur Jensdóttir

Verð 395.900 kr. á mann í tvíbýli

Í þessari ferð upplifum við dásamlega daga í bússælurlegum sveitum Ítalíu, undir rótum Alpafjalla, þar sem smjörð drýpur af hverju strái. Seinni hluta ferðar höldum við að sægrænu Miðjarðarhafinu þar sem rivíeran biður okkar með pálmatré, litríka bæi og fallegar strendur.

bænda
FERÐIR

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



Próun vísitalna frá des. 2017 til des. 2024 - Neysluverð og framleiðsluverð matvæla





Verum ekki súr

Nú er tíminn til að kalka

Almennt er sýrustig lágt í jarðvegssýnum hjá bændum, því vill SS leggja sitt af mörkum til að auka aðgengi bænda að Dolomit Mg-kalki. Kalkið er í boði frá 7 höfnum um land allt. Við leggjum endurgjaldslaust til Bredal kalkdreifara. Traustir verktakar dreifa kalkinu á hagkvæman hátt.



Dolomit Mg-kalker hagkvæmur kalkgjafi

– 3.500 kr/t afsláttur til þeirra sem kaupa Yara áburð

Fagleg þjónusta

– Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður



Frekari upplýsingar um kölkun er að finna á yara.is eða með því að skanna QR-kóðan

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is



Búvörur

Fyrir Bú & Borg

Fæðuöryggi:

Er nauðsynlegt að vera með kornmyllu?

– Birgðir hveitis minnka talsvert við lokun Kornax

Einu hveitimyllu landsins verður lokað á allra næstu vikum. Með því verða Íslendingar háðir innflutningi á fullunnu hveiti erlendis frá sem er dýrara í geymslu. Hingað til hefur verið hægt að geyma nokkurra mánaða lager af ómöluðu hveiti í stórum sílóum sem er svo malað eftir þörfum.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Til stendur að loka Kornax, einu hveitimyllu landsins, á næstu vikum eða mánuðum. Í kjölfarið munu hveitibirgðir í landinu minnka verulega. Myllan er staðsett í Korngördum í Reykjavík í húsnæði sem er í eigu Faxaflóahafna og fyrirtækið Lífland hefur leigt undir framleiðslu á Kornax-hveiti. Leigusamningurinn hefur ekki fengist framlengdur.

Lífland framleiðir jafnframt fóður fyrir húsdýr úr kornvörum í verksmiðju sem byggð var árið 2010 á Grundartanga í Hvalfirði. Við byggingu þeirrar verksmiðju var gert ráð fyrir kornmyllu við hlið hennar og hefur lokun Kornax í Korngördum legið fyrir um árabíl. Á árinu 2024 voru flutt inn tæp 12.700 tonn af lausu hveiti til mannelis og má áætla að stærstur hluti þess hafi verið á vegum Líflands. Á sama tímabili voru flutt inn 4.800 tonn af fínmöluðu hveiti í umbúðum.


Starfsleyfi ekki veitt

Lífland sóttist eftir starfsleyfi fyrir nýja hveitimyllu á Grundartanga. Málið var tekið fyrir hjá heilbrigðisnefnd Vesturlands sem vísaði því frá vegna nálægðar við mengandi starfsemi. Eins og greint var frá í síðasta Bændablaði telja

stjórnendur Líflands ekki fjárhagslega hagkvæmt að finna starfsemi annan stað þar sem það kæmi í veg fyrir samnýtingu búnaðar og starfsfólks, ásamt því sem það hefði í för með sér tvöfaldan kostnað við löndun flutningaskipa.

Með breyttu fyrirkomulagi verður allt hveiti flutt til landsins malað í pokum, sekkjum eða sérstökum sílóum á milli og á milli fyrir matvælaframleiðslu. Það mun fela í sér að dýrara verður að halda uppi sama magni af hveiti í landinu en áður, en geymsla á ómöluðu korni í stórum sílóturnum er talsvert hagstæðari í samanburði.

Lífland hefur hingað til flutt inn ómalað korn í skipsförmum og hafa verið til nokkurra mánaða birgðir í landinu á hverjum tíma. Til að halda uppi sama birgðamagni þyrfti að byggja stóra vöruskemmu þar sem malað hveiti í



Þar sem Íslendingar hafa átt sína eigin hveitimyllu hefur verið hægt að halda uppi nokkurra mánaða birgðum af ómöluðu hveiti í stórum sílóum. Núna stendur til að loka hveitimyllunni og verður því allt hveiti í landinu flutt inn malað í neytendapakningum, sekkjum eða sérstökum sílógámum. Birgðahald á slíkri vöru er mun dýrara og stefnir því í að hveitibirgðir í landinu verði eingöngu til nokkurra vikna.

Teikning / Hlynur Gauti

Tryggja þarf hálf árs birgðir

Þar kemur fram að einn af þeim lærdómum sem megi draga af kórónuveirufaraldrinum sé hversu mikilvægt sé að stuðla að sjálfbærni í matvælaframleiðslu vegna þeirra margþættu truflana sem urðu á aðfangakeðjum heimsvíðskipta. Það olli ýmist skorti eða töfum á afhendingu og hækkaði verð fyrir vörur.

Í skýrslunni koma fram ábendingar um að gera þurfi reglulegar úttektir á matvælabirgðum til þess að tryggja birgðir af matvælum til sex mánaða í landinu. Einnig þarf að skilgreina hverjar lágmarksbirgðir á matvælum og aðföngum eru. „Þá er þörf á að gera viðbragðs- og neyðaráætlun vegna matvæla-skorts, m.a. í samráði við helstu birgja.“

Nokkurra vikna lager

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjunkt við Landbúnaðarháskóla Íslands, segir óheppilegt þegar einkafyrirtæki sem hefur vilja til að eiga stóran hveitilager er gert að hætta. Hingað til hafi ekki þurft til neinn ríkisstuðning en vegna stífs regluverks er innlendi hveitimölu bolad burt. Hann var einn af þremur höfundum skýrslunnar Bleikir akrar – aðgerðaáætlun um aukna kornrækt, sem Landbúnaðarháskóli Íslands skrifaði samkvæmt beiðni matvælaráðuneytisins. Um nokkurra ára skeið var hann sölustjóri á landbúnaðarsviði hjá Líflandi og er því kunnugur starfsemi þess fyrirtækis.

„Ef við styðjumst eingöngu við sekkjað og malað innflutt hveiti, sem er í sjálfu sér allt í lagi, þá er lagerstaðan miklu lægri,“ segir hann. Innflutningur á svoleiðis vöru felist í að stöðugt séu pantanir á leið til landsins og í vöruhúsinu sé eins lítið af birgðum og hægt er þar sem lagerkostnaðurinn er hár. Samkvæmt

neytendapakningum tekur mikið pláss. Geymsluþol malaðs korns er býsna gott, en síðasti sölundagur hveitis í neytendapakningum er einu ári eftir mölun.

Við réttar aðstæður getur ómalað korn geymt um árabíl. Einn af kostunum við geymslu ómalaðs korns er að ef kviknar líf hveitibjalla eða örveruvöxtur er auðveldara að skilja það frá við mölunina. Í hveitimyllum fer hráefnið í gegnum hárfín sigti sem sjá til þess að drepa egg örvera og tryggja geymsluþol mjólsins. Ef það misheppnast er ekki hægt að losna við óæskilegt líf úr malaða hveitinu.

Lágmarksbirgðir ekki skilgreindar

Í Skýrslu um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum, sem kom út í desember 2022, segir að ekki séu nein gildandi stjórnvaldsfyrirmæli um lágmarksbirgðir matvæla eða aðfanga til matvælaframleiðslu í landinu. „Á hverjum tíma eru til einhverjar birgðir af matvælum hjá framleiðendum, afurðastöðvum, innflytjendum, verslunum og neytendum,“ segir í skýrslunni. Einu matvælin þar sem er til opinbert yfirlit um birgðir eru hjá innlendum sláturhúsum.

Þar kemur jafnframt fram að í áhættumatsskýrslu fyrir Ísland árið 2009 hafi eingöngu verið til kornbirgðir í landinu til fárra vikna í bankahruninu. „Í aðstæðum þar sem innflutningur lamast algjörlega, t.d. vegna alvarlegrar fjármálakreppu, stríðsátaka eða farsóttá, væri fæðuöryggi hérlendis því í hættu. Ástæðan væri ekki aðeins skortur á innfluttum matvælum og framleiðsluáðföngum heldur einnig á olíu til að dreifa matvælum, þótt fyrirhuguð orkuskipti í samgöngum kunni að draga úr þeirri áhættu,“ segir enn fremur í áður nefndri skýrslu um mat þjóðaröryggisráðs.

RAFGEYMAR

Græjurnar þurfa að komast í gang!

Rafgeymar í allar gerðir farartækja



Sendum um land allt

TUDOR

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 577-1515 • Vefverslun: www.skorri.is

„Þetta eru tímar þar sem má færa sterk rök fyrir því að hver þjóð á að reyna eins og hún getur að standa undir sínu í svona þáttum ...“

Þeim upplýsingum sem Helgi hefur er miðað við að vera með eingöngu örfárra vikna lager af möluðu hveiti, ýmist í vöruhúsi eða í gámum á leiðinni til landsins. „Á móti kemur að þegar þú ert að reka myllu eins og Kornax ertu að kaupa ómalað hveiti í skipsförmum og þetta kemur í stærri einingum,“ segir hann.

Innlend framleiðsla ódýrari

Helgi telur að fyrirtæki eins og Lífland hefði ekki falast eftir því að byggja hveitimyllu hérlendis ef forsvarsmenn þess hefðu komist að því að innflutningur á tilbúnu hveiti væri ódýrari. Verðmunurinn sem er á ómöluðu og möluðu hveiti gefi færi á að flytja framlegðina hingað til lands í staðinn fyrir að verðmætasköpunin sé erlendis. „Ef þú lætur vinna það fyrir þig erlendis þá leggst ofan á það framleiðslukostnaður, sekkjunarkostnaður, umbúðir og það er dýrara í flutningum, sérstaklega ef þú þakkar því í kílóaainingar. Það er langóðyrast að flytja og geyma svona lager ómalað en auk þess geymist hveiti best ómalað í góðum birgðageymslum.“

Hann bendir á að kílóverðið af ómöluðu hveiti komið að bryggju hérlendis hafi lengi verið í kringum 50 krónur án vsk. (án uppskipunar- og geymslukostnaðar) á meðan kílóverðið af möluðu hveiti í neytendapakningum úti í lágvöruverðsverslun með lítilli álagningu sé í kringum 150 krónur án vsk. Þessi munur breyti mjög miklu þegar um er að ræða mörg þúsund tonn af hveiti og geri það dýrt að eiga stóran lager af hveiti.

Heimsmálin hafa verið stöðugri

Helgi segir vonandi ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af því að Ísland verði án hveitimyllu og ekki með neyðarlagar af hveiti. Staðan í heimsmálunum hefur hins vegar oft verið stöðugri. „Það hefur geisad stríð í Evrópu í á þriðja ár. Við erum með Vladimir Pútín sem Rússlandsforseta, Donald Trump sem Bandaríkjaforseta og Kínverjar eru að vinda upp á sig.“

Það berast fréttir af því að landsmenn fái sendan heim bækling á næstu mánuðum sem snýst um hvernig við eigum að haga okkur í stríði eða ef aðfangakeðjur rofna. Þetta eru tímar þar sem má færa sterk rök fyrir því að hver þjóð á að reyna eins og hún getur að standa undir sínu í svona þáttum,“ segir Helgi. Stefna flestra stjórnvalda sé að framleiða þann mat sem þau geta innanlands og er staða þeirra þjóða veik sem eru upp á aðra komnar hvað varðar orkugjafa og matvæli.

Getum verið framarlega í kornrækt

Í skýrslunni Bleikir akrar eru færð rök fyrir því að Ísland hafi burði til þess að standa framarlega í kornrækt ef staðið er rétt að málunum. Aðspurður af hverju kornrækt hefur ekki náð lengra enn sem komið er



Hveitimylla Kornax hefur starfað í Korngörðum við Sundahöfn í Reykjavík frá árinu 1986. Mynd / al

bendir Helgi á að það hafi ekki verið fyrir en í fyrra sem kornrækt var styrkt sérstaklega af hinu opinbera. „Þá voru settar heilar 170 milljónir í heildina,“ segir Helgi og bendir á að þetta séu ekki stórar upphæðir í sambengi við margt annað. „Þetta er langtímaplan. Það mun taka tíu til fimmtán ár þangað til við förum virkilega að sjá einhvern árangur af þessu,“ segir Helgi. Dæmi frá nokkrum stöðum á landinu sýni að kornrækt geti verið á mjög háu plani.

Innlent kynbótastarf á hveiti hófst árið 2023 og vonast Helgi til að það muni verða til þess að hægt verði að rækta hveiti til manneldis hér á landi. Á áttunda áratugnum hófust kynbætur á byggi sem hafa skipt miklu máli við að efla íslenska kornrækt. Helgi bendir á að það virðist vera þverpólítískur stuðningur fyrir því að auka kornrækt. „En það er tomt mál um það að tala ef það eru ekki úrvinnslustöðvar til að vinna úr því. Það er svolítið eins og að fjölga kúabúum ef við höfum enga afurðastöð,“ segir hann.

Hlekkur hrokkinn úr aðfangakeðjunni

Erna Bjarnadóttir, formaður Íslandsdeildar Samtaka um landbúnað á jaðarsvæðum í norðri og verkefnastjóri hjá Mjólkursamsölu, segir að undir öllum eðlilegum kringumstæðum þegar viðskipti ganga vel séu aðdrættir að jafnaði hnökralitlir. Hún nefnir í þessu sambengi hugtakið „fæðufullveldi“ sem snýr að því hvaða vald við höfum á aðfangakeðjunum. „Það er augljóst að þarna hlekkur einn hlekkur út. Ég met það svo að þetta sé atriði sem íslensk stjórnvöld ættu að láta sig varða. Það er ekki á færi einhvers fyrirtækis að bera ábyrgð á þessu,“ segir Erna og kallar eftir því að metin verði áhrif þess að hveitimyllan hverfur.

„Ef svarið er að það eigi að bregðast við þessu með einhverjum hætti hljóta stjórnvöld að þurfa að eiga viðræður við þá aðila sem þarna koma að til að sjá hvað er hægt að gera,“ segir Erna. Rétt sé að spyrja hvort hið opinbera eigi að eiga einhvern öryggislag af korni eða styðja við slíkt birgðahald með einhverjum hætti. Hún segist ekki hafa svörin við því, en það sé hægt að



Helgi Eyleifur Þorvaldsson.



Erna Bjarnadóttir.



Hveitirækt á Íslandi er lítil sem engin og er það því flutt inn. Það sem breytist með lokun Kornax er að mölunin flyst úr landi en hveitið verður áfram það sama. Birgðir munu jafnframt minnka umtalsvert. Mynd / Melissa Askew

Fæðuöryggi:

Þegar allt fólk, á öllum tímum, hefur raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, heilnæmum og næringarríkum mat sem fullnægir þörfum þess til að lifa virku og heilsusamlegu lífi.

Líta til þess hvernig nágrannalöndin halda utan um þessi mál.

Langtímastefna nauðsynleg í kornrækt

Hún bendir á að innlend hveitframleiðsla sé lítil sem engin, en eins og kom fram í máli Helga

Eyleifs hefur hið opinbera sýnt vilja til að efla hana. „Ef hveiti er á annað borð framleitt hér á landi til matar þá þarf svona verksmiðju eins og þarna er um að ræða til að breyta því í neysluhæfa vöru. Það er ekki nóg að sá fyrir korninu og uppskera.“

Nauðsynlegt sé að viðhalda langtímastefnu í eflingu kornræktar. „Öðruvísi getur þú ekki bæði byggt upp þekkingu og varðveitt hana,“ segir Erna. Bændur þekki sitt land

og viti hvernig hægt er að nýta gæði þess til að framleiða matvæli. „Ef við ætlum að fara að treysta meira á milliríkjavíðskipti með mat þá grefur það kannski undan þessu. Svo þegar allt er komið í óefni þá er þekkingin ekki lengur til staðar. Ef við höfum ekki olíu á skipin og getum ekki gert út þá er ekki nóg að eiga árabát. Þú þarft að kunna að róa og finna fiskimiðin,“ segir Erna. ■



Kominn tími á þakið eða klæðningar?

17 ára reynsla af þakskiptum, þakmálun og smíðavinnu á Íslandi ✓

FRÍTT VERÐMAT!

Hafðu samband í dag → 699 6980 / THAK.IS



Hrávörumarkaður:

Kakó er að verða dýrara en gull

– Heldur válegar horfur fyrir ýmsar vinsælar hrávörutegundir

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Verð á hrávörum á alþjóðamarkaði fer almennt lækkandi. Verð á t.d. kakóbaunum, kaffibaunum, vanillu og appelsínunum er hins vegar í hæstu hæðum og fyrir því eru gildar ástæður.

Í spám Alþjóðabankans fyrir yfirstandandi ár og hið næsta er gert ráð fyrir verðlækkunum á hrávörumarkaði, 5% lækkun í ár og 2% lækkun 2026. Hrávöruverð hækkaði skart í Covid-faraldrinum og vegna innrásarstríðs Rússa í Úkraínu en mikið hefur dregið úr hækkingum flestra hrávara síðan og sumar núllast út.

Samkvæmt Rannsóknasetri verslunarinnar (RSV) er líklegt að olíuverð leiði þessa þróun til lækkunar, en verð á jarðgasi gæti hækkað og búist er við stöðugu verði á landbúnaðarhræfum og málmum. Talin er hætta á að aukin spennan í Mið-Austurlöndum geti hækkað orkuverð til skemmri tíma, sem hefði áhrif á aðrar hrávörur. Hins vegar eru til lengri tíma lítið taldar sterkar líkur á verðlækkun á olíu.

Kakóskortur á heimsvísu

RSV segir kakó halda áfram að hækka í verði og hafi það ekki fyrr mælt hærra, en mælingar ná aftur til ársins 2000. Hið sama sé upp á teningnum með kaffi og appelsínur. Miklar hækkanir hafi átt sér stað á báðum vörum síðustu misseri og uppskerubrestur í helstu útflutningslöndum talin helsta orsök. Í nóvember sl. voru til dæmis aðeins gull, kókosolía og appelsínur hærra en kakó miðað við hæstu vísitölu hrávöruverðs. Á tímum Maya voru kakóbaunir enda notaðar sem gjaldmiðill.



Kakóverð hækkar meðal annars vegna skorts á framboði á heimsvísu vegna sjúkdóma og loftslagsbreytinga og langvarandi vanfjárfestingar í kakóbúum. Það er að verða á pari við gull í verði. Hér er kakóbóndi í Ekvador að tina fræbelg af kakótré og í honum gætu leynst á milli 20 og 60 fræ, eða kakóbaunir í daglegu tali.

Myndir / Pixabay

Í dag er heimsframleiðsla á kakó rúmlega fimm milljónir tonna á ári. Meira en helmingur af kakóbirgðum heimsins er ræktaður í Vestur-Afríku; á Fílabeinsströndinni og í Gana, og í kjölfarið fylgir Ekvador með um 9% af heimsmarkaði. Kakó er einnig framleitt á Karíbahafseyjum, Indlandi og í Ástralíu.

Sveppasjúkdómar hafa herjað á kakótré, m.a. í Suður-Ameríku, í áratugi. Vísindamenn leita leiða til að gera þau ónæmari eða þólnari fyrir veiru- og sveppasjúkdómum og hefur orðið nokkuð ágengt. Hitar hafa einnig reynst kakóræktendum þungir í skauti. Útlit er fyrir að í Vestur-Afríku minnki land undir kakórækt

með vaxandi þurrkum og hitum, sem aftur getur aukið útbreiðslu þeirra sjúkdóma sem herja á plönturnar.

Um skeið hefur kvittur verið á kreiki um að kakó verði horfið sem hrávara í kringum árið 2050 vegna hlýnunar jarðar og þurrka. Um þetta fer þó tvennum sögum og aðrir segja mikil sóknarfæri í kakórækt, sé vel haldið á spilunum.

Kakóverð hækkar meðal annars vegna skorts á framboði á heimsvísu og langvarandi vanfjárfestingar í kakóbúum. Útlit er þó fyrir að kakóverð haldist hátt til meðallangs tíma, og fari í kringum \$6.000/tonn-markið þegar jafnvægi er náð á markaði.



Kaffibaunir eru hrávara sem ýmsir hafa áhyggjur af að eigi verulega undir högg að sækja í harðnandi veðuraðstæðum á heimsvísu.



Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN meta Vanillu planifolia sem plöntu í útrýmingarhættu.



Á síðustu tveimur áratugum hefur samdráttur í sitrusframleiðslu í heiminum numið um 75%.

búa til á rannsóknarstofu en þykir ekki hafa sömu bragðeiginleika og vanilla.

Mest er framleiðsla á vanillu á Madagaskar, rúmar þrjár milljónir tonna í fyrra, helmingi meira en Indónesía sem er í næsta sæti, í Kína, Mexíkó og Nýju-Gíneu. Eftir því sem jörðin hlýnar, eru hvírfilbyljir og stormar á þessum svæðum að aukast og falla þá orkideublómin og vanillubaunir áður en þau fá tækifæri til að þroskast að fullu.

Heimsmarkaður vanillu var metinn á 3.189.73 milljónir Bandaríkjadala árið 2023. Því er spáð að heimsmarkaðsvirðið vaxi um 5,7% fram til ársins 2032.

Í grein í Guardian er því haldið fram að vanilla sé það krydd sem fyrst muni verða útrýmingu að bráð. Næst á eftir verði villt búmull og þar næst þrjár af hverjum fimm villtum tegundum lárperu. Þá er að auki greint frá að 23% villtra kartöflutegunda séu að deyjast út.

Mikill samdráttur í sitrusframleiðslu

Við þetta má svo bæta að appelsínur eiga einnig við ramman reip að draga og raunar allir sitrusáxvættir. Á síðustu tveimur áratugum hefur samdráttur í sitrusframleiðslu á heimsvísu numið um 75%. Alvarlegur plöntusjúkdómur (Huanglongbing/guldrakasjúkdómur) í formi bakteríusýkingar herjar á sitrusáxvaxtatré víða um heim, í yfir fjörutíu ræktunarlöndum. Er jafnvel talið að sjúkdómurinn geti valdið útrýmingu sitrusáxvaxta verði ekki gripið til róttækra og hraðra aðgerða.

Brasilía framleiðir 32% af appelsínunum á heimsvísu, Kína 16%, lönd innan Evrópusambandsins 12% og Mexíkó 10%. Önnur framleiðsluríki eru helst Egyptaland, Bandaríkin, Tyrkland, Suður-Afríka, Víetnam og Marokkó. Í fyrra nam heimsframleiðsla á appelsínunum um 47,4 milljónum tonna og hafði þá stigið um 1% milli ára en samdráttur um rúmar þrjár milljónir tonna orðið frá árinu 2022. ■

Arabica og Robusta loftslagsbreytingum að bráð

Kaffibaunir eru sömuleiðis hrávara sem ýmsir hafa áhyggjur af að eigi verulega undir högg að sækja í harðnandi veðuraðstæðum á heimsvísu, auk þess sem sjúkdómar herja á kaffibaunatrén og heppilegt ræktarland minnkar. Því hefur verið spáð að um 2050 gætu loftslagsbreytingar hafa drepit tvær helstu kaffitegundir heimsins (Arabica og Canephora, eða Robusta) og að um 60% af 124 villtum kaffiplöntum jarðar séu í hættu.

Á eftir hráolíu hefur kaffi lengi verið verðmætasta varan í milliríkjavíðskiptum í heiminum. Heimsframleiðslan nam 178 milljónum 60kg sekkja árið 2023 og vex um 6,9 milljónir sekkja 2024-5, einkum vegna aukinnar framleiðslu í Víetnam og Indónesíu. Brasilía er þó stærsti kaffi framleiðandi heims, með 38% heimsframleiðslu skv. USDA Foreign Agricultural Service. Önnur stærstu framleiðslulönd kaffibauna eru Kólumbía, Hondúras, Perú, Gvatemala, Eþíópía, Úganda, Víetnam, Indónesía og Indland.

Spáð er að heimsframleiðslan á kaffi muni nema andvirði 102,15 milljarða Bandaríkjadala í ár og hefur þá vaxið um 5,5% frá árinu 2020. Skortur er þegar orðinn á Robustabaunum og stórfyrirtækin í auknum mæli að snúa sér að Arabica-kaffi á lágu verði til að mæta eftirspurn.

Vanilla í útrýmingarhættu

Enn ein hrávaran sem sögð er í hættu er Vanilla planifolia. Vanilla er ilmandi krydd sem fæst úr brönugrösom sem tilheyra vanillu-ættkvíslinni. Vanilla planifolia er upprunnin í Mexíkó og aðeins þar verður náttúruleg frævun. Í hinum 14 löndum sem rækta vanillu þarf að handfræva plönturnar. Yfir 150 tegundir finnast af vanilluplöntum. Stofn tegundarinnar er sagður hafa minnkað og búsvæði víða verið tekin undir aðra ræktun. Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökin IUCN meta Vanillu planifolia sem plöntu í útrýmingarhættu.

Ekta vanilla er dýrasta krydd heims á eftir saffran. Vanillin, aðalbragðefnið í vanillu, er unnt að

Vertu fær í flestan snjó með EGO

61cm CLEARING WIDTH SELF-PROPELLED

PÓR

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

HURÐIR SEM HENTA ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol** hurðir
frá Límtré Vírnet

- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

Kynntu þér úrvalið á [Limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)

Byggðastofnun:

Samvinna þvert á landamæri

– Styrkveiting á vegum Norræna Atlantshafssamstarfsins

Sigrún Pétursdóttir

sigrunpeturs@bondi.is

Nýverið fór fram styrkveiting á vegum NORA en markmiðið með starfi þess er að styrkja samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu.

NORA, Norræna Atlantshafssamstarfið, er ríkjasamband sem nær til Grænlands, Íslands, Færeyja og strandhéraða Noregs (nú norskra strandfylkja frá Finnörku í norðri til Rogalands í suðri svo og Svalbarða) og ætlað til að styrkja samvinnu fyrirtækja þvert á landamæri.

NORA var stofnað 1981 og felast tengsl landanna meðal annars í landfræðilegri legu þeirra, sameiginlegum áskorunum og sögulegu tilliti. Starfsemin skiptist niður í þrjú skilgreind þróunarsvið, tengslamyndun, áætlanagerð og verkefnastuðning, en hægt er að sækja um styrki tvisvar á ári vegna samstarfsverkefna þar sem þátttakendur þurfa að koma frá a.m.k. tveimur löndum innan ríkjasambandsins.

Efling svæðisbundins samstarfs

Hanna Dóra Björnsdóttir, upplýsinga- fulltrúi Byggðastofnunar, segir að verkefnið séu liður í að efla svæðisbundinn samstarfsvettvang norræna byggðamála.

„Þau gera þannig Norður-Atlantshafssvæði að betri heimkynnum og stuðla að grænni samkeppnishæfni og sjálfbærri þróun á svæðunum með því að styðja og hvetja til samstarfs hagaðila,“ segir Hanna Dóra. Mikil áhersla sé lögð á samstarfið, enda grundvöllurinn í þeim umsóknum sem berast og sérstök áhersla á að það sé á sviðum þar sem löndin eigi sameiginlega hagsmuna að gæta, jafnframt hinum ýmsu áskorunum strjálbylla svæða.

„Hægt er að sækja um verkefnastyrk tvisvar sinnum á ári, umsóknarfresturinn er þá í byrjun mars og byrjun október og hægt að fá styrki til allt að þriggja ára. Þó þarf að endurnýja umsóknina árlega.



Jamie Lee er eigandi Fine Food Islandica, þaraeldis- og matvælaframleiðslu á Vestfjörðum, sem rættar staðbundinn þara á sjálfbæran hátt. Mynd / Einkaeign.

Veittur er styrkur til hvers árs í senn, grunnurinn lagður og staðan tekin að ári þegar lögð er inn framhaldsumsókn. Í sumum tilvikum kemur umsókn um forverkefnisstyrk sem á oftast við ef fólk er enn að þreifa fyrir sér, hefur ekki fundið sína samstarfsaðila. Einnig hefur komið fyrir að fólk óski eftir forverkefnisstyrknum til



þess að geta útfært betur það sem það er að vinna með í fyrstu. Það getur þá orðið til þess að umsóknir verða mun sterkari en ella. Fólk fengið svigrúm og náð að nýta betur tengingar og skilað frá sér óflugri



Hanna Dóra Björnsdóttir.

umsókn í framhaldinu en ella. Samstarfið gengur iðulega mjög vel og heyrir til undantekninga að verkefni falli niður. Má skjóta á 95 prósentu velgengni,“ segir Hanna Dóra.

Nýsamþykkt stefna og nýjar áherslur

„Þegar kemur að því að para saman áhugasvið umsækjenda yfir landamæri er fólk oft þegar með ákveðna tengiliði í huga en við hjá Byggðastofnun erum einnig innan handar með okkar tengslanet og getum aðstoðað við að leita eftir hentugum samstarfsaðilum.

Áður en að næsta umsóknarfresti kemur, nú mánudaginn 3. mars, er boðið upp á vefnámskeið / kynningu fyrir tilvonandi umsækjendum, en hlekk á kynningarfundina má finna á heimasíðu Byggðastofnunar. Rétt er að geta þess að þeir verða haldnir mánudaginn 10. febrúar, klukkan 12 og 13. Við viljum mjög gjarnan hvetja þá sem eru forvitnir að taka þátt í því, en þar má m.a. spyrja spurninga og fá einhvern grunn af upplýsingum sem hægt er að byggja á,“ segir Hanna Dóra að lokum.

Hún hvetur áhugasama einnig til að kynna sér áherslur til næstu fjögurra ára úr nýsamþykktu stefnu:

- **Afhendingaröryggi.** Lausnir sem tryggja hringrásarhagkerfi, öryggi og fleiri störf. Áhersla á verkefni tengd orku, matvælaframleiðslu, vatni og hreinlæti, samgöngum og heilsu.
- **Gervigreind (AI).** Nútímalegar tæknilausnir sem bæta framleiðni og öryggi sérstaklega á strjálbyllum svæðum. Verkefni tengd orku, auðlindanýtingu og heilsu eru í forgangi sem viðhalda eða skapa atvinnu- og búsetutækifæri.
- **Sjálfbær ferðabjónusta.** Stuðlað að sjálfbærni í ferðabjónustu á grunni staðbundinnar menningar. Áhersla á menningararf og upplifanir í verkefnum sem efla samfélög og framleiðslu á staðnum, sérstaklega á afskekktum svæðum.
- **Hreyfanleiki og græn skref.** Óstaðbundin störf og þekkingarmiðlun, staðbundnar lausnir og svæðisbundin atvinnutækifæri.
- **Aðlaðandi samfélag.** Verkefni sem styðja við efnahagslegan, menningarlegan og félagslegan auð, sérstaklega tengd atvinnutækifærum, vellíðan og tengslum við staðinn sem tryggja að ungmenni setjist að, velji að vera áfram – eða snúi aftur.
- **Sjávarútvegur og matvælaframleiðsla.** Sjálfbærar og nýstárlegar lausnir sem styrkja hagkerfi strandsamfélaga. Verkefni sem stuðla að sjálfbærum fiskveiði- og fiskeldisáferðum, endurnýta og endurvinnna auðlindir sjávar eða samþætta aukaafurðir í aðrar verðmætakerfjur s.s. líftækni og lyfjaiðnað.
- **Silfurhagkerfið.** Eldra fólk er auðlind samfélaga. Hlúð að vellíðan og samstarfi kynslóða í verkefnum s.s. sameiginlegri garðyrkju eða framleiðslu matvæla. Þátttaka eldri borgara í verðmætakerfjum og efnahagslegum vexti.



Oyvindur av Skarði.

Verkefni af ýmsum toga

Í lok síðasta árs á vetrarfundi NORA sem haldinn var í Kaupmannahöfn kom fram ákvörðun um úthlutun styrkja, þá í síðara skiptið árið 2024. Heildarupphæð styrkjanna var um 68 milljónir íslenskra króna og eru Íslendingar aðilar að nú af þeim tólf verkefnum sem hlutu styrkveitingu. Hámark styrkja er helmingur af heildarkostnaði verkefnis, eða 500.000 danskar krónur árlega í að hámarki þrjú ár.

Meðal þeirra er fyrirtækið Fine Food Islandica, í samstarfi við Hyndla ehf. og Matís auk þangframleiðenda og rótgróinna matvælaframleiðenda í Færeyjum og Noregi. Verkefnið, sem ber nafnið New Everyday Seaweed Foods, stuðlar að nýtingu þangs sem hollrar og sjálfbærrar fæðu og miðar að því að þróa nýjar hversdags matvörur úr þangi og markaðssetja þær í matvöruverslanir.

Jamie Lee, eigandi Fine Food Islandica, segist hlakka til samstarfsins, en verkefnið hefst formlega með fundi á næstu dögum. „Það er mér mikill heiður að taka þátt í svona spennandi verkefni með frábærum samstarfsaðilum, en ætlað er að hinn færeyski Oyvindur av Skarði sjái um að stýra verkefninu,“ segir Lee.

Oyvindur er einn stofnenda lífræna kaffihússins SMAKKA í Færeyjum, eins fyrsta veitingahúss fyrir grænmetisætur í landinu. Þar hefur verið lögð áhersla á að nota þang í rétti matseðilsins og segir Oyvindur viðbrögðin hafa verið góð. „Auk þess höfum við þróað þangkex og selt í litlum mæli í matvöruverslunum auk annars, en ferlið við að stækka og fara í útlutning á slíku krefst bæði tíma og peninga, auk þess sem erfitt er að komast inn á markaðinn með aðeins eina vöru. Þátttaka okkar í verkefninu hjá NORA gefur okkur tækifæri á að vinna að frekari vörubrúnum og mögulegum útlutningi,“ segir Oyvindur.

Frá Færeyjum vinna einnig að verkefninu fyrirtækin Tari Faroe Seaweed, Føroya Bjór, Breyðvirkið og Primafisk en frá Noregi eru það SjøBjörg AS og NOFIMA.

Mögulegt samstarf til vesturs

Frekari dæmi má finna á vefsíðu Byggðastofnunar en þar má t.a.m. finna þróunarverkefni sjálfbærs varnings sem byggir á líffærum frá landi og sjó; þangi og ull, annað sem leggur áherslu á samvinnu og tengsl landbúnaðar og náttúruverndar og eitt sem hefur að leiðarljósi aukna sjálfbærni í siglingum með ferðamenn á svæðum sem vottuð eru af UNESCO, svo eitthvað sé nefnt.

Þess má geta að NORA hefur áhuga á að efla samstarf við nágretta til vesturs, með því að styrkja verkefni þar sem samstarf NORA-landanna við Kanada og skosku eyjarnar er að ræða. Þátttakendur frá þessum löndum geta þó ekki notið fjárstuðnings NORA. Aðalskrifstofan veitir aðstoð við að finna samstarfsaðila frá Kanada og skosku eyjunum. ■



Áreiðanleg tæki fyrir íslenskar aðstæður

Með landbúnaðartækjum frá Amazone, eins og plógum, sáningartækjum og áburðardreifurum, færðu áreiðanlegar lausnir sérsniðnar fyrir íslenskar aðstæður.



PÓRH

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



Sprettur

ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2025

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. maí 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27	0,66	27			4,3							77.900	80.309
Sprettur*OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,0015				109.900	113.299
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	0,55	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	95.900	98.866
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2		3,3	1,8	2,5				92%	91.900	94.742
Sprettur 25-8+Selen	0,59	25	3,5		4,0	1,7	2,5	0,0015			92%	95.900	98.866
Sprettur*OEN 38-8+Selen	0,97	38	3,5				3,0	0,0015			92%	117.900	121.546
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0015			92%	101.900	105.052
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	98.900	101.959
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0015			92%	99.900	102.990
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	99.900	102.990
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	101.900	105.052
Sprettur*OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	113.900	117.423
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,6	1,4	0,8	2	0,0015			92%	96.900	99.897
Sprettur*OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,6	2,6	0,8	4	0,0015	3,7		92%	106.900	110.206
Sprettur 27-6-6 -	0,94	27	2,6	4,9			2				92%	97.900	100.928
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5				92%	102.900	106.082
Sprettur*OEN 20-18-15+Polysulphate+Bór	0,68	20	7,4	12	1,4	0,4	3			0,02	92%	118.900	122.577
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,04	92%	106.900	110.206
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	137.900	142.165
Calciprill	0,24				36,4	0,1						55.900	57.629

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Sprettis áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi. Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Eyjafrjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafrjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com



Hornafrjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjánsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Gunnar Freyr Gestsson
Gsm: 893 2818
gunnargests@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdbaki@gmail.com



Eyjafrjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Borgarfjörður, Snæfellsnes og dalir
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Borgarfjörður
Helga Rósa Pálsdóttir
Kaupfélag Borgfirðinga
Gsm: 865 4247
helgarosa@kb.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skeljungur ehf. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is



Skeljungur

Traustur félagi!



Niðurstaða nýrrar rannsóknar er að aldur náttúrulegra birkiskóga hafi mikil áhrif á uppsöfnun kolefnis í jarðvegi og að þar séu gamlir skógar öflugastir. Þeir gætu bundið allt að 7 prósentum af heildarlosun Íslands. Feltmynd úr Þórsmörk.

Myndir / Aðsendar



„Endurheimt náttúrulegra birkiskóga kemur í veg fyrir hrun vistkerfa, bætir líffjölbreytileika og stuðlar að mikilvægi kolefnisbindingar í jarðveginum,“ segir Sólveig Sanchez, sem hér sést við rannsóknir í feltinu í Hrífunesi.

Kolefnisbinding:

Náttúrulegir birkiskógar hafa mikilvægt hlutverk



– Gætu bundið allt að sjö prósentum af heildarlosun Íslands

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Vísbendingar eru um að náttúrulegir birkiskógar hafi mikil áhrif á uppsöfnun kolefnis í jarðvegi og að þar séu gamlir skógar öflugastir.

Nýlega birtist rannsóknagrein um kolefnisbindingu náttúrulegs birkis í jarðvegi í tímaritinu *Science of the Total Environment*. Í greininni er fjallað um jarðvegs-kolefnisforða í náttúrulegum birkiskógum og breytileika hans eftir aldri skóga og staðsetningu. Meðal niðurstaðna er að aldur náttúrulegra birkiskóga hafi mikil áhrif á uppsöfnun kolefnis í

jarðvegi og að þar séu gamlir skógar öflugastir. Efling þeirra og verndun geti því orðið mikilvægur þáttur í varanlegri bindingu kolefnis og að þeir gætu bundið allt að 7% af heildarlosun Íslands miðað við þau markmið sem hafa verið sett fram um endurheimt birkiskóga.

Þer greinin heitið „Kolefni í jarðvegi náttúrulegra íslenskra birkiskóga“ og er Sólveig Sanchez aðalhöfundur en meðhöfundar Ólafur Arnalds, Jóhann Þórsson, Randy Dahlgren og Ása L. Aradóttir.

Kolefni bundið í rýrum vistkerfum

Sólveig Sanchez er doktorsnemi við Landbúnaðarháskóla Íslands. „Nýleg rannsókn mín sýnir að íslenskir

birkiskógar geta haft verulega jákvæð áhrif á bindingu kolefnis í jarðvegi og minnkað áhrif loftslagsbreytinga,“ segir Sólveig og útskýrir þetta nánar: „Eins og við öll vitum hafa vistkerfi á Íslandi og jarðvegur orðið fyrir miklu rofi allt frá landnámi. Í dag eru 45% af landinu okkar rýr. Aðeins 1,5% þess eru þakin birkiskóglendi, á móti 20–40% á tímum fyrir landnám. Jarðvegur á Íslandi er aðallega eldfjallajörð, sem er mjög kolefnisríkur jarðvegsflokkur. Þetta þýðir að hægt væri að binda mikið kolefni í rýrum vistkerfum með því að endurheimta birkiskóga,“ segir hún.

Tíu rannsóknasvæði

„Segja má að endurheimt birkiskóga

sé orðið eitt forgangsverkefna þjóðarinnar og það getur haft veruleg áhrif á kolefnisáætlunina okkar,“ heldur Sólveig áfram. „Rannsóknin „Kolefni í jarðvegi náttúrulegra íslenskra birkiskóga“ (á ensku „Soil carbon stocks of regenerating Icelandic native birch woodlands: Effects of space and time“), fjallar um kolefnisbirgðir í jarðvegi mismunandi birkiskóglendis. Það er, gamalla birkiskóga (+60 ára), yngri birkiskóga (um 30 ára), og lands án skóga staðsetts við jadar yngri skóganna. Valin voru samtals 10 rannsóknarsvæði víðs vegar um allt land og sitt í hverjum landshlutanum. Skoðað var hvernig mismunandi landfræðilegar aðstæður, eins og áfok (ryk) og veðurfar, hafa áhrif á kolefnisbirgðir jarðvegsins,“ segir hún.

Meira en aðrir norrænir laufskógar

Að sögn Sólveigar sýna helstu niðurstöður að gamlir skógar binda 7,4 kg/m² af kolefni að meðaltali í efstu 30 cm jarðvegsins. „Þessi tala er óvenjuhá miðað við aðra norræna laufskóga,“ útskýrir Sólveig. Norskir birkiskógar bindi til dæmis 3,7 kg/m². „Áætlað er að þessar háu kolefnistölur séu tilkomnar vegna jarðvegseiginleika eldfjallajarðar. Hún er fær um að binda vel lífræn efni. Tölur kolefnisbindingar voru hærri í þeim rannsóknarsvæðum sem lágu fjær áfokssvæðum en ekki. Í Skorradal og í Mjóafirði á Vestfjörðum voru til dæmis um það bil 11 kg/m² af kolefni í jarðvegi gamalla skóga.

Rannsóknin sýnir að áfok hefur neikvæð áhrif á kolefnisbirgðir á yfirborði jarðvegs, en á hinn bóginn verður jarðvegurinn dýpri sem afleiðing af áfokinu og „grefur“ niður kolefnið. Rykið bætir við efnum eins og járn í jarðveginn og getur þar af leiðandi aukið frjósemi hans, eins og sýnt hefur verið í öðrum rannsóknum hér á landi,“ segir Sólveig enn fremur.

Gætu bundið 7% af núverandi losun

Útreiknuð kolefnisuppsöfnun í jarðvegi sýnir, að hennar sögn, árlega 0,01 kg á hvern fermetra fyrstu 30 árin frá stofnun birkiskóglendis og árlega 0,04–0,07 kg á hvern fermetra

í fullþroska skóglendi (30–60 ára gamalla birkitrjáa). Markmið næstu ára er að 5% af landinu sé þakið birkiskógum.

„Til þess að ná því marki er nauðsynlegt að endurheimta 3,5% landsvæðis. Eins og staðan er í dag er aðeins 1,5% þakið birkiskóglendi. Uppsöfnunarhraðinn segir okkur að ef við endurheimtum birkiskóga sem nemur 3,5% af landinu mun jarðvegurinn binda 7% af núverandi heildarlosun CO₂ á Íslandi. Áfok hefur einnig áhrif á kolefnisuppsöfnunina. Áfok „grefur“ niður um 26 grómm af kolefni á hvern fermetra árlega á áfokssvæðum.

Niðurstaðan er sú að endurheimt birkiskóga vinnur bæði gegn jarðvegsrofi og er um leið öflugur rykfangari. Endurheimtin kemur í veg fyrir hrun vistkerfa, bætir líffjölbreytileika og stuðlar að mikilvægi kolefnisbindingar í jarðveginum,“ segir Sólveig jafnframt.

Sólveig vinnur nú að doktorsverkefni sem hluta af verkefni Birkivist. Það er þverfræðilegt rannsóknar- og þróunarverkefni sem miðar að þróun skilvirkra leiða við endurheimt birkiskóga á landsvísu. Að því standa, auk Lands og skógar, Háskóli Íslands, LbhÍ, Listaháskóli Íslands, Norsk institut for naturforskning og fleiri samstarfsaðilar.

Náttúrulegir birkiskógar öflugir

„Niðurstöður úr Birkivist munu hjálpa okkur að skilja hversu umfangsmikil áhrif birki hefur á íslensk vistkerfi. Í ljósi þess að birki er í mikilli náttúrulegri framvindu víða um land eru þessar niðurstöður ákaflega athyglisverðar,“ segir Jóhann Þórsson, sérfræðingur hjá Landi og skógi og einn höfunda greinarinnar. Hann segir niðurstöðurnar staðfestingu á því sem hefur verið nefnt í umræðu; að náttúrulegir birkiskógar séu öflugir þegar kemur að kolefnisbindingu, og að sú binding kosti í raun ekki neitt þar sem um náttúrulega framvindu sé fyrst og fremst að ræða.

Landnám birkis

Þegar eru komnar út fleiri greinar sem fjalla um niðurstöður úr Birkivist-verkefni; fyrr á síðasta ári birti Anna M. Behrend o.fl. greinina „Natural colonization as a means to upscale restoration of subarctic woodlands in Iceland“, sem sýnir fram á góða möguleika á náttúrulegu landnámi sem endurheimtaráætlun fyrir birkiskóglendi sunnan heimskautsbaugs (e. *subarctic*). Eru niðurstöður jafnframt sagðar geta nýst til að greina svæði þar sem landnám birkis er líklegt til að eiga sér stað náttúrulega og ákvarða viðeigandi inngríp sem geta auðveldað landnámi birkiskóga á öðrum svæðum. ■

BYSSU- OG SKOTFÆRASKÁPAR á betra verði

Traustir skápar samþykktir af yfirvöldum. Margar stærðir.

Byssuskápar fyrir 3, 4, 5, 6, 8 eða 12 byssur. Verð frá **34.995 kr.**

Skotfæraskápar, 2 stærðir. Verð frá **24.995 kr.**

Sendum um allt land.

Gerðu góð kaup

VEIÐIHORNIÐ

Síðumúla 8 • 108 Reykjavík • S: 568 8410
veidihornid.is

2017-2024 Framsóknarandi fyrirtæki 2010-2024

TRAUT FJÓLSKYLDUFYRIRTEKI FRÁ 1998

HH[®]
workwear



**HÁGÆÐA VINNUFATNAÐUR OG
ÖRYGGISSKÓR Í ÚRVALI**

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

MHG
VERSLUN

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ



Tyrolit FSG513P
Malbikssög - bensínknúin
500mm blað
Sögunardýpt 19,5cm



Tyrolit DME22SU
Kjarnaborstandur
Hám. borunardýpt 160mm




Tyrolit FGE280
Gólfslípivél
Slípiflötur 28cm




Tyrolit VCE240
Iðnaðarryksuga 2,4 kW
Hönnuð fyrir gólfslípun

TYROLIT

Tyrolit FSE811
Gólfisög - rafknúin
Sögunardýpt 32cm




Tyrolit TS40 Precut
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 16,5cm



Tyrolit Ringsaw TR40
Steinsög - rafknúin
Sögunardýpt 30cm



Tyrolit steinsagarblöð



MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | Víkurhvarfi 8 | 203 Kópavogi | S. 544 4656 | mhg.is



Jóhann Ingi Þorsteinsson og Gerður Ágústa Sigmundsdóttir, bændur á Mosvöllum í Önundarfirði, tóku ný fjárhús í notkun í byrjun árs. Með þeim eru synirnir tveir, Sigmundur Þorkell, eins árs, og Þorsteinn, þriggja ára. Ungu parið hafði stefnt að því að taka við kúabúi í firðinum en treysti sér ekki í fjárfestinguna þar sem reksturinn var þungur. Myndir / ál

Vestfirðir:

Ný fjárhús í Önundarfirði

– Með rými fyrir hundrað ær en fyrstu áform hljómuðu upp á hús fyrir sex kindur

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Nýbygging fjárhúsa er sjaldgæfur atburður á Vestfjörðum. Á Mosvöllum í Önundarfirði voru ný fjárhús tekin í notkun 7. janúar síðastliðinn. Á þeirri jörð hefur ekki verið stundað búfjárhald í tæp sextíu ár.

Fjárhúsin eiga Jóhann Ingi Þorsteinsson og Gerður Ágústa Sigmundsdóttir. Nýbyggingin mun nýtast sem fjárhús, hesthús og vélageymsla. Fyrsta veturinn verða þar 42 kindur, en í fjárhúsunum er rými fyrir allt að 100 kindur og fimm hesta.

Ætluðu í búskap á Vöðlum

Þau hafa búið á Mosvöllum um nokkurra ára skeið, en undanfarin

fimm ár hefur Jóhann Ingi unnið á kúabúinu á nágrannajörðinni Vöðlum í samstarfi við móðurbróður sinn, Árna Brynjólfsson, og eiginkonu hans, Ernu Rún Thorlacius. Þangað til í fyrra stóð til að Jóhann Ingi og Gerður Ágústa myndu taka við búskapnum á Vöðlum, en reksturinn var þungur og lögðu þau ekki í kaupin. Búrekstri var hætt þar á síðasta ári.

Gerður segir að ákvörðunin um að fara ekki í búskap á Vöðlum hafi

verið erfið, en þau sjá ekki eftir því núna.

„Sá draumur var fullfjarlægur og við ákváðum að reyna það ekkert meir,“ bætir Jóhann við. „Svo áttum við kindur og hesta og vantaði húsnaði undir það, þannig að við ákváðum að slá til og fá okkur stálgrindahús hér.“

Bygging fjárhússins á Mosvöllum var gerð til að „róa sveitataugarnar“ eins og Jóhann Ingi orðar það. „Við erum búin að sjá fram á að geta ekki unnið við það að vera bændur og þá er þetta góð leið til að svala sveitahjartanu,“ segir Gerður.

Hún segir fyrstu hugmyndirnar hafa snúið að því að byggja hesthús með rými fyrir allt að sex kindur. Í þróunarvinnunni hafi fjöldi kindanna síðan aukist og þegar þau sáu fyrirtæki auglýsa 230 fermetra stálgrindahús á hagstæðum kjörum ákváðu þau að slá til.

Stálgrind og yleiningar

Jarðvegsframkvæmdir hófust í lok júní og í júlí hófst vinna við að slá upp steypumótum fyrir grunninn. „Það er búið að vera ótrúlega gaman



að byggja svona skemmu. Það kom mér á óvart,“ segir Jóhann og tekur fram að það sé alltaf ánægjulegt að vinna fyrir sjálfan sig. Fjárhúsin eru stálgrindahús með yleiningum. Einingarnar voru framleiddar erlendis og var húsið sett saman á Mosvöllum.

Í einum enda húsanna eru tvær krær sem eru aðskildar með jötu. Til þess að lágmarka byggingakostnaðinn var ekki steipt haughús, heldur eru ærnar hafðar á taði og stendur til að koma fyrir gjafagrind. „Þetta má ekki vera of flókið því að við ætlum að vinna með þessu og við viljum hafa gaman af þessu,“ segir Jóhann. Hann starfar við véla- og smíðaverktöku en Gerður er hjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsinu á Ísafirði.

Á Vöðlum voru 70 kindur og völdu Gerður og Jóhann úr þær ær sem þau héldu mest upp á. „Ef við viljum svo hætta með kindur þá eigum við glænýtt hús. Það er hægt að nýta svona skemmu í hvað sem er,“ segir Jóhann. Áður en Gerður og Jóhann fluttu ærnar að Mosvöllum í byrjun árs hafði ekki verið stundaður fjárbúskapur á jörðinni í næstum sextíu ár. ■



Klippur og beygjuvélar



Stroffur
Naglar
Viralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykktur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200



Fjárhúsin eru stálgrindahús klædd yleiningum. Í öðrum enda þeirra er rými fyrir allt að hundrað kindur á taði. Hinn hluti húsanna nýtist sem hesthús og vélageymsla. Hér sést Þorsteinn, þriggja ára, við enda jötunnar.

Húsqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir
Húsqvarna Construction
á Íslandi

- Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV
gólfög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm



Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opíð mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products

Gólfsgagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílur, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



MODULUS



FRÁ VERKSMIÐJU Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Stöðluð hús með ótal
aukahlutum í boði

Verðreiknivél

Skannaðu kóðann eða
kíktu á modulus.is

36 m² frá 13.890.000 kr. án vsk

58 m² frá 19.890.000 kr. án vsk



Evrópusambandið:

Öflug innspýting í vatnsgæðamál

– Þriggja og hálf milljarða styrkur til íslenskra verkefna

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Markmið ICEWATER-verkefnisins er að bæta vatnsgæði í Íslandi og flýta innleiðingu vatnaáætlunar. Verkefnið hlaut nýlega 3,5 milljarða styrk frá ESB.

Umhverfis- og orkustofnun hlaut, ásamt 22 samstarfsaðilum, 3,5 milljarða króna styrk skömmu fyrir áramót úr LIFE-áætlun Evrópusambandsins til verkefnis sem ber heitið ICEWATER. Er markmið þess að auka þekkingu á notkun, eiginleikum og ástandi vatns á Íslandi. Jafnframt á að tryggja fumlauða og samhæfða stjórnsýslu þegar kemur að vatnamálum. Þá er ætlunin að bæta vatnsgæði, til dæmis með úrbótum í fráveitu og hreinsun á fráveituvatni. Einnig á að fræða almenning og hagaðila um mikilvægi vatns.

Styrkurinn fyrir LIFE ICEWATER er einn sá stærsti sem Ísland hefur fengið. Umfang verkefna sem þáverandi Umhverfisstofnun, nú Umhverfis- og orkustofnun (UOS), sótti um styrk fyrir er samtals um 5,8 milljarðar íslenskra króna. LIFE-áætlun ESB styrkir verkefnið um 60%, eða samtals um 3,5 milljarða króna, sem dreifast á samstarfshópinn. Fellur því í hlut innlendra aðila að fjármagna kostnað upp á 2,3 milljarða króna. Verkefnið spanna árin 2025–2030.

Uppbyggingarstarf fram undan

UOS leiðir sem fyrr segir LIFE ICEWATER-verkefnið og mun teymi Hafs og vatns á stofnuninni sinna faglegri vinnu innan verkefnisins.

Sæmundur Sveinsson, sérfræðingur hjá UOS, er verkefnastjóri LIFE ICEWATER. „Verkefnið hófst 1. janúar og mun standa yfir næstu sex árin. Okkar væntingar eru að þeim tíma liðnum hafi þekking okkar á vatnsauðlindinni aukist til muna, stjórnsýslan um



Markmið LIFE ICEWATER-verkefnisins er að auka þekkingu á notkun, eiginleikum og ástandi vatns á Íslandi. Jafnframt á að tryggja fumlauða og samhæfða stjórnsýslu þegar kemur að vatnamálum. Myndin er af þungum flaumi Jöklu á Efri-Jökuldal árið 2006, meðan jökuláin var enn óbeisluð. Myndir / sá

auðlindina verði fumlauð og tryggi gæði hennar til framtíðar, ásamt því að unnið verður að verkefnum til að draga úr álagi á vatn sem geta síðan verið fordæmi fyrir önnur verkefni á Íslandi,“ segir Sæmundur.

Hann útskýrir að hlutverk stofnunarinnar sé tvíþætt. Stofnunin beri ábyrgð á verkefnastjórnun og samhæfingu vinnu innan LIFE ICEWATER. Þá stýri stofnunin þremur af sex faglegum vinnupökkum verkefnisins. Þeir snúu að miðlun þekkingar til almennings og hagaðila, úrbótum í stjórnsýslu og gæðum ferskvatns hér á landi og aukinni sjálfbærni í vatnamálum á Íslandi til framtíðar.

Dæmi um afurðir verkefnisins séu aukin þekking á neysluvatni á höfuðborgarsvæðinu, hreinsun yfirborðsvatns á Keflavíkurflugvelli, aðgerðir til að draga úr álagi á Þingvallavatn vegna fráveitu frá Nesjavallavirkjun, úrbætur á hreinsun fráveituvatns í Hveragerði og úrbætur á fráveitu sveitarfélaganna Grundarfjarðar og Ísafjarðar.

Ísland eftirbátur Evrópu

„Þessi styrkur frá Evrópusambandinu er gríðarlega mikilvægur í þeim skilningi að við erum að fá fjármagn til að hraða innleiðingu verkefna sem snúa að því að tryggja góð vatnsgæði

um allt land,“ segir Sæmundur. Hann útskýrir að Ísland hafi innleitt lög nr. 36/2011 um stjórn vatnaáætlunar og gefi út vatnaáætlun á sex ára fresti. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var gefin út árið 2022 en Ísland sé töluvert á eftir Evrópu í þessum efnum.

„Flestir myndu telja að íslenskt vatn væri í góðu ástandi en okkur skortir samt sem áður gögn til að staðfesta að svo sé. Í vatnaáætlun voru 18 vatnshlot skilgreind í óvissu um gæði og álag á þau er mikið vegna t.d. beinnar losunar mengunarefna, eitt í hættu um að uppfylla ekki umhverfismarkmið og síðan þá hafa frekari upplýsingar um álag og vatnstöku komið fram sem taka þarf á,“ segir hann.

Í forgangi um úrbætur

Þau vatnshlot og álagsþættir sem eru algengir á Íslandi eru, skv. Sæmundi, í forgangi um úrbætur.

„Til dæmis má nefna að grunnvatnshlotið undir Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Keflavíkurflugvelli er í óvissu vegna ýmskonar álags á svæðinu, bæði núverandi og fortíðarmengun. Ísavia er meðal annarra þátttakandi í verkefninu og ætlar að ráðast í hreinsun á yfirborðsvatni af bílastæðum og fráveitu frá bílaleigum til að draga úr mögulegri mengun í grunnvatnshlotið.

Tvö vatnshlot eru auk þess skilgreind í slæmu efnafræðilegu ástandi (Tjörnir í Reykjavík og Kópavogslækur) og í báðum tilfellum ætla sveitarfélögin að fara í vinnu við að rekja uppruna mengunar og ráðast í úrbætur þar sem það er hægt,“ segir Sæmundur jafnframt.

Þá séu fráveitumálin víða í ólestri á Íslandi og nokkur sveitarfélög sem taka þátt ætli í úrbætur í hreinsun (Hveragerði, Grundarfjörður með blágrænar ofanvatnslausnir og Ísafjörður).

Verklag fyrir lítill fráveituhreinsivirki

Auk framkvæmdaverkefna segir Sæmundur verða unnið að ýmsum úrbótaverkefnum í stjórnsýslu, s.s. að endurskoða og einfalda regluverk sem geti stundum verið að hluta úrelt, eða að einfalda stjórnsýslu milli mismunandi aðila með aukinni samvinnu.

„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, með stuðningi sveitarfélaganna Bláskógabyggðar og Grímsness- og Grafningshrepps, ætlar að vinna að gerð verklags og umsókna fyrir lítill fráveituhreinsivirki og tryggja þannig skilvirkari stjórnsýslu. Það verkefni verður síðan hægt að yfirfæra á allt landið,“ heldur Sæmundur áfram.

„Við viljum einnig tryggja gæði neysluvatns okkar og stjórnsýslu í kringum það á að bæta. Hafin er vinna við að skrifa nýja reglugerð fyrir neysluvatn sem ýmsir aðilar koma að, einnig á að einfalda og straumlínulaga gagnaskilheilbrigðiseftirlita til Matvælastofnunar um gæði neysluvatns og vinna að leiðbeiningum um afmörkun vatnsverndarsvæða og eftirlit með neysluvatnstöku,“ segir hann.

Sæmundur telur að sókn í grunnvatnsauðlind Íslands, hvort sem um ræði grunnvatnstöku eða losun á mengandi efnum út í vatn, hafi aukist mikið undanfarin ár og mikilvægt sé að stjórnsýslan sé í stakk búin til að tryggja gæði hennar og að hlutverk og ábyrgð þeirra sem hana nýta sé skýrt. „Verkefni sem snúa að endurskoðun á reglugerðum, fyrsta vöktunarverkefni á grunnvatnshlotum og gagnaöflun um grunnvatnsnotkun verður bætt sem liður að því markmiði,“ segir Sæmundur að endingu.

Matvælastofnun skoðar neysluvatn

Matvælastofnun er einn samstarfsaðilanna í LIFE ICEWATER. Hildigunnur Sveinsdóttir, fagsviðsstjóri neysluvatns, örvera og matarborinna sýkinga hjá Mast, segir að neysluvatn sé lagalega skilgreint sem matvæli og skuli því uppfylla ákvæði laga um matvæli.

„Helstu verkefni Matvælastofnunar heyrir undir vinnupakka þrjú sem snýr að grunnvatni. Þar ber helst að nefna verkefni við að samræma verkefna varðandi eftirlitheilbrigðiseftirlits sveitarfélaga með neysluvatni og bæta gagnaskil um gæði neysluvatns,“ segir Hildigunnur. Einnig komi Matvælastofnun að vinnu við að samræma kerfi mismunandi stofnana svo hægt sé að deila upplýsingum á milli þeirra. ■

BYSSUSKÁPAR

Fyrir 24 byssur kr. 189.900 Eldtraustur	Fyrir 3 byssur kr. 38.900	Fyrir 7 byssur kr. 59.900	Fyrir 10-12 byssur kr. 69.900	Fyrir 14 byssur kr. 98.900
---	------------------------------	------------------------------	----------------------------------	-------------------------------

Vesturröst

Laugavegi 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturroost.is



NÝÁRSKVEÐJA


SSJ Steinsmiðja þakkar Alþingi samstarfið á liðnum árum. Við lítum stolt um öxl og erum full þakklætis fyrir að fá að taka þátt í þessu frábæra verkefni, sem nú setur svip sinn á Reykjavíkurborg um ókomna tíð.

Límtréshús, bogahús og færarlegar byggingar

Hýsi.is



Færarlegar byggingar



Bogahús



Límtréshús



BYGGJUM BETUR

Hrossarækt:

Ekki setið auðum höndum

– Farsælt ræktunarstarf í útjaðri höfuðborgarinnar

Fyrir fimmtíu árum keyptu þau Gunnar Dungal og Þórdís Alda Sigurðardóttir 14 hektara hrjóstruga jörð í suðurhluta Mosfellssveitar. Síðan þá hafa þau aukið við hekturum, grætt upp landið og bætt húsakost og byggt þar upp farsælt hrossaræktarþú, Dalland, og hestamiðstöðina Dal.

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



Þegar ekið er út af Suðurlandsveginum við Geitháls og stefnan tekin að Hafravatni vekur athygli glæsilegt bú austan vegarins. Glittir þar í fallegar byggingar umvafðar skógi og minnir umhverfið svolítið á búgarða erlendis. Það er ekki að sjá að fyrir fimmtíu árum, þegar þau Gunnar og Þórdís eignuðust jörðina, hafi ekkert verið á henni fyrir utan íbúðarhús, fjárhús og eitt dautt reynitré.

„Við Þórdís voru ákveðin í að búa ekki í Reykjavík og finnum Dalland þegar við vorum að athuga staði fyrir utan bæinn. Það var ekki mikið þegar við komum. Landið var rýrt, uppblásið og fremur óræktarlegt. Við fórum í það að setja niður tré, bera skít á tún, laga íbúðarhúsið og gera huggulegt í kringum okkur. Þetta gafst gríðarlega vel en taðframléiðslan hjá okkur var svo lítil að við þurftum að fá skít frá öðrum til þess að auka afköstin í uppgræðslunni. Við höfum látið girða mikið samhlíða þessu starfi og gert skjólbelti úr trjám,“ segir Gunnar.

Vinna þeirra við landgræðslu skilaði þeim Gunnari og Þórdísi Landgræðsluverðlaunum árið 2011.

Hestamiðstöðin Dalur

Þetta var ærið verkefni sem þau Gunnar og Þórdís tóku að sér, þá 26 og 24 ára gömul. Gunnar var þá forstjóri fyrirtækis í Reykjavík og Þórdís að hefja nám í myndlist. Þau sáu ýmsa möguleika og verkefnið vantaði ekki í sveitinni. Eftir að hæsnabúi var lokað sem starfrækt var við túnfótinn í Dallandi vaknaði upp sú hugmynd árið 1977 að stofna hestamiðstöðina Dal í samstarfi með vinum þeirra, Eyjólfu Ísólfsyni, Guðbjörgu Sveinsdóttur, Jóhanni Friðrikssyni og Gunnlaugu Eggertsdóttur.

„Við höfðum keypt hæsnabúið og rákum það í tvö ár. Því var síðan breytt í hesthús og er það upphafið að hestamiðstöðinni Dal. Við keyptum hross, Eyjólfur og Guðbjörg fóru að



Elín Magnea Björnsdóttir og Axel Örn Ásbergsson hafa séð um tamningu og þjálfun hrossa í Dallandi frá haustinu 2021. Tveir hæst dæmdu gæðingar ræktunarbúsins standa hjá þeim, en Elín heldur í Glúm en Axel í Guttorm. Monika Sól, dóttir þeirra, unir sér vel í hesthúsinu. Myndir / hf

temja, sum þeirra voru seld og einnig tókum við hross í tamningu. Síðan hættu þeir Eyjólfur og Jóhann en við höldum áfram,“ segir Gunnar.

Í dag rúmar hesthúsið í Dal um 41 hross, það er tvískipt hesthús sem tengist saman með lítilli reiðskemmu sem byggð var árið 1993. Við hliðina á hesthúsinu er 800 fermetra reiðhöll ásamt 100 fermetra stofu (Ormsstofu, nefnd í höfuðið á Ormi frá Dallandi) sem tengir hesthús og reiðhöll. Við Dal er síðan hringvöllur, skeiðbraut, beitarhólf og fjölbreyttar reiðleiðir sem þau Gunnar og Þórdís hafa að mestu leyti látið gera.

Í gegnum tíðina hefur Dalur oft orðið fyrir valinu sem viðkomustaður þegar íslenski hesturinn er sýndur erlendum þjóðhöfðingjum og sumir þeirra hafa meira að segja farið á bak

eða drifið sig í reiðgalla og riðið út. Einnig má til gamans geta að margir hópar myndlistaráhugamanna sem komið hafa frá erlendum söfnum hafa beðið um að fá að sjá hesta auk myndlistarinnar.

Ræktunin byggir á þremur hryssum

Hestamennskan var ekki ný af nálinni hjá þeim Þórdísi og Gunnari. Þórdís ólst upp á Vestur-Sámsstöðum í Fljótshlíð en fjölskylda hennar hélt þar m.a. hross. Gunnar aftur á móti var uppalin í Reykjavík, hafði mikinn áhuga á hestum og keypti sinn fyrsta hest fimmtán ára gamall fyrir peningana sem hann þénaði við að selja Morgunblaðið, Alþýðublaðið, Þjóðviljann og Tímann.

Það má segja að hrossaræktin hafi byrjað hjá þeim árið 1976 þegar þau keyptu hryssuna Lýsu frá Efrir-Rotum sem var undan Fylki frá Flögu og Rauðku frá Eyjarhólum. Lýsa átti eftir að reynast þeim vel í ræktuninni en Landsmótssigurvegarinn í A flokki gæðinga árið 2000, Ormur frá Dallandi, er sonur hennar ásamt hryssunum Kráku og Dúkkulísu, en



Þórdís Alda Sigurðardóttir á Ormi frá Dallandi. Mynd / Anna Fjöla Gísladóttir

sú síðarnefnda fékk heiðursverðlaun á Landsmóti 2006. Lýsa er einnig langalangamma stóðhestsins Glúms frá Dallandi.

Lýsa var ein af þremur stofnhryssum búsins en hinar eru Vaka frá Dýrfinnustöðum og Gróska frá Sauðárkróki. Gróska er amma Grósku frá Dallandi sem hlaut heiðursverðlaun árið 2023 og er móðir Guttorms og Konfúsíusar frá Dallandi. Til gamans má

geta að fjögur afkvæmi Grósku voru þátttakendur á Landsmóti hestamanna síðasta sumar.

„Fyrst þegar við byrjuðum að rækta reyndum við að halda í ákveðnar blóðlínur. Við höfum aðeins verið að elta Orra frá Þúfu í Landeyjum, Hrafn frá Holtsmúla. Núna erum við hætt því og íhugum frekar hvaða stóðhestur passar á hvaða meri hjá okkur, þannig að það er svo sem engin sérvíska í valinu

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

G.RUN
NETAGERÐ



Fallegt er um að litast í Dallandi en hjónin hlutu landgræðsluverðlaun árið 2021 fyrir ötula uppgræðsluvinnu.



Gunnar Dungal með Elísabetu Englandsdrottningu sem heimsótti Dalland árið 1990.

Myndir / Einkasafn

á stóðhestum. Hryssurnar sem eru í ræktun hjá okkur eru merar sem við áttum svo þetta eru að verða Dallandshross langt aftur í áttir.“

Skagafjörðurinn heillar

Undanfarin ár hafa þau Gunnar og Þórdís búið að mestu í Skagafirði en á árunum 2006, 2007 og 2014 keyptu Gunnar og Þórdís jarðirnar Stapa, Héraðsdal og Laugardal í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, skammt frá Vindheimamelum. Árið 2024 keyptu þau minkabú þegar starfsemi þess lauk en það er í landi Héraðsdals. Þau hafa því ekki setið auðum höndum þar frekar en í Dallandi og hafa þau verið að hreinsa til, gróðursetja og endurbæta og viðhalda húsakosti á jörðunum.

„Það er hægt að liggja bara upp í sófa með hendur í vösum og gera ekki neitt. Við höfum hins vegar gaman af því að gera eitthvað. Sum húsín sem við höfum eignast í Skagafirði þurftu að endurbæta og svo erum við búin að gróðursetja um þrjú hundruð þúsund plöntur hér. Við höfum líka alltaf haft mikinn áhuga á myndlist og höfum verið að safna myndlist í yfir 40 ár. Hingað koma listamenn, margir erlendis frá, sem við bjóðum að dvelja í 3–4 vikur hjá okkur, skoða sveitina og skapa.“

Þórdís, sem er starfandi myndlistarmaður, hefur komið sér upp frábærri vinnuáætlun og ver stórum hluta af tíma sínum til listsköpunar. Saman sinna þau bústörfum og fylgjast með ungvíðinu alast upp en allar ræktunarhryssurnar eru staðsettar í Skagafirði en í dag eru þau að fá frá sex til tíu folöld á ári.

„Hrossaræktin er svo skemmtileg. Það er miklu meira gaman að rækta hross en kjúklinga, finnst mér. Það er gefandi og gaman að fylgjast með folöldunum fæðast og framförum, maður sér að maður er á réttri leið og þetta er að ganga betur. Við höfum oft eignast ágætis hesta og höfum verið afar heppin með starfsmenn. Við erum orðin svo gömul að við erum farin að huga að því að reyna minnka umfangið, sem er erfitt, þetta er svo spennandi. Ræktunarhryssurnar eru hjá okkur í Skagafirði, yngstu og elstu hrossin einnig. Við erum með gott land hér og aðstöðu. Við höfum aðeins verið að láta frumtemja og þjálfa herna og fengum til þess gott tamingafólk úr Skagafirði en nú sendum við þetta allt í Dalland í tamingu og þjálfun því aðstaðan þar innandyra er betri. Hér er nokkuð mikið af tünnum og heyjum við af þeim og flytjum hluta af heyni síðan suður í Dalland.“ segir Gunnar en í dag starfa þau Axel Örn Ásbergsson og Elín Magnea Björnsdóttir á hestamiðstöðinni. „Mikið úrvals fólk sem við treystum vel fyrir bæði velferð hestanna okkar og staðnum.“

Heppin með starfsfólk

Gunnari verður hugsað með þakklæti til allra þeirra þjálfara og annarra sem starfað hafa við hestamiðstöðina frá upphafi. Hann segir þau hafa verið afar heppin með hæfileikaríkt starfsfólk og margir þeirra verið og eru enn í dag í fremstu röð þjálfara. Hann nefnir Halldór Guðjónsson og Helle Laks og Hafliða Friðriksson sem lengst hafa starfað hjá Dal, eða í rúm tuttugu ár.

Verkefnið hafa snúist um tamingar, þjálfun, sýningar, keppnir, samvinnu varðandi hrossaræktina og allt það sem viðkemur hrossum. Auk þess hefur verið girðingarvinna, uppgræðsla á landi og vinna í kringum trjárækt, byggingarvinna, viðhald og fleira. Þá stýrðu í Dal, um níu ára tímabil, þau Atli Guðmundsson og Eva Mandal. Adolf Snæbjörnsson hefur búið og starfað til margra ára við tamingar og sýningar á hrossum frá búinu, bæði í Dal og í Dallandi. Marga aðra þekktu hestamenn sem störfuðu í Dal nefna þau; Eyjólf Ísólfsen, Trausta Þór Guðmundsson, Jessicu Westlund, Rúnu Einarsdóttur, Fredrik Sandberg, Sigurð Marinusson, Karoline Wenzel, Ragnar Hinriksson, Eyvín Önnu Sigurðardóttir, Jóhann Skúlason, Hinrik Bragason, Svein Hauksson, la Lindholm, Sussie Lindberg, Ingimar Ingimarsson og er þetta aðeins brot af þeim fjölda sem komið hafa við sögu hestabjálfunar í Dal.

Það muna eflaust margir eftir Halldóri og Náthrafn frá Dallandi en Náthrafn var í fremstu röð töltara landsins á sínum tíma og Atli Guðmundsson gerði garðinn frægan á Ormi frá Dallandi en þeir unnu m.a. A flokk á Landsmóti árið 2000.

Alhliða tamingastöð


Í dag eru þau Axel og Elín Magnea sem sjá um tamingar og þjálfun hrossa í Dallandi en þau hafa verið þar frá því haustið 2021. Bæði eru þau útskrifuð með BSc í reidmennsku og reidkennslu frá Háskólanum á Hólum árið 2019.

„Hér er mjög fínt að vera, samstarfið gengur vel, frábær aðstaða, gott fólk og góðir hestar. Það hefur sína kosti og galla að vera svona nálægt Reykjavík. Við erum í alfaraleið og því þægilegt fyrir fólk að koma og skoða hesta eða koma í reidkennslu. Einnig er stutt í alla þjónustu. Helsti gallinn er kannski sá að hér getur verið mikil umferð af vélknúnum ökutækjum, útivistarfólk af höfuðborgarsvæðinu sem hefur ekki þekkingu á atferli hesta. Sem betur fer höfum við svo sem ekki lent í neinu alvarlegu. Við finnum alveg fyrir því að við erum mjög nálægt Reykjavík og þó við séum kannski smá einangruð hér uppfrá



Axel og Elín Magnea eru með 38 hross í þjálfun og tamingu.

„Það er miklu meira gaman að rækta hross en kjúklinga ...“



Theodór með fléttu í toppinum.

segjast spennit fyrir vetrinum.

„Við erum með mikið að spennandi hrossum, bæði ungum hrossum sem stefnt er með í kynbótasýningar, svo en hrossin sem við frumtömdum þegar við komum hingað eru á sjöunda vetri núna. Það tekur alltaf ákveðin tíma að byggja upp hross svo við erum spennit að fara að spreya okkur með þau á keppnisbrautinni,“ segir Axel en hann og Elín Magnea munu bæði taka þátt 1. deildinni og Vesturlandsdeildinni í vetur. ■

vorum mikið að ríða út í hverfinu og ég fór mikið á námskeið. Þegar vinkona mín fékk sér sumarvinnu á hestabúgarði fannst mér það mjög spennandi. Þabbi fékk vinnu fyrir mig á Narfastöðum hjá Bergi og Rósu og var ég þar þrjú sumur. Fyrsta sumarið fékk ég hest í sumarlaun sem var keppnishesturinn minn, það vatt eiginlega upp á sig og áhuginn varð enn þá meiri,“ segir Elín Magnea.

Spennandi vetur fram undan

Þau Axel og Elín Magnea halda úti alhliða tamingastöð í Dallandi og eru þau með 38 hross á jarnum og

BÆNDUR ERU FREMSTIR Í ENDURVINNSLU

Fyrsta skref við endurvinnslu á heyrúlluplasti er að huga að gæðum þess til endurvinnslu við kaup. Þar skiptir litaval máli.

Eftir notkun þarf að ganga vel um heyrúlluplastið og sundurgreina það frá öðrum úrgangi. Minnka umfang þess og gæta að geymslu fyrir hirðu.

Þessi fyrstu skref við meðhöndlun skipta miklu máli við endurvinnslu á heyrúlluplasti.

Hringrásarhagkerfið byrjar á þínu býli.



ÚRVINNSLU SJÓÐUR

ESB:

Bisfenól A bannað í Evrópu

– Stórhættulegt heilsu manna

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



ESB hefur nú bannað notkun efnasambandsins bisfenól A í efnunum sem komast í snertingu við matvæli. Efnid er talið valda alvarlegum heilsufarsvandamálum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins innleiddi 20. janúar sl. bann við notkun bisfenól A (BPA) í efnunum sem komast í snertingu við matvæli, vegna mögulegra skaðlegra heilsufarsáhrifa.

Bisfenól hefur verið framleitt síðan upp úr 1960. Um er að ræða efnahóp sem samanstendur af u.þ.b. 148 manngerðum efnunum. Þeim er einkum bætt út í plast til að gera það harðara og endingarbetra. Þekktasta og mest rannsakaða bisfenólid er bisfenól A (BPA) og er það framleitt í gífurlegu magni.

Bannið þýðir að BPA verður ekki leyft í vörum sem komast í snertingu við mat eða drykk, svo sem í húðun á málm dósum, endurnýtanlegum drykkjarflöskum úr plasti, vatnskælum og öðrum eldhúsbúnaði. BPA hefur verið bannað í ungarnapelum og svipuðum vörum innan Evrópusambandsins frá árinu 2011. Vonast er til að bannið muni fljótlega einnig ná til leikfanga fyrir börn.

Efnalöggjöf ESB hefur haft BPA á lista yfir varasöm efni allt frá árinu 2006 og gert atrennur að því að takmarka notkun þess með reglugerðum. Reglugerð ESB frá 2019 var m.a. innleidd á Íslandi árið 2020 og fjallar um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Mörgum hefur engu að síður þótt hægt ganga að banna bisfenól m.v. hversu skaðlegt efnið virðist vera.

Fleiri skaðleg bisfenól-efni

Útfösunartímabil BPA verður 18 mánuðir fyrir flestar vörur og mjög takmarkaðar undantekningar frá því þar sem engir aðrir kostir eru fyrir hendi, til að gefa iðnaðinum tíma til að aðlagast og forðast truflun í fæðukeðjunni, eins og segir í tilkynningu frá ESB. Bannið tekur einnig til annarra bisfenóla sem eru skaðleg æxlunar- og innkirtlakerfi.

Ná hinar nýju reglur ESB m.a. til notkunar á BPA við framleiðslu á lími, gúmmí, jónaskiptaresíni, plasti, prentbleki, sílikoni, lökkum og húðun sem getur komist í snertingu við matvæli.

Önnur bisfenól hafa verið að ryðja sér til rúms vegna takmarkana á notkun BPA. Má þar nefna bisfenól S (BPS), bisfenól F (BPF) og bisfenól M (BPM). Rannsóknir á mögulegum áhrifum



Hið skæða efnasamband BPA (bisphenol A) finnst víða í hlutum sem við mannfólkið notum dags daglega. Evrópusambandið hefur nú bannað notkun þess og gefið 18 mánuði til útfösunar þess. Mynd / Pixabay

þessara staðgönguefna eru hafnar og skv. Umhverfis- og orkustofnun gefa niðurstöðurnar til kynna að efnin hafi mörg af sömu skaðlegu áhrifum á heilsu eins og BPA.

Margvísleg skaðleg áhrif

Áhyggjur hafa verið af notkun bisfenóls A um margra ára skeið og vísindamenn varað við notkun þess. Efnid hefur sterklega verið tengt við mögulega mengun matvæla. Það er sagt valda m.a. hormónatengdri krabbameinsáhættu, þ.m.t. brjóstakrabbameini, taugaproskunarfræðilegum neikvæðum áhrifum og sykursýki. Efnid hefur eitrunaráhrif á æxlun og minnkar frjósemi. Það er innkirtlatruflandi og líkir eftir estrógeni, sem þýðir að það getur haft áhrif á starfsemi hormónakerfisins og gildir það fyrir öll spendýr. Einnig hefur efnid verið tengt við aukningu á hjarta- og æðasjúkdómum, lækun á fæðingarþyngd nýbura og auknum líkum á offitu og efnaskiptasjúkdómum. Þá hefur efnid jafnframt verið tengt við áhrif á tilfinningar, hreyfifærni, minni, lærdómsgetu og erfiðleika með tungumál og tal.

BPA finnst víða

Skv. Matvælastofnun er BPA notað við framleiðslu á ýmsum plastefnum, eins og pólýester, pólýsúlfón og pólýeter-ke-ton, sem þrávarnarefni í mykingarefni og til þess að hindra

fjöllidun í pólývínílkloríð (PVC). Það gegnir lykilhlutverki í framleiðslu á pólýkarbónat-plasti og epoxy-resíni. Pólýkarbónat-plast er notað í ýmsar algengar vörur eins og vatnsflöskur, ýmiss konar íþróttavörur, lækningaáhöld, geisladiska og fleira. Epoxy-resín eru notuð til húðunar í dósir sem ætlaðar eru matvælum, bæði niðursuðudósir og dósir fyrir drykkjavörur og einnig í sauma á niðursuðudósum.

Sýnt hefur verið fram á að BPA lekur í litlu magni úr matar- og drykkjarílátum úr plasti yfir í innihald ílátanna. Það magn eykst eftir því sem ílátin eru notuð meira, eru rispuð og/eda brotin. Efnid lekur mest úr ílátum við háan hita eða við lágt eða hátt sýrustig. Að auki berst BPA inn í líkamann í gegnum húð við meðhöndlun á hitaþolnum pappír þ.m.t. kassakvittunum, en efnid hjálpar til við að láta blekið birtast á slíkum pappír. BPA getur komist í menn með fæðu, með upptöku í gegnum húð og við innöndun.

Á vefnum ust.is má finna leiðbeiningar um hvernig draga má úr útsetningu fyrir bisfenól-efnum.


Bannið nær til Íslands

„Við endurskoðun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) á áhættumati BPA gaf stofnunin út nýtt viðmiðunargildi fyrir

Líklegt er að bisfenól A sé í:

- Borðbúnaði úr plasti (t.d. drykkjarflöskum, hnifapörum og diskum)
- Harða hlutanum á snuði úr plasti
- Dósum undir matvæli (t.a.m. niðursuðudósum)
- Pelum úr plasti fyrir ungabörn
- Leikföngum úr plasti
- Textíl
- Raftækjum
- Málningu, lími og lökkum
- Öryggisbúnaði úr plasti
- Hitáþolnum pappír (t.a.m. kassakvittunum, brottfararspöldum og stöðumælasektum)
- Geisladiskum og geisladiskahulstrum
- PC-plasti (pólýkarbónat-plast)
- Epoxy-resín (t.d. málning)

www.ust.is



polanlega inntöku á bisfenól A. Hið nýja gildi er það mikið lægra en hið fyrra að ekki er hægt með núgildandi mæliaðferðum að mæla flæði BPA yfir í matvæli. Þ.a.l. er ekki hægt að setja ný sértæk flæðimörk fyrir BPA. Til að lágmarka váhrif efnisins er því bannað að nota BPA í matvælasnertiefni, þ.e. í lím, gúmmí, jónaskipta-resín, plastefni, prentli, sílikon, lökk og húðunarefni. Hægt verður að veita undanþágur fyrir sérstaka notkun sem tilgreind er í viðauka II og með þeim skilyrðum sem þar eru sett,“ segir í svari matvælaráðuneytis við fyrirspurn um áhrif bannsins á Íslandi.

Um er að ræða reglugerð ESB 2024/3190 um notkun á bisfenól A og breytingu á ESB reglugerð 10/2011 um efnid í plasti sem kemst í snertingu við matvæli. Að sögn talsmanns sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi eru EFTA, Fríræðisráðgjafar Evrópu, nú með reglugerðina til skoðunar og verði hún talin falla undir gildissvið EES-samningsins hefst innleiðingarferli hjá EES EFTA-ríkjunum, þ.a.m. Íslandi.

„Umrædd reglugerð verður að öllu óbreyttu tekin inn í EES-samninginn í vor. Þar með breytist reglugerð (ESB) No. 10/2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli. Sú reglugerð er nú þegar inni í EES-samningnum og var innleidd í landsrétt með reglugerð nr. 374/2012,“ segir einnig í svari matvælaráðuneytisins.

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ
FYRSTU
HUGMYND AÐ
FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur stálgrindarhús fyrir atvinnu-, iðnaðar- og íbúðarverkefni

✉ kristjan@sulurehf.is
🌐 www.sulurehf.is
☎ 669 0803



Glyfosfat er mikið notað í kornrækt í Bretlandi.

Mynd / Ben Seymour

Bretland:

Glyfosfat-ónæmi staðfest

Vísindamenn hafa fundið illgresi sem er ónæmt fyrir plöntueitrunu glyfosfat, sem er virka efnið í Roundup.

Hópur vísindamanna á vegum ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðar í Bretlandi staðfesti þetta eftir að hafa skimað í gegnum fræsýni frá sveitabæ í Kent-sýslu. Illgresið sem um ræðir er einært rýgresi sem veldur oft skaða við hveitirækt á Bretlandi. Frá þessu greinir Guardian.

Þeir illgresiseyðar sem eru notaðir hvað mest í heiminum eru byggðir á glyfosfati. Í Bretlandi er það mikið notað til að hreinsa burt allan gróður í flögum og gera klárt fyrir sáningu. Glyfosfat drepur ekki plöntur sem hafa verið erfðabreyttar

til þess að þola efnið. Líkur hafa verið leiddar að tengslum milli krabbameins og glyfosfats. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin setti efnið á lista yfir mögulega krabbameinsvaldandi efni árið 2015.

Vísindamenn segja þessa uppgötvun vera ákveðið viðvörðunarkerki um að bændur skuli ekki treysta um af illgresiseyðinn. Mælt hefur verið með því að bændur beiti fleiri verkfærum, eins og skiptirækt, til að losna við illgresi úr sínum ökrum.

Ekki er talin mikil hættu á almennri útbreiðslu illgresis með glyfosfat-ónæmi eins og staðan er, en hvatt er til árvekni í nágreinni þess svæðis þar sem ónæmið fannst. /ál



Jökull kelfir. Samanlagt flatarmál jökla landsins árið 2023 var 10.200 km² og hafði minnkað um 900 km² frá aldamótunum 2000. Mynd / Pixabay

Jöklar:

Á hverfanda hveli

Árið í ár er helgað hverfandi jöklum. Íslenskir jöklar minnkuðu um 900 km² milli árunna 2000 og 2023.

Sameinuðu Þjóðirnar hafa helgað árið 2025 jöklum á hverfanda hveli, og ákveðið að 21. mars ár hvert verði sérstakur alþjóðdagur jökla. Alþjóðarárið verður nýtt til að vekja athygli á mikilvægi jökla, snævar og íss í vatnafræðilegu og veðurfarslegu sambengi og ekki síður efnahagslegu, samfélagslegu og umhverfislegu tilliti. Að þessu sinni mun dagur vatns (22. mars) einnig verða tileinkaður jöklum.

Jöklaárinu var formlega hleypt af stokkunum 21. janúar hjá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni í Genf í Sviss, í samstarfi við Menningarmálastofnun Sameinuðu Þjóðanna (UNESCO) og fleiri.

Á vefnum vedur.is segir að samanlagt flatarmál jökla landsins árið 2023 hafi verið 10.200 km² og minnkað um 900 km² frá aldamótunum 2000. Munaði þar mestu um hörfun stærri skriðjökla Vatnajökuls, Langjökuls, Hofsjökuls og Mýrdalsjökuls. Einnig hafi um 70 litlir jöklar á Íslandi horfið á þessu tímabili og var flatarmál þeirra flestra á bilinu 0,1–3 km² í upphafi þessarar aldar. Fyrirséð sé að fleiri jöklar muni hverfa á næstu áratugum og hafi Hofsjökull eystri á Suðausturlandi verið tilnefndur á alþjóðlegan lista yfir jökla sem eru horfnir eða eigi stutt eftir.

Alþjóðlega jöklarannsóknafélagið mun gefa út sérhefti á árinu sem tileinkað verður horfnum jöklum. /sá



Stórkaup ehf. | Skútuvegur 9 | 104 Reykjavík | 515 1500 | storkaup.is



Íbúðalóðir á Svalbarðseyri

Nýjar byggingarlóðir í Valsárhverfi

Kostir hverfis og framtíðarsýn

- Nálægð við skóla og leikskóla
- Fjölskylduvænt umhverfi
- Blönduð byggð; einbýli, rað- og parhús, lítil fjölbýli
- Stórar lóðir
- Nálægð við sjó
- Leik- og útivistarsvæði innan hverfis og góðar gönguleiðir
- Aðeins 12 km vegalengd inn á Akureyri

Nánari upplýsingar í síma 464 5500 og á svalbardsstrond.is.





Bæta má nýtingu mjólkur til ostagerðar með því að auka kasein-innihald hennar.

Mynd / Mjólkursamsalan

Ræktun fyrir sértækum eiginleikum mjólkur

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



Undanfarna áratugi hafa ræktunarmarkmiðin fyrir íslenska mjólkurframleiðslu fyrst og fremst einblínt á mjólkurframleiðslueiginleika og líkamsbyggingu gripa, auk nokkurra fleiri þátta eins og endingar kúa svo dæmi sé tekið.

Þessar áherslur voru eðlilegar enda mikilvægt að efla afurðasemi kúa og þar með óbeint afkomu kúabúanna sjálfra. Þessu var eins farið erlendis, þ.e. ræktunaráherslur í öðrum mjólkurkúakynjum, þar sem framleiðslueiginleikar vógu þungt í vali á kynbóttagripum. Með tilkomu nýrrar tækni s.s. vals á grundvelli erfðamengis, sem og með nýjum aðferðum við að hreinlega breyta erfðafni kúa t.d. með CRISPR tækninni (sjá m.a. grein í 20. tölublaði Bændablaðsins

2024) hafa nú galopnast ný tækifæri á þessu sviði sem gerir bændum betur kleift að horfa dýpra í kynbæturnar og m.a. byrja af alvöru að rækta fyrir sértækum eiginleikum mjólkur! Með öðrum orðum þá er nú hægt að einbeita sér betur að allri virðis kedjunni – allt frá framleiðanda í gegnum mjólkurvörur og alla leið til neytenda.

Grunnforsenda þess að þetta sé áhugavert fyrir bændur er auðvitað að tryggja að greiðsla

fyrir mjólk byggji ekki einungis á mælingum á magni og almennum mjólkurgæðum, eins og mjólkurfitu, mjólkurpróteini, frumutölu, frjálsum fitusýrum o.þ.h., heldur á mælingum á einstökum eiginleikum mjólkurinnar s.s. mjólkursyurmagni, magni einstakra tegunda af próteinum o.þ.h. Tilgangurinn með slíkum mælingum, og þá einnig ræktunaráherslum, væri að efla samkeppnishæfni mjólkuriðnaðarinnar sem gæti þá fengið til sín betur nýtanlega mjólk fyrir sérvinnslu mjólkurvara og fyrir vikið gæti mjólkuriðnaðurinn þá umbunað þeim bændum sem framleiða aukið magn slíkra eftirsóttara eiginleika í mjólk. Þessi atriði hafa verið skoðuð nokkuð vel erlendis, þ.e. hvaða sértæku eiginleikar mjólkur væru áhugaverðari en aðrir, m.a. norska kynbótafélagið GENO og norska afurðafélagið TINE. Hér á eftir fer stutt upptalning á þeim eiginleikum sem þessi tvö félög nefna sem áhugaverða kosti að skoða sérstaklega. Rétt er að taka fram að um er að ræða eiginleika norska NRF kúakynsins en ekki hins íslenska, enda þarf að skoða þetta sérstaklega fyrir hérlendar aðstæður. Upptalningin er þó áhugaverð fyrir þær sakir að í raun hafa opnast nýjar víddir í þessu sambandi sem væri áhugavert að skoða fyrir íslenskar aðstæður.

Próteingæði

Það finnst ótal tegundir mismunandi próteina í mjólk og hafa þau mismunandi áhrif á vinnslu mjólkurafurða þ.e. eftir því hvort framleiðaða á ost eða t.d. gerjaðar afurðir. Meðal kaseinanna er ljóst, samkvæmt norskum tölum, að kappa kasein E er efnahagslega óhagkvæmt að horfa á til ræktunar en tíðni þess erfðafnis sem stýrir kappa kasein E er ekki nema 2–3% í NRF kúakyninu. Norðmenn benda aftur á móti á að kappa kasein B, sem eykur nýtingu við framleiðslu á ostum, er með um 15% tíðni þess erfðafnis, sem

stýrir þeirri framleiðslu, í norska stofninum. Það gæti því verið áhugavert fyrir þarlandan markað að reyna að auka þetta hlutfall. Beta kasein próteinin eru heldur meira krefjandi. Líklega er A2 afbrigðið það sem flestir kannast við, enda hefur það öðlast þá alþjóðlega viðurkenningu að valda færri vandamálum fyrir neytendur sem eru með mjólkurþöpol. Þetta afbrigði var einmitt mikið í umræðunni um sérstöðu íslenskrar mjólkur fyrir um 25 árum, þegar umræða um innflutning norskra kúa stóð sem hæst. Þá mældist hlutfall A2 nokkuð hátt í íslenskrari mjólk sem var rannsökuð og herra en t.d. í norskrari mjólk þess tíma. Síðan hefur reyndar mikið breyst í Noregi og nú er hlutfall A2 þar í landi mjög hátt en greinarhöfundur er ekki kunnugt um stöðuna á Íslandi í dag hvað þetta varðar. Erendis eru í dag til hundruð ef ekki þúsundir hjarða sem eru arfhreinar A2 og geta neytendur víða orðið keypt mjólkurvörur sem eru seldar sérstaklega sem A2 vörur.


Aukið magn kasein

Í dag er almenn þumalfingursregla að 10 kíló af mjólk þurfi til að búa til eitt kíló af osti. Aukið kaseininnihald mjólkur myndi bæta þessa nýtingu mjólkur þ.e. þá þyrfti minna magn mjólkur til þess að búa til eitt kíló af osti. Kaseininnihald mjólkur er í dag mælt í mjólkursýnum á Íslandi og því hæfur vandi í raun að setja upp kerfi sem umbunar bændum á grundvelli magns kasein í innlagðri mjólk. Þá mætti, á grundvelli kýrsýna mjólkur, einnig rækta fyrir þessum framleiðslueiginleika kúa.

Beta-laktóglóbúlín

Beta-laktóglóbúlín A og B eru einnig mjólkurprótein, en tilheyra ekki kasein fjölskyldunni. Þessi prótein, sem finnast í miklu magni t.d. í mysu, eru talin hafa jákvæð áhrif á ostagerð og gera hráostinn stífari við vinnslu, auk þess sem þau hafi jákvæð áhrif á

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

storknunarhraða og þroska osta. Ef þessi prótein væru rannsökuð frekar mætti verðmeta mikilvægi þeirra í hrámjólki, bændum og afurðastöðvum til hagsbóta.

Frjálsar fitusýrur

Í alllangan tíma hefur íslenskur mjólkuriðnaður mælt svokallaðar frjálsar fitusýrur (FFS) í mjólk en of hátt hlutfall þeirra getur leitt til beiskjubragðs mjólkur og mjólkurafurða. Því hafa verið sett ákveðin hámark á leyfilegt magn FFS í mjólk. Sé magnið of mikið er lausnir í dag að horfa til tækninnar á kúabúinu, þ.e. hvort eitthvað valdi því að fitusýrurnar nái að myndast og/eða afurðastigs kúa svo dæmi sé tekið. En þekkt er samhengi lágra afurða við hverjar mjaltir og herra hlutfalls FFS í mjólk. Norskar rannsóknir sýna nú að gæði mjólkurinnar frá einstökum kúm hafa þarna líka mikil áhrif og hafa Norðmenn reiknað út að arfgengi þessa eiginleika er 0,25. Þetta þýðir m.ö.o. að afar líklegt má telja að hægt sé að rækta nokkuð hratt fyrir góðum eiginleikum mjólkur, þ.e. með lágu innihaldi FFS, sé vilji til þess.

Mjólkursýkur

Í dag er mjólkursýkur (sumir þekkja hann sem laktósa), mældur í öllum mjólkursýnum sem koma frá kúabændum hér á landi. Þrátt fyrir að þessi sértæki eiginleiki mjólkurinnar sé mældur reglubundið, er hann þó ekki verðlagður sérstaklega enn sem komið er hérlendis. Erlendis hafa nokkur afurðafélög og -fyrirtæki sett upp greiðslukerfi sem byggja að hluta til á mjólkursýkurinnihaldi, enda verðmætur hluti hrámjólkur. Samkvæmt norskum tölum um arfgengi þá eru arfgengi mjólkursýkurs í mjólk gríðarlega hátt eða 0,5! Því er mjög auðvelt að rækta fyrir þessum eiginleika sé vilji til þess.

Þvagefni

Þvagefnisinnihald mjólkur hefur litla þýðingu fyrir verðmætamat mjólkur en þvagefni í mjólk er hluti af stærra ferli sem felst í því að kýrnar eru að losa sig við umfram köfnunarefni. Það er því eðlilegt að gera ráð fyrir því að þvagefnismagn í mjólk sé í samhengi við köfnunarefnisinnihald í kúahlendi. Þó svo að þvagefni í mjólk eitt og sér hafi e.t.v. ekki beina þýðingu fyrir hráefnisvirði mjólkur þá getur þvagefni verið mjög áhugavert, bæði hvað varðar próteinnytingu og köfnunarefnislosun. Losun á köfnunarefni hefur einmitt verið áherslumál stjórnvalda víða um heim undanfarið og m.a. í Hollandi er lögð mikil áhersla á þennan þátt mjólkurframleiðslunnar. Norskar niðurstöður sýna að þessi eiginleika hjá kúm er með arfgengi upp á 0,3 sem þýðir í raun að þetta gæti hugsanlega verið mjög dýrmætur hjálpareiginleiki í átt að enn bættri skilvirkni kúabúa.

Mikilvægir eiginleikar

Þeir eiginleikar mjólkur sem hér að framan hafa verið taldir upp hafa vissulega mismikla þýðingu fyrir bændur annars vegar og afurðastöðvar hins vegar. Sumir þessara eiginleika hafa þó klárlega beint gildi fyrir kúabóndann á meðan aðrir eiginleikar verða í raun verðmætir vegna betri hagkvæmni við vinnslu mjólkur hjá afurðafyrirtækinu. Slík verðmæti má reikna út og skila til baka til bænda í formi sértæks greiðslukerfis sem byggir á nákvæmnisgreiningum mjólkur. Fullyrða má að erlendis séu flest afurðafyrirtæki að horfa til þessara atriða í auknum mæli og því ástæðulaust að gera ekki slíkt hið sama hér á landi, enda tæknin til að mæla komin til að vera.

Byggt m.a. á grein úr Buskap 2023(8): Avl for mjølkekvalitet.

Svalbard stígvél

Svalbard 18 eru létt og hlý fóðruð stígvél frá sænska gæðamerkinu Treksta.

- Neprene fóður
- Höggdempandi miðsóli með góðu gripi
- Styrking í hæl og tá
- Hágæða náttúrulegt gúmmi
- Stærðir 40-48

ELLINGSEN

Reykjavík - Akureyri - www.ellingsen.is



Tímasetning deildafunda Sláturfélags Suðurlands svf.

Dagsetning 2025	Deild	Staður
Miðvikudagur 19/2 kl. 12:00	Daladeild	Dalabúð
Fimmtudagur 20/2 kl. 20:00	Snæfells- og Hnappadalsdeild	Hótel Snæfellsnes
Föstudagur 21/2 kl. 12:00	Kjósar-, Hvalfjarðar-, Borgarfjarðar- og Mýrardeild	Hótel Borgarnes
Þriðjudagur 25/2 kl. 20:00	Gaulverjabæjardeild, Árborgardeild, Ölfusdeild & Villingaholtsdeild, Hraungerðisdeild, Grímsnesdeild, Þingvalla-/Grafningsdeild	Þingborg
Miðvikudagur 26/2 kl. 20:00	Biskupstungna-, Laugardals-, Skeiða-, Gnúpverja- & Hrunamannadeild	Aratunga
Fimmtudagur 27/2 kl. 20:00	Hvamsdeild, Dyrhóladeild, A-Eyjafjalladeild, V-Eyjafjalladeild, A-Landeyjadeild, V-Landeyjadeild, Fljótshlíðardeild & Hvolhreppsdeild	Heimaland
Miðvikudagur 5/3 kl. 20:00	Holta- & Landmannadeild, Rangárvalladeild, Ása- & Djúpárdeild	Laugaland
Fimmtudagur 6/3 kl. 20:00	Öræfdeild & Kirkjubæjardeild, Hörgslandsdeild, Skaftártungudeild & Áltavers- & Meðallandsdeild	Kirkjuhvoll, Klaustri

Aðalfundur SS verður haldinn föstudaginn 21. mars 2025 í Goðalandi í Fljótshlíð.


Sláturfélag Suðurlands / Fosshálsi 1, 110 Reykjavík / S: 575 6000 / www.ss.is / ss@ss.is

BÆNDAGED

Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að öþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengi í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is



Allt í appinu!

Nú er komið út nýtt Olís app og jafnframt hafa Olís og ÓB hækkað afsláttinn úr 7 kr. í 10 kr. af hverjum lítra eldsneytis þegar greitt er með lyklinum eða Olís-ÓB kortinu

Sæktu appið og fylgstu með tilboðum og afsláttarkjörum í símanum!



olís

ób

Tafla 1. Ungneyti með mestan daglegan vöxt (700 g/dag eða meira) á árinu 2024.

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, dagar	Pungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
2055 (naut)	Háls	Ópekkur	Ga x óvíst	377	329,1	UN U2	819,9
0659 (naut)	Efstaland	Janssen 21404	AA x IS x Ga	410	347,1	UN R2+	797,8
0656 (naut)	Efstaland	1538291-0739*	Ga x Li x AA x IS	399	335,2	UN U2+	790,0
1495 (naut)	Nýibær	Jóakim 21403	AA x Li x IS	552	439,8	UN R3+	760,5
1885 (naut)	Hofsstaðasel	Ópekkur	Ga x óvíst	410	319,3	UN R+3-	730,0
0069 (naut)	Stóra-Ármót (NAUTÍS)	Jens av Grani NO74061	AA	412	320,0	UN U2+	728,2
0663 (naut)	Efstaland	1538291-0739*	Ga x AA x Li	409	316,8	UN R+2+	725,7
1475 (naut)	Nýibær	Erpur-ET 20402	AA x IS x Li	529	401,6	UN R+3-	721,4
0199 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Ga x Li x IS	462	350,6	UN U3-	715,6
1452 (naut)	Nýibær	Vísir-ET 18400	AA x IS x Li	549	412,8	UN R3-	715,5
0180 (naut)	Reykir	Máttur-ET 19404	AA x IS x Ga x Li	471	356,4	UN R+2+	714,2
0208 (naut)	Reykir	Jöfur 21406	AA x Li x Ga x IS	471	355,0	UN U2+	711,3
1321 (naut)	Grænahlið	Erpur-ET 20402	AA x IS	537	397,7	UN U2+	703,4
1884 (naut)	Hofsstaðasel	Ópekkur	Li x Ga x óvíst	441	329,0	UN R+3-	700,7
1522 (naut)	Nýibær	16378711251	AA x IS x Li	496	367,4	UN R+3-	700,4
1871 (naut)	Hofsstaðasel	Eðall-ET 20403	AA x Ga x IS	462	343,4	UN RU2+	700,0
1516 (naut)	Nýibær	Jenni 21405	AA x IS x Li	536	395,2	UN R3	700,0

*1538291-0739 er sonur Bætis-ET 18404

Ungneyti með mestan vöxt á árinu 2024

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni fyrir árið 2024 voru birtar fyrir skömmu. Þar var birtur listi yfir gripi sem náðu mestum daglegum vexti á árinu og miðað við a.m.k. 450 daga aldur við slátrun.



Guðmundur Jóhannesson.



Sigurður Kristjánsson.

Við nánari skoðun er ljóst að þessi aldursmörk eru ekki rétt með hliðsjón af því að með innblöndun Angus-gripa hefur vaxtarhraði aukist mikið. Þannig er orðið raunhæft að ná gripum í

sláturstærð mun yngri en áður.

Í töflu 1 má sjá þau ungneyti sem náðu mestum daglegum vexti reiknuðum út frá fallþunga. Miðað er við að gripirnir séu aldursbilun frá 365 daga til 900 daga við slátrun og reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Í töflunni er að finna gripi sem hafa ópekkta bakgrunn en auðvitað segir það okkur lítið meira en að einhver gripur á viðkomandi bú náði góðum vexti. Það væri því algeng rökstyðjanlegt að birta ekki upplýsingar um þá gripi en að þessu sinni er þeim a.m.k. leyft að fljóta með.

Mestum eða hröðustum vexti ársins náði naut númer 2055 á Hálsi í Kjós. Þessi gripur var holdablendingur og eru skráð hlutföll 7% Galloway og 93% óvíst. Faðir er ópekkur og móðurfaðir sömuleiðis. Vöxtur þessa grips reiknast miðað við áður nefndar forsendur 819,9 g/dag sem er geysigóður vöxtur.



Ungir holdanautgripir í vexti.

Mynd / ál

Áfram gildir hið sama og áður hefur verið sagt að listar yfir þá gripi sem ná mestum vexti sýna vel hve holdablendingarnir skara fram úr, einkum og sér í lagi synir og afkomendur yngri Angus-nautanna frá einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Þær tölur sem við sjáum yfir vaxtarhraða gripanna sýna okkur og færa heim sanninn um að vel má ná gripum í góða sláturstærð við nálægt 14 mánaða aldur. Ekki þarf að fjölyrða um hve miklu minna fóður slíkir gripir hafa innbyrt yfir ævina en þeir sem eldri verða. Það hlýtur að auka hagkvæmni við framleiðslu nautakjöts svo um munar.

Sigurður er skýrsluhaldsfulltrúi og Guðmundur ábyrgðarmaður í nautgriparekt hjá RML.



Sumarexemshestur klæddur til að draga úr aðgengi lúsmýs. Mynd / Eliane Marti

Fréttir af sumarexemi

Hestar með sumarexem sýndu bata í kjölfar afnæmingar með ofnæmisvökum í ónæmisglæðum.

Grein um þróun á meðferð gegn sumarexemi í hestum birtist á dögum í *Frontiers in Allergy*. Sumarexem í hrossum er IgE-miðlað ofnæmi gegn munnvatnskirtlapróteinum úr lúsmýstegundum af ættkvíslinni

Culicoides. Lúsmýstegundir sem valda ofnæminu finnast ekki á Íslandi en ofnæmið er alvarlegt vandamál í íslenskum hestum sem fluttir eru út.

Eldri afnæmingartilraunir með seyði af heilum flugum hafa ekki gefið góða raun. Markmiðið með þessari rannsókn var að meta áhrif afnæmingar þar sem



Sumarexemshestur með kvíðlæg einkenni, útbrot og blæðandi sár.

Mynd / Eliane Marti

Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir í febrúar

Matvælasjóður opnar fyrir umsóknir 1. febrúar 2025 vegna sjöttu úthlutunar sjóðsins og verður umsóknarfrestur til miðnættis 28. febrúar 2025.

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins www.matvaelasjodur.is og umsóknum er skilað í gegnum umsóknarkerfið Afurð.



Matvælasjóður

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Höfundar greinarinnar: Sigríður Jónsdóttir ónæmisfræðingur, Vilhjálmur Svansson veirufræðingur/dýralæknir og Sigurbjörg Þorsteinsdóttir ónæmisfræðingur.

Mynd / Thelma Rakel Ottesen



Sumarexemshestur með einkenni á makka, hárlaust svæði og þykkun á húð.
Mynd / Sigurbjörg Þorsteinsdóttir.

notuð var blanda af hreinsuðum *Culicoides*-ofnæmisvökum í ónæmisglæðum í framsýnni, tvíblindri samantækingarrannsókn með lyfleysu.

Einkenni sumarexems hjá 17 hestum í Þýskalandi voru metin ári áður en afnæming hófst og á fyrsta ári afnæmingar (maí til október) og í maí og júlí á öðru ári afnæmingar. Níu hestar voru bólusettir þrisvar sinnum undir húð með blöndu af níu ofnæmisvökum í ónæmisglæðunum alum og monophosphoryl lipid A (MPLA). Átta hestar fengu lyfleysu. Á öðru afnæmingarári voru hestarnir bólusettir tvisvar sinnum með sömu blöndu. Ofnæmisvaka-sérvirkt svar gegn einum ofnæmisvaka sem var í blöndunni var metið.

Á fyrsta afnæmingarári minnkuðu meðal sumarexemeinkenni marktækt meira í meðferðarhópnum samanborið við lyfleysu. Meira en 50% bati (*e. improvement*) á meðal sumarexemseinkennum varð í 67% hestanna í afnæmingarhóp en 25% í lyfleysuhópnum. Á öðru afnæmingarári var munurinn enn meiri eða 89% í afnæmingarhópnum en 14% í lyfleysuhópnum. Í kjölfar afnæmingarinnar mynduðu hestarnir ofnæmisvaka sértæk IgG-mótefni af öllum undirflokkum. IgG-mótefni hindruðu sértæka IgE-bindingu við ofnæmisvaka.

Rannsóknir í 25 ár

Rannsóknir á sumarexemi í hestum hafa staðið í 25 ár á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum í samstarfi við dýrasjúkdómadeild háskólans í Bern.

Markmið rannsóknanna er að þróa bóluefni, sem hægt er að nota sem forvörn áður en hestarnir eru fluttir út og til að meðhöndla hesta með exem erlendis.

Bóluefnið inniheldur aðalofnæmisvaka upprunna úr munnvatns-kirtlum lúsmýsins og ónæmisglæða. Auk þess að vinna úr stórrí forvarnarbólusetningu þar sem bólusetting hestar voru fluttir út á flugsvæði, þá er verið að skoða samsetningu bóluefnisins, aldur við bólusetningu og meðhöndlun um slímhúð munnss með ofnæmisvökum tjáðum í byggi.


Sjá nánar á vefnum keldur.is

Ofnæmisvakasértæk afnæming á hestum með sumarexem virðist lofa góðu sem meðferð á hestum með ofnæmi gegn bita skordýra.

Höfundar eru sérfræðingar á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Aukin ökuréttindi - Vinnuvélanám - Endurmenntun

Allar upplýsingar á ekill.is



Eyvindur Ágústsson og Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir stórbændur í Stóru-Mörk

Lífland óskar fjölskyldunni í Stóru-Mörk innilega til hamingju með að vera með afurðahæstu kýrnar á landinu annað árið í röð.

LÍFLAND fyrir lífið í landinu

www.bbl.is



Wendel
Stofnað 1957


HILLTIP
VETRARBÚNAÐUR

SNJÓTENNUR, FJÖLPLÓGAR,
SALT - OG SANDDREIFARAR

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464
www.wendel.is - wendel@wendel.is



Jóhannes og Tomas ræða málin í aðstöðunni þar sem allt fjárrag á sér stað, holdastigun, vigtun, ormalyfsgjöf o.s.frv.
Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason



Yfirlitsmynd úr fjárhúsum. Við enda gangansins er Keenan-heilfóðurvagn sem er notaður við gjafir. Mynd / Jóhannes Sveinbjörnsson



Við vorum á ferðinni á sólríkum degi og kindurnar leituðu flestar á skuggsælan stað í skjóli trjágróðurs. Mynd / Jóhannes Sveinbjörnsson

Heimsókn á Norrby-sauðfjárbúið í Svíþjóð

Á ferð okkar á Internorden-ráðstefnuna í Finnlandi í ágúst sl. heimsóttum við stærsta sauðfjárbú Svíþjóðar. Við erum að tala um Norrby Gård í Kungsör sunnan við Mälaren-vatnið í Svíþjóð. Tomas Olsson hóf þar búskap ásamt Önnu, konu sinni, rétt fyrir aldamótin og byrjaði þá með 25 kindur en sauðfjárbúið hefur vaxið frá þeim tíma og í dag eru um 1.000 ær á fóðrum. Á búinu eru einnig örfáir holdagripir af Hereford- og Angus-kyni.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.



Jóhannes Sveinbjörnsson.

fyrir aðra bændur í nágrenninu, einkum við rúllubindingu og dreifingu á kalki, búfjáraburði og tilbúnum áburði. Tveir synir þeirra hjóna vinna við reksturinn, ekki síst við vélavinnuna. Til viðbótar er svo einn fjárhirðir sem sinnir gegningum, færir fé á milli hólfa og annað er til fellur við umhirðu fjárens hverju sinni. Afbragðs fjárhundar af Border Collie-kyni eru á búinu og mikið notaðir.

Helstu markmið Norrby-búsins eru að framleiða lambakjöt í sem bestum gæðum fyrir viðskiptavinum á réttum tíma ásamt því að stunda góða búskaparhætti og viðhalda

menningarlandslagi með sjálfbærri landnýtingu.

Norrby-búið er frumkvöðull í Svíþjóð með það að hafa tvö framleiðslutímabil, til að geta boðið upp á ferskt lambakjöt yfir lengra tímabil. Allt kjöt búsins fer til Köthallen Sorunda sem er úrvinnsluadili sem þjónustar veitingahúsamarkaðinn í Stokkhólmi. Fyrra framleiðslutímabilið eru vorlömb en þá eru um 400 ær láttnar bera um áramótin og lömbin alin innandyrá í sláturstærð og slátrað frá byrjun mars til byrjun maí uns ákjósanlegri sláturstærð er náð. Þessi lömb eru að meðaltali með 15–16 kg fallþunga með holdfyllingu U eða betri og í fituflokk 3. Við þessa framleiðslu eru nýttar Finndorset-kindur á móti hreinræktuðum hrútum af Texelkyni. Við spurðum hvort ekki væru vandamál tengd þessari innistöðu



Jóhannes bragðar á ferskum maís.

Mynd / Eyjólfur Ingvi Bjarnason

lambfjárens, sjáandi fyrir okkur það ástand sem skapast gjarnan á íslenskum sauðfjárbúum þegar halda þarf lambfé inni lengur en 1–2 vikur eftir burðinn. Tomas sagði hægt að koma í veg fyrir flest vandamál í þessu efni með því að hafa nægilega rúmt á fénu, loftraða húsin vel og síðast en ekki síst, að hafa góðan undirburð. Á Norrby er lögð áhersla á að hafa nægan og góðan hálm fyrir það hlutverk.

Seinna framleiðslutímabilið er meira hefðbundið, sauðburður er í apríl og lömbin fara í slátrun frá miðjum ágúst fram í desember. Þessi lömb eru alin utandyrá á beit og ákjósanleg sláturstærð er við 20–22 kg fallþunga, holdfyllingu R+ eða betri og fituflokk 3. Í þessari framleiðslu er hinn hlutinn af ánum á búinu notaður en ásamt Finndorset-blendingum eru til hreinræktaðar ær af Dorset, Finnsheep, Texel og Suffolk kynjum. Í kynbótastarfi búsins eru sæðingar nýttar reglulega til að sækja nýtt erfðefni og er þá flutt inn sæði frá Englandi þar sem skipulagt kynbótastarf í Svíþjóð er ekki sambærilegt og hér á Íslandi.

Á innistöðutíma eru gripirnir fóðraðir á heilfóðri og lömbin sem eru alin innandyrá fá kjarnfóður samhliða mjólk frá mæðrum sínum. Að mati Tomasar er lykillinn að góðum árangri góðar ær með frábæra móðurhæfileika. Þess vegna er meirihlutinn af ánum Finndorset-blendingar þar sem góðir móðureiginleikar koma frá Finnsheep og sveigjanleiki í framleiðslutímabili frá Dorset, þ.e. ekki þarf hormón til að koma beiðslum af stað síðsumars.

Í skýrsluhaldi sínu vinnur Tomas með eftirfarandi eiginleika: Holdastigun fjórum sinnum á ári, þyngd ána, fjöldi fæddra lamba, fjöldi lamba til nytja, burðarhjálp/ aðstoð við burð, klaufaklipping og umhirða fóta, 100 daga þungi lamba í samanburði við þyngd móður, heilsufar og almennt heilbrigði ána. Ef þessir hlutir eru allir í lagi þá verða afurðir búsins í samræmi við tilkostnað og vinnu á búinu.

Beitarstjórnun og beitar skipulag er mjög mikilvægur þáttur í bústjórninni á Norrby-búinu en gripur er víxlað reglulega á milli beitarhólfa til að beitin nái að endurnýja sig og eru holdagripirnir nýttir sem hluti af skiptibeitar fyrirkomulagi. Samhliða þessu eru saursýni reglulega greind og notkun ormalyfja stillt af út frá niðurstöðum þeirra. Jörðin er um 250 ha að stærð í heild sinni, þar af 60 ha skóglendi sem er nýtt til beitar en annað land er ræktanlegt og um 140 ha eru graslendi á hverjum tíma fyrir sig. Annað land er nýtt til annarrar ræktunar svo sem korns sem er bæði nýtt fyrir búid en einnig selt á markað. Fóðurþörf búsins er 600 tonn þurrefni af gróffóðri (ca 2.500 rúllur), 70 tonn af korni, 20 tonn af auka próteingjafa í heilfóður. Svo þarf 100 kg af hálsi á hverja kind í undirburð en þegar við komum þarna í ágúst var verið að moka út úr fjárhúsunum. Nýjasta viðleitnin í fóðurframleiðslunni er ræktun á maís til að gera maísvothey. Árangur af þeirri ræktun og verkun er framar vonum.

Við alla upplýsingaöflun eru örmerki í hverjum grip nýtt til að safna saman upplýsingum og notar Tomas hugbúnað frá FarmIt í Bretlandi til að greina öll gögnin. Úr þeim hugbúnaði er síðan einfalt að útbúa skrár til að safna saman upplýsingum og senda í sameiginlegan skýrsluhaldsgrunn í Svíþjóð.

Það var ákaflega gaman að koma í heimsókn til Tomasar á Norrby-búið en skilaboð hans til þeirra sem vilja ná árangri í sauðfjárrækt er að menn taki stjórn á gæðum beitar og grass, gæðum jarðvegs, hafi stjórn á sníkjudýrum ásamt því að hafa stjórn á kynbótum. Lykilatriði þarna er að safna gögnum og skrásetja því ef það er ekki gert þá er ekki hægt að hafa stjórn á neinum af framangreindum þáttum.

Höfundar eru sauðfjárbændur og starfsmenn RML og Lbhí.

VARAHLUTIR Í KERRUR

Bílabúðin
Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is



Eldiviði fagmannlega staflað til þurrkunar.

Mynd / Pétur Halldórsson

Eldiviður og eldiviðargerð

Eldiviður er mikilvægur hluti af viðarnytjum. Eftir því sem skógum Íslands hnignaði þurfti þjóðin að reiða sig á annað brenni. Sums staðar var rekaviður fánlegur og hrísi var safnað í eldinn líka. Tað og mór varð þrautalendingin þótt hvorugt væri fyrirtaksefni í eldinn. Þekkingin á eldiviðargerð glataðist.

Nágrannaþjóðir okkar í Skandinavíu hafa haldið þeirri þekkingu betur en við. Af þeim lærum við nú. Með vaxandi skógum á Íslandi hefur orðið til ný orkuauðlind í formi eldiviðar. Sömu leiðis er farið að vinna úr viðnum sérstaka viðarkögglum eða -perlum sem byrjað er að nýta í nokkrum mæli sem orkugjafa, bæði til upphitunar og raforkuframleiðslu. Athyglisvert er að nefna að við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað er viðarkyndistöð sem fer í gang ef rafmagn fer af spítalanum. Rafmagnið er framleitt með íslenski viðarorku en ekki innfluttri dísilolíu. Það eru jákvæð orkuskipti. En þetta er útúrdúr. Áfram með eldiviðinn.

Mikilvægt er að vinna eldivið rétt, saga í réttar stærðir, kljúfa, þurrka, geyma og líka að kveikja upp. En hvað er svona flókið? Er ekki nóg að höggva eða saga við og henda í eldinn? Nei, svo er nú aldeilis ekki. Til þess að vel gangi skiptir miklu máli að standa rétt að öllum þáttum í ferlinu. Með réttum aðferðum fáum við eldivið sem brennur hreinum bruna með litlum reyk og sóti en góðum hita. Þetta er ekki flókið eða erfitt. En ef rétt er að farið uppskerum við ríkulega og gleðin við að nýta eldiviðinn verður meiri.

Í fyrsta lagi er gott að huga að trjátegundinni sem ætlunin er að nýta í eldivið. Almennt er þægilegast að notast við eldivið úr lauftrjám eins og birki, ösp og reyniviði, sérstaklega ef viðurinn er brenndur í opnum arni eða öðrum opnum eldstæðum. Viður af barrtrjám er ríkari af trjákvodu sem gerir að verkum að hann brennur gjarnan með braki og brestum, jafnvel þannig að glóð getur spýst út úr eldstæðinu. Slíkur eldiviður er því hentugri í lokuðum eldstæðum. Sumir sækjast reyndar eftir snarkinu og þá er mjög gott að brenna til dæmis lerki sem brakar vel í og smellur.

Nútímaeldstæði eins og vandaðar kamínur eru yfirleitt búin búnaði sem er ekki með öllu óskyldur hvarfakútum í bílum og gerir að verkum að sótefni í reyknum brenna upp áður en þau komast upp úr reykroinu og út í andrúmsloftið. Til þess að þessi búnaður geri sitt gagn er mikilvægt að eldiviðurinn sé vel

Best er að vinna þessi verk síðla vetrar eða snemma vors ...

þurr og hafi ekki náð að súrna eða fúna áður en hann þornaði. Þetta sama gildir raunar jafnvel þótt enginn hreinsibúnaður sé í eldstæðinu. Því hreinni sem eldiviðurinn er og því fljótar sem góður hiti næst upp, því hreinni og betri verður bruninn.

Við eldiviðarvinnsluna er því mikilvægt að nýta nýlega höggvinn við í stað þess að taka lurka úr stæðu sem legið hefur mánuðum eða misserum saman úti við. Best er að saga viðinn í hæfilega búta og kljúfa þá strax. Og hvers vegna kljúfum við eldiviðinn? Það er til þess að flýta fyrir að viðurinn þorni og koma í veg fyrir að hann taki að súrna og fúasveppur að vaxa inn í hann. Auk þess lokar viðurinn sér smám saman, æðarnar lokast eða falla saman, og það seinkar því að viðurinn þorni. Best er að vinna þessi verk síðla vetrar eða snemma vors. Þá nýtist sumarið til að þurrka viðinn úti við.

Þegar viðurinn hefur verið klofinn skiptir miklu máli að koma honum fyrir í eldiviðarstæðu, helst þannig að ekki rigni eða snjó í eldiviðinn. Klofnum eldiviði í jafnstórum bútum er auðvelt að stafla þannig að loft leiki um hvern einasta bút. Þannig þornar hann jafnt og vel. Þegar eldiviðurinn er orðinn sæmilega þurr úti við er ekki verra ef aðstaða er til þess að láta hann fullþorna innandyra. Fólk sem gengur lengst í vandaðri eldiviðargerð hefur gjarnan tvær sams konar eldiviðargeymslur, aðra úti og hina inni. Ef jafnmörg og jafnstór hólf eru í þeim báðum er upplagt að fylla hólfinn inni jafnóðum og þau tæmast og höggva nýtt í þau sem tæmast úti. Þannig er auðvelt að fylgjast með því hvaða eldiviður er þurrastur hverju sinni og bestur í eldinn.

Til uppkveikju er upplagt að nota heflispæni en ekki er óalengt að fólk noti dagblöð og annan pappír eða sérstaka kveikikubba sem keyptir eru í búð. Það sama gildir þó um uppkveikjuefnið og eldiviðinn. Best er að það sé líka sem hreinast efni og til dæmis er trjábörkur eða grannar trjágreinir ekki æskilegasta efnið til uppkveikju því þar getum við fengið alls konar efni og óhreinindi með sem sóta illa.

Pétur Halldórsson
kynningarstjóri.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

**VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ“**

ÞARMA- FLÓRAN

ER LYKILLINN AÐ HEILSUNNI

Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins!

probi
ORIGINAL

Er komið í
nýjan búning



ÞESSI Í GRÆNA KASSANUM



**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHURÐUM**

ISHURÐIR www.ishurdir.is

564-0013 | 865-1237

Pistill formanns

Bestu óskir um farsæl komandi ár

Bændasamtökin eiga sér enga ósk heitari en að ný ríkisstjórn eigi mörg farsæl ár fram undan. Og ekki síður að sama gildi um mögulegan arftaka hennar hvenær sem hann tekur við keflinu. Þjóðin öll þarf nefnilega á stöðugleika og styrki stjórn að halda. Hún þarf ríkisstjórn sem setur sig af kostgæfni inn í málin og tekur vel í grunduðar ákvarðanir sem vonandi verður svo hrundið í framkvæmd í góðri sátt bæði við þjóðina og einstaka haghafa.

Trausti

Hjálmarsson.

Og það verður ekki annað sagt en að ríkisstjórninni fylgi góðar óskir frá fleirum en okkur. Um 70% þjóðarinnar styðja hana – reyndar mun fleiri en þeir sem styðja flokkana sem standa henni að baki. Það verður væntanlega ekki skilið öðruvísi en að fólk treysti liðsheildinni og ábyggilega ekki hvað síst samstarfi valkyrjanna þriggja sem fyrir flokkunum fara. En það blikka viðvörunarljós sem segja okkur að hvað ríkisstjórnina varðar ættum við að minnsta kosti að fylgja heilræðum Hávamála um að lofa dag að kveldi.

Það getur ekki verið að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að taka nógildandi búvörulög úr sambandi áður en Hæstiréttur úrskurðar um lögmæti þeirra uppfylli væntingar okkar um vel í grunduðar ákvarðanir eftir undirbúning sem unninn er af kostgæfni. Engin skýring hefur fengist á ódagotinu enda þótt um hana hafi verið spurt á blaðamannafundinum.

” En það blikka viðvörunarljós sem segja okkur að hvað ríkisstjórnina varðar ættum við að minnsta kosti að fylgja heilræðum Hávamála um að lofa dag að kveldi ...

Í sjálfu sér kann það að vera virðingarvert sjónarmið nýrrar ríkisstjórnar að ný búvörulög séu einfaldlega „ólög“ eins og núverandi utanríkisráðherra og formaður Vidreisnar sagði. Þess vegna vilji hún vinda ofan af hagræðingarmöguleikum nýju laganna. Um leið blasir það við að tekjur bænda munu ekki hækka með þessari aðferðinni. Annað þarf að koma til. Á meðan sami ráðherrann talar á sama blaðamannafundinum um nauðsyn þess að efla hag bænda og landbúnaðarins með ýmsum ráðum verða þau orð innantómur fagurgali nema á leiðirnar sé bent.

Þingmálaskráin sem kynnt var til leiks inniheldur líka yfirlýsingar um breytingar á tollalöggjöfinni sem til þessa hefur slegið ákveðinni skjaldborg utan um landbúnaðinn. Eitt atriði er sérstaklega tekið til og því lýst yfir að héðan í frá verði á nýjan leik

heimilað að flokka mjólkurost sem jurtaost og flytja hann þannig inn til landsins án hefðbundinnar tollverndar. Pennastrikið í ráðuneytinu er kannski hvorki stórt né fyrirhafnarmikið. Það er hins vegar ekki ólíklegt að það hafi í för með sér þriggja milljóna lítra samdrátt í mjólkurframleiðslu, eða meira. Það jafngildir framleiðslu um tólf eða fleiri meðalstórra mjólkurbúa. Jafnmargir bændur ásamt fjölskyldum sínum myndu þá bregða búi.

Á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar, og enn þá síður í þingmálaskránni, er hvergi minnst á þá vágæsti sem ógna um þessar mundir fæðuöryggi þjóðarinnar. Stríðsátökin sem stöðugt færa sig nær okkur og tollastríðið sem nýr forseti Bandaríkjanna hefur hleypt af stokkunum eru bein ógn við íslenska þjóð. Ekki einhvern tíma seinna heldur nákvæmlega núna. Almannaþingurinn vinna að gerð leiðbeininga til landsmanna þrjótist út stríðsátök hér á landi eða annars konar vá. Danir, Norðmenn, Finnar og nú síðast Svíar hafa allir uppfært áætlanir sínar og sent almenningi leiðbeiningar um hvernig þeir eigi að búa sig undir stríð eða annars konar hættuástand. Almennigur hér á landi má vænta sambærilegra skilaboða á næstu mánuðum.

Á þennan nýja veruleika sem öryggi þjóðarinnar býr við, m.a. hvað varðar matvælaforða sinn og matvælaframleiðslu, er hvergi minnst þegar ný ríkisstjórn horfir til næstu hundrað daga. Nema kannski að því leytnu til að stóruka rekstrarerfðileika landbúnaðarins með neyðarhemli á hagræðingu og yfirlýsingu sem felur í sér stórfelldan samdrátt í mjólkurframleiðslu.

Ég vil enn þá trú á allt hið góða í fólki. Það gildir líka um nýja ríkisstjórn enda þótt hún fari fljótfærnislega af stað í okkar málum. Auðvitað vill hún vel og vonandi á hún eftir að sýna það í verki og þá ekki síst á þeim sviðum sem varða þjóðarhag miklu. Þar leikur íslenskur landbúnaður stórt hlutverk. Eftir gott samtal síðustu misserin og mikil skoðanaskipti við þingmenn og frambjóðendur allra flokka í nýafstaðinni kosningabaráttu eru bændur ekki í nokkrum vafa um að viðfangsefni þeirra, bæði í vörn og sókn, munu jafnt njóta skilnings og stuðnings innan stjórnar sem stjórnarandstöðu.

Fyrsta stóra samstarfsverkefni bænda og stjórnvalda verður gerð nýrra búvörusamninga. Þar mun virkilega reyna á hvort ríkisstjórnin hyggist standa við stóru „fögru“ orðin eða hvort hún heldur áfram að sýna okkur tennurnar með þeim hætti sem raun bar vitni á kynningu þingmálaskrárinnar. Ég hlakka til þessa langa og mikilvæga samtals. Eftir ánægjuleg fyrstu kynni mín af nýjum atvinnuvegaráðherra, sem leiða mun samningaviðræðurnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, er ég vongóður um að okkur muni takast vel upp. Ég er sem sagt hjartstýnn eins og venjulega og hlakka til þegar ný stjórnvöld sýna okkur hina hliðina á peningnum. Þar á ég við hvernig þau hyggist bæta okkur tekjutapið sem við blasir – og kannski rúmlega það. Þar mun vonandi sjást hvernig hagur okkar muni vænkast í góðu samstarfi við nýja stjórnarherra.

Trausti Hjálmarsson,
formaður Bændasamtaka Íslands.



„Ísland er í þeirri einstöku stöðu að öll kúamjól á landinu er framleidd með landkyni sem kom með landnámsmönnum og hefur verið ræktað hér frá örófi alda,“ ritar Egill Gautason.
Mynd / bbl.

Íslenskar kýr og verndun þeirra

Í kjölfar skýrslu frá Landbúnaðarháskóla Íslands, riti Lbhí nr. 174, er umræða um innflutning á erlendu kúakyni aftur komin á fullt.



Egill Gautason.

Jón Viðar Jónmundsson og Baldur Helgi Benjamínsson skrifuðu meðal annars ágæta grein í síðasta tölublaði Bændablaðsins um innflutning kúa. Mig langar í þessum pistli að varpa ofurlitlu ljósi á nokkur atriði sem varða verndun íslenska kúastofnsins.

Niðurstöður skýrslunnar benda ótvírætt til verulegs ávinnings af innflutningi nýs kúakyns. Skýrslan kemur út á sama tíma og margir kúabændur búa við erfiða afkomu og eðlilegt að margir bændur telji að nýtt kúakyn myndi hjálpa til við að bæta reksturinn. Ég ætla ekki að bera brigður á niðurstöður skýrslunnar og í fyrrnefndri grein Jóns Viðars og Baldurs er réttilega bent á mikilvægi þess að bæta kjör bænda. Mér finnst þó frekar snubbótt umfjöllun um vernd íslensku kýrinnar. Jón Viðar og Baldur segja: „Á okkur eru skyldur um slíka vernd en ekki með að gera eina kúakyn landsins að forngripasafni.“ Því miður útskýra þeir ekki við hvað er átt. Mér dettur í hug að þeir eigi við að skynsamlegt sé að bæta íslenska kúakynið með innflutningi erlends erfðaeftnis og framrækta blendingsstofn. Ég veit að margir bændur telja þetta vænlega leið. Ég tel þetta ekki sennilegt til árangurs heldur ætti frekar að horfa til þess, ef ákveðið verður að flytja inn erlent kúakyn, að stefna að því að rækta íslenskar kýr áfram sem hreinan stofn til hliðar við innflutt kyn. Blendingsstofn, t.d. af íslenskum kúm og norskum rauðum (NRF), yrði líklega síðri til framleiðslu heldur en hreinn stofn af NRF og blendingsstofninn hefði einnig minna varðveislugildi en hreinn íslenskur stofn. Hér vil ég benda á að einsleitni íslensku kúakynsins er styrkur þegar kemur að erfðamengjakynbótamati. Mikið blandaðir stofnar hafa átt í dálitlum vandræðum með stöðugleika kynbótaspáa. Skipulögð blendingsrækt er síðan

allt annað mál sem gæti verið skynsamlegt, eins og nefnt er í grein þeirra félaga.

Verndargildi íslensku kýrinnar

Mikilvægt er að halda því til haga að varðveislugildi íslensku kúastofnsins er ótvírætt. Íslenskar kýr hafa verið að mestu einangraðar frá landnámi og eru skyldastar gömlum norrænum kúakynjum. Engin merki eru um að skyldleikarekt sé eða hafi verið óhófleg í íslenska kúastofninum. Lítil eða nær engin ummerki eru um blöndun við erlent kyn þrátt fyrir nokkurn innflutning erlendra kúakynja á 18. og 19. öld. Skyldir stofnar eru flestir í viðkvæmri stöðu eða í útrýmingarhættu. Ísland er í þeirri einstöku stöðu að öll kúamjól á landinu er framleidd með landkyni sem kom með landnámsmönnum og hefur verið ræktað hér frá örófi alda.

Áhrif innflutnings

Með innflutningi nýs kúakyns væru Íslendingar að taka þátt í þróun sem átti sér stað í nágrannalöndum okkar fyrir nokkrum áratugum síðan. Útkoman hefur oftast verið sú að minni kynin hafa horfið algjörlega eða tóra í mjög viðkvæmri stöðu. Ef af innflutningi verður mun einhver hluti kúabænda sæða sínar kýr með sæði úr innfluttu gripunum. Í fyrstu kynslóð yrðu til 50% blendingar sem yrðu sæddir með erlenda kyninu. Eftir áratug eða svo af sæðingum með erlendu erfðaeftni verður lítið eftir af íslensku blóði í þessum hjörðum. Ef rekstrarhagkvæmni með innfluttu kyni er mun meiri munu fleiri íslenskir bændur skipta íslenskum kúm út fyrir erlendar. Hætt er við því að stofninn yrði svo lítill að hann yrði á endanum í útrýmingarhættu, ef ekki er gripið til neinna aðgerða til að vernda íslenskar kýr. En það fer meðal annars eftir því hvernig íslenskum kúm farnast í samkeppni við erlendu gripina. Hugsanlega myndu einhverjir bændur halda hreinar íslenskar kýr samhliða þeim erlendu. Hér er rétt að benda á að mikil blöndun í íslenska stofninn getur haft mjög mikil áhrif á ræktunarstarfið. Þegar stór hluti kúastofnsins væri orðinn

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum

Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083



Bændablaðið á
Instagram & Facebook

” Mér finnst þó frekar snubbótt umfjöllun um vernd íslensku kýrinnar ...

blandaður myndi það verulega draga úr stærð ræktunarstofnsins. Afleiðingin gæti orðið að taka þyrfti naut á stöð með verulegri blöndun við erlent kyn og þá gæti erfðahlutdeild erlenda kynsins orðið varanleg.

Hvað er til ráða?

Hugsanlegur innflutningur gæti þannig ógnað tilvist íslenska kúastofnsins. Við því þyrfti að bregðast og þar eru nokkrar leiðir færar. Til að stofninn teljist ekki í neinni hættu þyrfti að hafa um 6.000 kýr og ákveðinn lágmarksfjölda nauta samkvæmt viðmiðum frá FAO. Til að teljast í útrýmingarhættu er miðað við 3.000 kýr. Erfðaframarir í slíkum stofni yrðu mun minni en í dag. Það er hins vegar fjarri því einfalt í framkvæmd að binda svo um hnútana að hópur bænda vilji halda stofnstærðinni uppi ef kýrnar eru mikið óhagkvæmari en þær erlendu. Til að tryggja viðunandi stofnstærð held ég að sé óhjákvæmilegt að greiða þurfi þeim sérstaklega sem halda íslenskar kýr, líklega er einfaldast að það sé gert með sérstökum gripagreiðslum fyrir íslenskar kýr. Slíkar greiðslur væru þá hugsaðar sem verndaraðgerð fyrir íslenska stofninn. Samhliða þyrfti að vakta stofnstærð íslenska kúastofnsins og gripa til aðgerða ef fjöldi hreinna íslenskra gripa minnkaði verulega, og þá sennilega hækka gripagreiðslurnar. Sjálfur tel ég enga ástæðu til að flana að neinu varðandi kynbótastarfið ef kemur til innflutnings erlends kúakyns. Raunar er afar mikilvægt að viðhalda öllum innviðum kynbótastarfsins því þeir nýtast ekki einungis fyrir erfðaframarir í íslenska kúastofninum heldur líka fyrir vernd stofnsins. En það er viðbúið að erfðaframarir minnki ef íslenski stofninn minnkar verulega.

Önnur leið er að freista þess að markaðssetja mjólk úr íslenskum kúm sérstaklega. Í rannsókn á

greiðsluvilja fyrir nokkrum árum kom fram að Íslendingar eru tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir mjólk framleidda af íslenskum kúm heldur en erlendum. Til að bjóða neytendum þann kost þyrfti mjólkuriðnaðurinn hins vegar að halda mjólk úr íslenskum og erlendum kúm aðskildum að einhverju eða öllu leyti. Ekki veit ég hversu kostnaðarsamt það væri eða hyort það sé yfirhöfuð raunhæft. Í þessu samhengi má líka velja því upp hvort ferðamenn væru tilbúnir til að greiða hærra verð fyrir mjólkurafurðir framleiddar með íslenskum kúm, og hversu stór slíkur markaður sé. Fróðlegt væri að heyrja sjónarmið mjólkuriðnaðarins í þessu samhengi. Víst er að sérstæða er verðmæt og fordæmi eru fyrir því utan úr heimi að afurðir úr ákveðnum kynjum séu seldar á hærra verði.

Hugsanlegar aðgerðir

Ef til innflutnings kemur eru nokkrar aðgerðir til að tryggja stöðu íslenska stofnsins. Ég tel að helstu aðgerðir séu þessar: (1) vöktun á fjölda arfhreinna íslenskra gripa og skyldleika þeirra, (2) áframhaldandi arfgerðar-greiningar og stuðningur við kynbótastarf íslenskra kúa, þar á meðal skýrsluhald, kynbótamat og rekstur nautastöðvarinnar, (3) sérstakar gripagreiðslur fyrir kýr af hreinum eða nær hreinum íslenskum stofni, og (4) aðskilin söfnun og vinnsla og sérstök markaðssetning á mjólk úr íslenskum kúm.

Að lokum

Ég vil taka skýrt fram að núverandi fyrirkomulag ræktunarstarfsins er líklega hið besta mögulega fyrir vernd íslenska kúastofnsins. Stofninn er stór og óblandaður, með víðtæku skýrsluhaldi og nýjum og nýlegum aðferðum beitt við ræktunina. Þá hefur aukning skyldleikaræktar verið innan þeirra marka sem er talin ásættanleg fyrir búfjárstofna. En það þýðir að sjálfsögðu ekki að það sé besta fyrirkomulagið fyrir alla kúabændur, neytendur og mjólkuriðnaðinn. Nú er það einkum bænda, en líka stjórnvalda, mjólkuriðnaðarins og neytenda, að ákveða hvað skuli taka til bragðs. Mikilvægt er að finna lausn sem tryggir góða afkomu kúabænda, öflugna innlenda mjólkurframleiðslu, og ásættanlega verndun íslenska kúastofnsins.

Höfundur er lektor við LbhÍ.



Trésmiðjan Akur

AKURShús - íbúðarhús og frístundahús

Afhent úppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað

- Allt eftir þínum óskum

Íslensk hönnun & framleiðsla



65 ára
1959-2024

Kynntu þér húsabæklinginn okkar á akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt

Sendu okkur línu á akur@akur.is



Smiðjuvellir 9 | 300 Akranes | 430 6600 | akur@akur.is



dysraheilsa.is
Fást aðeins hjá dýralæknum

CBD olíurnar frá Inuвет hjálpa þínu gæludýri að slaka á yfir hátíðarnar



DÝRALÆKNAHEIMSÖKN

MARGMENNI

FRAMKVEMDIR

FLUTNINGAR

FLUGELDAR


PÖSSUN

AÐSKILNÆÐUR

HUNDASKÓLI

HÁVABI

HALTU KÚLINU



Við erum með sex verlanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

HAMPIÐJAN

hampidjan.is/verslun · <https://vefverslun.hampidjan.is>

Reykjavík
Skarvagardar 4
Sími 530 3333

Ólafsvík
Ólafsbraut 19
Sími 436 1214

Ísafjörður
Suðurtangi 14
Sími 470 0830

Akureyri
Norðurtangi 1
Sími 841 1322

Neskaupstaður
Naustahvammur 49
Sími 470 0807

Vestmannaeyjar
Friðarhöfn
Sími 664 3340

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com

Að gefnu tilefni

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins birtist grein eftir þá félagi Baldur Helga Benjamínsson og Jón Viðar Jónmundsson þar sem þeir hvetja til aðgerða þegar í stað í því skyni að leggja af hið forneskjulega íslenska mjólkurkúakyn og hefja innflutning á nýjum og afkastameiri kúakynjum til eflingar á íslenskum kúabúskap og mjólkurframleiðslu til framtíðar.



Magnús B. Jónsson.

Í greininni leggja þeir reyndar til aðra aðferðafræði en hingað til hefur verið rædd þegar umræður um að skipta út íslensku kúnni fyrir önnur afkastameiri kúakyn, nefnilega að byggja í miklum mæli á blendingarækt. Greinin er kröftug brýning til aðgerða eins og vænta mátti úr þeirra ranni en í þessu eins og svo mörgu öðru er kapp best með nokkurri forsjá. Sé umfjöllun um afkomu kúabænda nágrannalandanna skoðuð virðist sem þeir séu ekkert of sælir af sinni afkomu þrátt fyrir að nýta mun afkastameiri kúakyn enda vert að muna að kúakynið og afkastageta þess er ekki eini þátturinn sem markar afkomu greinarinnar og hvers bónda fyrir sig.

Að þessu sögðu vildi ég gera nokkra athugasemdir við atriði og orðalag sem fram koma í greininni. Í umfjöllun um fyrri rannsóknina á samanburði á íslenskum kúm og kúm af nokkrum erlendum kúakynjum er látið að því liggja að þar hafi höfundar hyglað íslensku kúnni við val á forsendum. Þarna finnst mér ómaklega vegið að höfundunum og hvernig rökstutt. Í þeirri rannsókn var



Mynd / mjb

reynt að vanda eins vel til verka og unnt var og þarna hefur höfundum ef til vill skjöplast í mati sínu.

Í greininni er víkið að því hvernig vernda skuli íslenska kúakynið og þar með líffræðilegan fjölbreytileika þess. Í umfjölluninni er kyninu líkt við „forngripasafn“. Á öðrum stað í blaðinu er opnugrein sem fjallar um staðreyndir þessa forngripasafns sem er í stöðugri framför á flestum sviðum ræktunarstarfsins og staðfestir þá alþjóðlegu skoðun og niðurstöður margra rannsókna að besta varðveisla hins líffræðilega fjölbreytileika í búfjárfestni/ kyni er að nýta hann svo sem kostur er til framleiðslu og stunda jafnframt skipulagt ræktunarstarf. Þar með fara saman ræktun og verndun gagnstætt því sem haldið er fram í grein þeirra félaga.

Til þess að hnykkja frekar á hversu lítills virði erfðamengi íslenska kúakynsins sé eru það kallaðir hugarórar ef nokkur trúir því að nokkru sinni í framtíðinni yrði leitað til íslensku kúnna um erfðafni. Það er erfitt að spá um framtíðina. Í því sambandi má nefna að á sínum tíma þegar úrvalsáferðir á grunni erfðamengis voru að ryðja sér til rúms héldu sumir fræðimenn, íslenskir, því fram að þessi aðferðafræði myndi að öllum líkindum aldrei geta nýst í litlum erfðahópum eins og íslenska kúakyninu en reyndin var önnur. Hið sama var upp á teningnum varðandi kyngreint sæði. Menn skyldu því aldrei segja aldrei.

Að lokum. Það er mikilvægt í umræðu um starfsumhverfi nautgripaæktarinnar að skoða heildarmyndina og þar er kúakynið aðeins einn af framleiðsluþáttum. Íslenska kúakynið er ekkert útilokað í þeirri heildarmynd og ekkert „forngripasafn“. Í þessu samhengi verða stjórnvöld að gera sér grein fyrir þeim skyldum sem fylgja skuldbindingum um varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og taki það með í umfjöllun um aðkomu samfélagsins að afkomu bænda og greinarinnar í heild.

Höfundur er fyrrum starfsmaður við Lbhí og fyrir íslenskan landbúnað til margra ára.



Þessi mikla jarðvinnsla Ygg í Saltvík getur leitt til upplásturs frá landinu og sannarlega til mikillar losunar kolefnis. Þessar framkvæmdir ganga þvert gegn öllum megingrundvallarreglum í vernd íslenskrar náttúru. En af hverju stöðva þær stofnanir sem bera ábyrgð á líffræðilegri fjölbreytni ekki svona náttúruni? Mynd / Hörður Jónsson.

Kolefnisskógrækt á villigötum

Á samfélagsmiðlinum Vísir birtist umfjöllun um skógræktina á Þverá og í Saltvík í Suður-Pingeyjarsýslu þann 30. janúar sl. undir fyrirsögninni „Hvað næst, RÚV?“ Þar kvartar Hilmar Gunnlaugsson, einn af stofnendum og nú starfandi framkvæmdastjóri Yggdrasils Carbon, YGG, yfir nýlegri umfjöllun RÚV af umdeildri skógrækt nærri Húsavík.



Sveinn Runólfsson.

Það er rétt hjá Hilmar að það er ekki samhljómur í fyrirsögn fréttarinnar á RÚV um að ekki hafi verið farið að lögum og segja svo að niðurstöðu sé að vænta á næstu dögum eða vikum. En það kom ekki fram í fréttinni að líklega hefðu verið framín fleiri lögprot við þessar skógræktarframkvæmdir.

YGG rústaði ríku mólendi

Fyrirtæki í kolefnisbindingar-skógrækt eru aftur farin að berja sér á brjóst og fullyrða að þau bjóði til sölu vottaðar kolefniseiningar, en sannleikurinn er sá að því fer víðs fjarri.



Botngróður í stafafuruskógi. Hvernig getur Hilmar haldið því fram að skógrækt á vegum YGG í Saltvík og Þverá verndi þá líffræðilegu fjölbreytni sem þar var? Mynd / Sigurður Hjalti Magnússon.

Það eru einkum tvö veigamikil atriði í aðsendri grein Hilmars til Vísis sem undirritaður formaður stjórnar VÍN, Vina íslenskrar náttúru, gerir alvarlegar athugasemdir við.

Hið fyrra er að Hilmar segir: „Reyndar er það svo að YGG gengur í verkefnum sínum lengra en áður hefur almennt verið gert í að huga að líffræðilegum fjölbreytileika, vernda votlendi og safna gögnum um ástand svæða fyrir framkvæmdir og á lífúma verkefnanna.“ Þessi fullyrðing er fjarri öllum sanni því í verkefnum nærri Húsavík, það er í Saltvík og á Þverá, er YGG að rústa ríku mólendi með mikilli líffræðilegri fjölbreytni og skilar meirihluta skógræktarsvæðanna eftir með skógarbotni sem er nær lífvana eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Ekki í samræmi við alþjóðlega samninga

Skógræktarframkvæmdir YGG ganga þvert gegn öllum megin grundvallarreglum í vernd íslenskrar náttúru, sérstaklega lífríkis, samkvæmt lögum um náttúruvernd og landgræðslu og eru í engu samræmi við alþjóðlega samninga um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og meðal annars þegar litið er til verndar ábyrgðartegunda mófugla og búsvæða þeirra.

Síðara atriðið í óvönduðum skrifum Hilmars snýr að því að hann stærir sig af því að YGG safni gögnum um ástand svæða fyrir framkvæmdir. En það láðist að mæla einn afar þýðingarmikinn þátt, sem veldur því að allar fullyrðingar um vottum verkefnisins með tilliti til framleiðslu kolefniseininga verða rangar. YGG mældi einfaldlega ekki hvort landið sem gróðursett var í var að losa eða binda kolefni. Eftir þessa miklu jarðvinnslu þá mældu YGG ekki heldur hve mikið landið var að losa eftir aðgerðirnar, eins og Sigfús Bjarnason bendir á í grein sinni á vef Náttúruvina.

Þar af leiðandi mun fyrirtækið aldrei geta reiknað út með ásættanlegri vissu hvenær skógurinn er búinn að bæta fyrir tapið á kolefni er varð við jarðvinnsluna og hvenær skógurinn

er farinn að binda meira kolefni en áður var, það er fyrir upphaf skógræktarframkvæmdanna.

Mælingar verður að gera á staðnum

YGG getur ekki skýlt sér á bak við að það séu til mælingar á bindingu/losun kolefnis á allt öðrum stöðum og ef til vill mælingar á losun frá jarðvinnslu í öðrum jarðvegi á öðrum svæðum. Alvörumælingar verður að sjálfsögðu að gera nákvæmlega á þeim stöðum þar sem gróðursetningin fer fram. Annað er falsvottun.

Þrátt fyrir að YGG telji sig hafa nú þegar vottaðar kolefniseiningar til sölu, þá fer því fjarri að sú vottun geti talist faggild og óháð aðkomu hagaðila. Engin alvöru, sómakær alþjóðleg vottunarstofa mun votta þessar framkvæmdir sem hér er lýst og þær kolefniseiningar sem þessi tvö tilgreindu verkefni kunna að skila verða verðlausar. Þar með taldar þær einingar sem YGG ætlar að greiða sveitarfélaginu Norðurþingi í mútur fyrir framkvæmdaleyfi í Saltvík á komandi árum.

Stöðva þarf þennan skógræktargrænþvott

Það er með ólíkindum að íslensk og eða erlend fyrirtæki séu að greiða fyrir annars vegar kolefnisbindingu sem alls engin víska er fyrir að verði eins og lofað er, og þó svo að hún verði einhver þá verður það ekki fyrir en eftir áratugi. Og hins vegar að gera það með því að rústa fullkomlega góðu og lífríku gróðurlendi með meðal annars meintum ágangum tegundum eins og stafafuru.

Það þarf að stöðva þennan skógræktargrænþvott tafarlaust og stofnanir ríkisins og aðrir eiga að snúa sér að því að endurheimta náttúruleg vistkerfi, þar með talið votlendi, og nota aðrar áreiðanlegar aðgerðir í kolefnisbúskap til að binda kolefni og draga úr losun þess.

Höfundur var landgræðslustjóri frá árinu 1972 til 2016.

RISA ÚRVAL AF HÍFI- OG FESTIBÚNAÐI!


☎ 862 4046

📍 Móhella 3, Hafnarfirði

SKRALLI

Lilleseth Kjetting

CE-VOTTAD



Fjárskiptin 1937-1955:

Eftir niðurskurð voru lömb af ósýktum svæðum flutt inn á svæðið

- 205.000 lömb.

Í sumum tilfellum voru lömbin af svæðum sem áður hafði verið skorið niður á – mest úr Suður-Þingeyjarsýslu vestan Skjálfandaflljóts af vestfirskum og N-Þing. uppruna (u.þ.b. 35 þús. lömb).

Hlutfall erfðaeftis sem flutt var inn á niðurskurðarsvæðin var:

- 74,4% þess af Vestfirðum
- 9,8% úr Örafum
- 9,6% úr N-Þing.
- 6,2% úr V-Skaftafellssýslu

Stór hluti arfgerðagreininga hefur verið gerður á fé af þessum uppruna.

Fengið úr fagfundi 2022, Vilhjálmur Svansson.

Það er enn von


Í ljósi nýjustu fréttar á arfgerðinni ARR í 3 kindum á bænum Skammadal í Mýrdal, vil ég setja nokkur orð á blað því þessar fréttir veita okkur von um að ARR gæti leynst á fleiri stöðum.

Féð í Mýrdalnum er nefnilega fjárskiptafé frá 1954. Fjárskiptaféð í Mýrdalinn var fengið úr Vestur-Skaftafellssýslu, austan Hrauns (Bók Hjalta Gestssonar, Sauðfjarrækt á Suðurlandi). Svo greinilegt er að ARR kindurnar í Mýrdalnum eiga ættir sínar að rekja í Vestur-Skaftafellssýslu og þar hefur aldrei verið skorið niður.

Það var aðeins eitt annað hólf á Suðurlandi sem fékk fé úr Vestur-Skaftafellssýslu en það er Land, Holt og Djúparhreppur, en 85% af fénu sem fór þangað var úr Vestur-Skaftafellssýslu. Hin 15% fjárens kom úr Örafum (Bók Hjalta Gestssonar, Sauðfjarrækt á Suðurlandi). Í Örafunum hefur ekki verið skorið niður heldur.

Þess má einnig geta að líklegast er að ARR genið, sem fannst í Dölunum, gæti hafa komið úr Mýrdalnum. Þegar voru fjárskipti 1965 í Haukadals-, Miðdala- og Hörðudalshreppi, þá voru keypt nokkur lömb úr Mýrdalnum, ættuð úr Vestur-Skaftafellssýslu.

Við eigum enn þá eftir að kanna meira af stofninum. Í dag er einungis búið að greina um 20% ána (Óbirt



Magnús Helgi Loftsson.

gögn frá Eyþór Einarssyni, RML).

Ef við ætlum að finna nýjar uppsprettur, þá þurfum við að gera það núna, áður en hin genin verða blönduð í stofninn.

Byggjum grunninn á sem sterkustu og víðustu flórunni í baráttunni við árans riðuna. Því fleiri upprunabú af ARR, því fljótari verðum við að dreifa verndandi genum án þess að eiga á hættu óþarfa skyldleikaræktun. Nú er kominn uppruni af hyrindum ARR kindum og því er ekki lengur nauðsynlegt að blanda hyrindu og kollóttu saman.

Með þessari grein vil ég því hvetja sauðfjarrændur á eftirfarandi svæðum: **Mýrdal, Örafum, Skaftárhreppi, Rangárþingi ytra ásamt Haukadals-, Miðdölum og Hörðudal sunnan Búðardals** að taka stórar stikkprufur úr sínum hjörðum, því þar gætu leynst erfðafæðilega mikilvæg þús fyrir vegferðina að riðulausu Íslandi. Á þessum svæðum eru búin bæði stór sem smá og gríðarlega góð fyrirmyndarabú, sem sómi er af.

Höfundur er bóndi á Kópavatni 2, Hrunamannahreppi.

Uppboð á færanlegum húseiningum við Dalskóla, Grafarholti

Reykjavíkurborg býður til sölu færanlegar húseiningar við Dalskóla, Úlfarsbraut 122, Úlfarsárdal. Um er að ræða tvo klasa, alls 19 einingar, eða alls 478,6 m² en allar einingarnar seljast saman.

Byrjunarverð (lægsta boð) er 2,3m eða sem nemur um 5.224 kr. per m²

Fasteignamat einingunum 2025 eru 91.210.000.- kr. samkvæmt fasteignayfirliti.

- 12 eininga klasi alls 177,6 m²
- 7 eininga klasi alls 301 m²

Skoðun og tengiliðir:

Áhugasamir geta skoðað einingarnar eftir samkomulagi, sjá auglýsingu.

Nánari upplýsingar á uppbod.com



Skoða Uppboð



Reykjavík

Uppbod.com

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spennan 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.

Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-


Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-



Varmás

Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

BÚSTJÓRI HVANNEYRARBÚSINS



Starf bústjóra Hvanneyrarbúsins ehf er laust til umsóknar. Hlutverk Hvanneyrarbúsins er búrekstur í þágu kennslu- og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands.

Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgripærækt, sauðfjarrækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd. Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með rekstri Hvanneyrarbúsins.

Um fullt starf er að ræða.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Umsjón með starfsemi og rekstri Hvanneyrarbúsins
- Umsjón með ræktunarstefnu, lögbundnu hjarðskýrsluhaldi og öðru skýrsluhaldi fyrir rannsóknir og kennslu
- Umsjón með aðbúnaði búfjár og viðhaldi á aðstöðu og tækjabúnaði
- Vinna við gegningar, heyskap, jarðrækt og fleira
- Þátttaka í rannsóknum og mælingum
- Móttaka nemenda, kennara og tilfallandi gesta
- Virk þátttaka í uppbyggingu og innleiðingu nýsköpunar í búrekstri sem og önnur störf er tilheyra búrekstri

HÆFNISKRÖFUR

- Próf í búvísindum eða skyldum greinum
- Stjórnunarreynsla og reynsla af rekstri
- Reynsla af nautgripærækt, sauðfjarrækt og vélavinnu
- Önnur iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Sjálfstæð, skipulögð og snyrtileg vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku

UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 7. FEBRÚAR 2025

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf eigi síðar en 1. apríl 2025. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir
Stjórnarformaður Hvanneyrarbúsins
ragnheidur@lbhi.is, s. 433-5000

Theodóra Ragnarsdóttir
Rekstrarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands,
theodora@lbhi.is, s. 433-5000

ÖNNUR LAUS STÖRF Í AUGLÝSINGU:

Deildarforseti
Kennsluforseti
Lektor í hestafraeði
Verkefnastjóri í Endurmenntun
Lbhí og kennari í hestafraeðum
Umsjónarmaður hveititilrauna

Nánar á lbhi.is og starfatorg.is

Þjóðbúningur að gjöf frá konum á Íslandi til kvenna á Nýja Íslandi

Íslenskur hópur kvenna sameinast nú um stórbrotna gjöf sem mun gleðja og styrkja tengslin milli tveggja landa.

Á 150 ára afmæli Íslendinga- byggðar í Kanada árið 2025 mun nýr kyrtill – þjóðbúningur fjallkonunnar – verða afhentur í Gimli, þar sem þessi gjöf mun verða tákni um vináttu og samstöðu milli íslenskra kvenna í bæði gamla og nýja heiminum.

Hugmyndin um nýjan kyrtill

Hugmyndin um að endurnýja kyrtilinn sem klæðir fjallkonuna í Gimli kviknaði í heimsókn sem nemendur Annríkis fóru til Íslendingabyggðanna í Kanada árið 2023. Fjallkonan í Gimli hefur verið klædd í kyrtill og höfuðbúnað í áratugi, sem er mikilvægur hluti af þjóðhátíðarhöldunum og er þjóðlegt tákni fyrir Íslendinga í Vesturheimi. Þegar búningurinn var skoðaður návar kom í ljós að hann þurfti á endurbótum að halda. Kyrtillinn er slitinn og höfuðbúnaðurinn þarfnast lagfæringar. Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að sauma nýjan kyrtill og gefa.

Nýr kyrtill – tákni nýrrar tengingar

Í lok árs 2023 var ákveðið að ný kyrtillinn yrði ljós eins og upprunalegi kyrtillinn, en með útsaumunum myndi sem endurspeglar íslenska náttúru og menningu. Hildur Rosenkjær og Ásmundur Kristjánsson, eigendur Annríkis, fengu til liðs við sig nemendur frá Annríki ásamt hluta kvenna sem voru með í Kanadaféðinni 2023. Góður starfshópur hefur myndast sem stýrir verkefninu undir handleiðslu Hildar, og hefur tekið að sér útsaum á kyrtlinum, sem mun prýða fjallkonuna við hátíðarhöldin í Gimli árið 2025.

Mynstrið sem valið var fyrir kyrtilinn er Liljumynstur, sem teiknað var af Sigurði málara. Þetta mynstur á rætur sínar að rekja til fornra altarisklæða og er saumað með lykkjuspóri og flatsaumi, sem gefur því bæði klassískt og nýtt útlit.

Skagafjarðarhópurinn – sköpun og samverustundir

Þó að Skagafjarðarhópurinn sé aðeins einn af mörgum hópum og ótal frábærum konum um



Frá innkomu fjallkonunnar í Gimli í Kanada á Íslendingahátíð 2023.

Myndir / Aðsendar



Frá stofnfundi Kyrtills-verkefnisins í Annríki.

allt land sem eru að sinna útsaumi og öðrum handverkum, þá viljum við deila þessum fréttum frá þeim til að byrja með, og vonumst til að geta deilt fleiri fréttum frá öðrum hópum þegar við komumst nær lokum.

Skagafjarðarhópurinn samanstendur af fjórum konum: Ástu Ólöfu Jónsdóttur, Jóhönnu Björnsdóttur, Rósu Róarsdóttur og Sigríði Ingólfssdóttur. Hópurinn hefur tekið að sér verkefni sem snýr að útsaumi á pilsíð, og þrátt fyrir að byrjunin hafi verið röleg, með mikilli umhugsun og vangaveltum um hvernig best væri að framkvæma verkið, þá hafa þær nú komist á

fullt skrið og stefna að því að ljúka verkefninu í febrúar eða mars. Pilsaþytur, sem hefur aðstöðu við Aðalgötu 2 á Sauðárkróki, er staðurinn þar sem hópurinn hefur hist og sameinað krafta sína við saumavélarnar. Samverustundirnar eru bæði gefandi og gleðjandi, og þær skapa minningar sem munu örugglega ylja þeim þegar þær rifja þær upp á elliheimilinu síðar meir.

Samstarf milli kvenna

Verkefnið er einstaklega sérstakt fyrir þann mikla hóp kvenna sem tekur þátt sem viðkemur skipulagi, kynningu, útsaumi sem og viðgerð á höfuðbúnaði og möttli. Almar Grímsson er tengiliður við Kanada, og Sigrún Ásmundsdóttir er tengiliður hósins til Íslendingafélagsins í Kanada.

Gjöf sem byggir brýr

Gjöf frá konum á Íslandi til kvenna á Nýja Íslandi er ekki bara um varðveislu kyrtills fjallkonunnar, hún er líka tákni fyrir vináttu og samstöðu. Þar sem konur frá báðum löndum vinna saman til að varðveita og endurnýja þjóðlega arfleifð.



Guðrún Hildur Rosenkjær og Sigurbjörg Friða Ólafsdóttir, höfundur greinarinnar.

Hugmyndin um nýjan kyrtill í Gimli er því ekki aðeins sögð tákni, heldur er hún líka nýr kafli í þeirri samstöðu og menningarlegu tengingu sem hefur verið mikilvæg fyrir Íslendinga í Kanada í yfir 150 ár. Grundvallaratriði er að viðhalda þessum góðu menningartengslum.

Áframhaldandi ferðalag

Það er með mikilli gleði sem við sjáum þessa gjöf verða að veruleika. Við vitum að hún mun bæta sýn okkar á því hvernig þjóðbúningar eru varðveittir og þróaðir. Við hlökkum til að sjá hvernig kyrtillinn mun prýða fjallkonuna í Gimli og hvernig þetta verkefni mun viðhalda tengslum milli Íslands og skyldfólks okkar í Vesturheimi. Þetta er saga sem flestir þekkja og má ekki gleymast.

Enginn slítur þau bönd, sem hann er bundinn heimahögum sínum. Móðir þín fylgir þér á götu, er þú leggur af stað út í heiminn, en þorpið fer með þér alla leið.

(Jón úr Vör, 1946)

Sigurbjörg F. Ólafsdóttir, kynningarfulltrúi.

BÚNAÐARÞING

20. – 21. MARS 2025

HOTEL NATURA REYKJAVÍK

Allar upplýsingar á bondi.is



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Hveiti og fæðuöryggi

Í framhaldi af frétt í Bændablaðinu sl., 23. janúar, vaknar spurning um hvað teljast megi íslensk matvæli.



Ari Trausti

Fríðriksson

Guðmundsson.

atvinnuvega- ráðherra vegna þessa þar sem fram kemur í Morgunblaðinu (21.01) að hún „segir ríkisstjórnina hafa ríkan vilja til þess að búa svo um hnútana að hveitiframleiðsla verði áfram haldið á Íslandi“. Ráðherra vísar svo m.a. til fæðuöryggis og vilja ríkisstjórnarinnar til að styðja hveitiframleiðslu í landinu þar eð kornvinnslustöð Líflands gæti verið lokað á næstunni. Orð ráðherra eru góð tíðindi, að breyttu breytanda. Þarf þá ekki íslenskt hveiti?

Hveiti á Íslandi

Eftir því sem ég veit best er hveiti lítt ræktað enn sem komið er á Íslandi. Nær sýnilega 2–3% af allri kornframleiðslunni en hún snýst mest um bygg. Hveitið sem notað er á heimilum og í matvælaframleiðslunni hér er innflutt sem þreskjað korn tilbúið til flokkunar, mölunar og þökkunar. Þessir þættir hveitiframleiðslunnar fara fram á Íslandi en ekki ræktunin og

uppskeran. Eiginlega íslenska hveitið er unnið í smáum stíl hjá nokkrum framsýnum framleiðendum. Ágæt framleiðsla Kornax er ekki úr íslensku hveiti, heldur aðallega þýsku, en merkt með orðunum íslensk framleiðsla.

Framleiðsla – ekki einhlítur skilningur?

Þegar um matvæli ræðir tel ég ekki fullnægjandi að kalla hveitið í þessu tilviki íslenska framleiðsla, hvað þá íslenskt hveiti eða flokka sem íslensk matvæli, sé því síðarnefnda haldið fram einhvers staðar. Svipað mætti segja um ost framleiddan úr innfluttri mjólk (ef því væri að skipta) eða poka með hraðfrystum kjötbollum, unnum úr sænsku svína- og nautakjöti. Vera má að hús úr finnsku timbri í hólf og gólf, byggt hér á landi, megi kallast íslensk framleiðsla. En þegar rætt er um íslensk matvæli og fæðuöryggi í sömu andrá er þörf á skýrleika. Varla telst mikið öryggi í að hafa hér einhverjar birgðir af erlendu korni og starfhæfa kornmyllu?

Vilji stjórnvöld auka fæðuöryggi, ber þeim að vinna að efltri hveitiræktun með innlendum bændum. Hún er vanmetin að verðleikum eins og ýmiss konar sjálfbær, og sem lífrænust, matvælaframleiðsla í landbúnaði okkar.

Höfundur er jarðvísindamaður og fyrrverandi þingmaður.

Íslenska kýrin í mikilli framför

Það liggur fyrir mikið afrek hjá kúabændum á þessari öld hversu stórstígar framfarir hafa einkennt íslenska kúastofninn og risastökk í aukinni mjólkurlagni.




Guðni Ágústsson.

Í síðasta tölublaði Bændablaðsins mátti lesa um kýrnar í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum þar sem stór hjörð skilaði að meðaltali á tíunda þúsund lítrum eftir árskúna. Önnur frétt um hana Klauf í Lambhaga á Rangárvöllum sem mjólkaði yfir sextán þúsund lítra yfir árið.

Þegar horft er til baka sést best hversu risavaxnar framfarirnar eru. Árið 1990: mjólkuðu þær 4140 kg að meðaltali. Árið 2000: 4657 kg og árið 2023: 6411 kg, fast að 50% aukning á 23 árum. Mörg kúabú með meðalnyt frá sex þúsund og upp í og yfir átta þúsund lítra á ári.

Aðbúnaður kúnna er betri í nýjum fjósum með mjaltþjóni. Heyskapartækni hefur batnað og endurræktun túna. Engin spurning að bændunum er meiri alvara en áður var. Kynbætur eru á fljúgandi ferð og nú stærsta atriðið í höfn, kyngreint sæði.

Mikið er rætt um meðalaldur bænda og umræðan snýst um að stéttin sé komin á eftirlaunaaldur 67 ára gömul að meðalaldrí. Þetta er alrangt, ég sé að Skagfirðingar telja meðalaldur kúabænda sinna vera 47 ár. Þannig að fróðlegt væri að vita þessa tölu í landinu. Sauðfjárbændur eru gerðir með þeim hætti að þeir búa margir ævina út. Landbúnaðurinn er á framfaravegi og ekki síst kúabúskapurinn og hrossabúgarðarnir. Munið það, bændur, að fólkið í landinu styður ykkur, þið eigið ekki einir íslensku kúna, ef þið ákveðið að fórna henni þá getur margt breyst í viðhorfinu til ykkar. Árið 2001 höfnuðu íslenskir



Íslenska kýrin. Mynd / Karsten Winegeart

kúabændur norsku NRF kúnni, 75% sögðu nei við tilrauninni. Þótt þjóðin hafi eignað undirrituðum þessa ákvörðun aftur og aftur voru það bændurnir sjálfir sem gerðu það. Hins vegar var þetta haft eftir mér sem landbúnaðarráðherra: „Nú verða menn að una glaðir við sína íslensku kú og hugsa um það eitt að rækta hana.“ Það hafið þið sannarlega gert, kúabændur.

Frétt barst á dögunum um að 85% þjóðarinnar vilja helst að allar landbúnaðarvörur sem hægt er verði framleiddar í landinu. Kjötíð, mjólkurvörurnar og grænmetið. Bændurnir eru vinsælir þó þeir viti ekki af því. Það er mikilvægt að verja þessa ánægjuvog, ekki síst nú þegar ESB-áðild er komin á dagskrá. Ef Ísland gengur í ESB færir landbúnaðurinn mestar förnir.

Stöndum saman, Íslendingar, um að hafna því að ganga í Evrópusambandið. Það strandaði árið 2013, innganga færir okkur einungis förnir. Við eigum auðlindir lands og sjávar og landbúnaðurinn með sína heilbrigðu búfjárstofna er öryggi barna okkar og framtíðarinnar.

Höfundur er fyrrverandi landbúnaðarráðherra.

CAT rafmagnslyftarar fyrir hámarks afköst og öryggi



Umhverfisvænir, hagkvæmir og endingargóðir rafmagnslyftarar


Rafmagnslyftararnir frá CAT eru hljóðlátur og umhverfisvænn kostur sem henta fyrir alls kyns vörumeðhöndlun. Rafmagnslyftarar á borð við CAT EP16-20(C)N2 línuna sem er fullkominn kostur fyrir alls konar meðferð á farmi, allt frá því að lyfta vörum í og úr hillum í að flytja farm á mill svæða.

- Lyftigeta 1,6-2,0 tonn
- Lyftihæð allt að 7 metrar
- Innbyggð vigt
- Hliðarfærsla á göfflum
- Auka vöskvalögn
- Strikfrí dekk

Hafðu samband við **Gunnar M. Arnþórsson**, sölustjóra, í **590 5135** eða **gma@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.



REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100



ENDURVINNSLA Í 80 ÁR

Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.
MIÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

Frávísunartillaga á veruleikann?

Nú í aðdraganda deildarfunda BÍ og Búnaðarþings langar mig að setja niður á blað nokkrar vangaveltur sprotnar út frá umræðu í kjölfar útgáfu skýrslu Landbúnaðarháskólans um samanburð á kúakynjum.



Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir.

Skýrslan sýnir fram á talsverða hagræðingar- möguleika fyrir mjólkurframleiðendur og framlegðar aukningu með því að flytja inn erfðaeftirfarir úr norrænum kúakynjum. Skýrslan er gott innlegg í umræðu um framtíðina, en einnig viðurkenning á að einhver þarf að bera uppi kostnaðinn af því að hafa hér aðeins eitt framleiðslukyn til mjólkurframleiðslu. Hún er líka viðurkenning á að samkeppnishæfnin er skökk og við berum skarðan hlut frá borði þegar kemur að samkeppni við innfluttar mjólkurvörur og nautgripakjöt.

Af hverju umræðu?

Umræðan er ekki ný af nálinni, en það sem er ólíkt í umræðunni nú, sé miðað við fyrir um aldarfjórðungi, er það að í dag er hún tilkomin vegna afkomuvanda greinarinnar sem og flókinnar framtíðarhorfa í síbreytilegum og hröðum heimi nútímans. Mikil fólksfjölgun, stóraukning í komu ferðamanna og veldisvöxtur í innflutningi á mjólkurvörum og nautgripakjöti eru dæmi um þessar flóknu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Hér nefni ég nokkur dæmi um þessar áskoranir. Endurnýjun á fjósum hefur verið allt of hæg og viðhaldsskuldin er mikil, en búum fækkar, nýliðun er lítil og meðalaldur bænda hækkar. Við löppum allt of mikið upp á gamlar byggingar í stað þess að byggja nýjar frá grunni. Staðreyndin er sú að 40% mjólkurframleiðenda fylla ekki greiðslumarkmið þrátt fyrir 100% framleiðsluskyldu. Þá er kálfadaudi einnig stórt vandamál. Tekst að tryggja nægilegt framboð af mjólk til að anna



„Staðreyndin er sú að 40% mjólkurframleiðenda fylla ekki greiðslumarkmið þrátt fyrir 100% framleiðsluskyldu.“

Myndir / al

innanlandsmarkaði á næstu árum? Nýr verðlagsgrundvöllur kúabús sýnir að framleiðslukostnaður er nær óbærilega hár hér á landi.

Ómálefnaleg afgreiðsla mála

Á síðustu deildarfundum, búgreiðingum nautgripabænda BÍ og Búnaðarþingi BÍ hafa verið sendar inn til umræðu og afgreiðslu tillögur er snúa að því að hagsmunasamtök okkar bænda vinni að því að gera þeim mjólkurframleiðendum, sem það kjósa, mögulegt að nýta innflutt erfðaeftirfarir í sinni framleiðslu. Hafa þessar tillögur fengið ómálefnalega afgreiðslu, umræðan lítil sem engin, mjög lituð af tilfinningum og óhóflegum frávísunartillögum verið beitt. Tillögurnar hafa því ekki fengið þá faglegu umræðu sem var tilgangur innsendingar þeirra á þann vettvang.

Osk mín er því sú að á komandi deildarfundi BÍ 27.–28.febrúar næstkomandi fái yfirveguð

umræða um innflutning á erfðaeftirfarir í mjólkurkúr að eiga sér stað og verði áður nefnd skýrsla Landbúnaðarháskólans þar höfð að leiðarljósi.

Afkomuvandi greinarinnar, hvernig verður hann leystur?

Í máli Kristjáns Eymundssonar, verkefnisstjóra hjá RML, í grein Bændablaðsins 23. janúar síðastliðinn, var afkomuleysi greinarinnar enn þá viðvarandi á síðasta ári, líkt og árin á undan. Í dag greiða nautgripabændur um 11 kr. með hverjum framleiddum mjólkurlitru og 99 kr. með hverju framleiddu kíló af kjöti. Einnig kemur fram að samkvæmt þessum rekstrargögnum, sem eru rauntölur af íslenskum kúabúum, greiða bændur sér mun lægri laun en nýr verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir og eru þeir því miklir eftirbátar í launum miðað við sambærilegar stéttir í landinu.

Kjarabætur til þriðja aðila?

Ekki gengur til lengdar að bændur greiði með sér og gangi þannig á eignir, eigið fé og heilsu, líkamlega og andlega. Er svigrúm til hækkanna á markaði í gegnum verðlagsgrundvöll og heldur tollverndin? Við getum áfram reynt að sækja kjarabætur til þriðja aðila eins og ályktað hefur verið reglulega um á síðustu deildarfundum og búgreiðingum nautgripadeildar BÍ. Með þriðja aðila á ég við að sækja kjaraleiðréttingu til ríkisins, nú eða jafnvel bankanna. Í skýrslu LbhÍ frá 2024, Stuðningskerfi íslensks landbúnaðar: Markmið og leiðir, eftir Torfa Jóhannesson, Jóhónnu Gísladóttur og Þórodd Sveinsson, má sjá að stjórnvöld líta til samanburðar milli landa innan OECD þar sem fram kemur að mjólkurframleiðsla héraðs sem og annar landbúnaður er í flokki þeirra ríkja sem styrkja sinn landbúnað hvað mest.

Fjármagnskostnaður er íþyngjandi og það er sjálfsgat mál að reyna áfram að fá Seðlabankann til að lækka vexti og vonandi skapast skilyrði fyrir skaplegri vöxtum til langframa hér á landi.

Það að einhver hluti mjólkurframleiðenda sjái sér hag í því að auka framlegð sína með fleiri en einu kúakyni í sínu fjósi ætti að vera nokkuð augljóst og ekkert ólíkt öðrum hagræðingaradgerðum sem bændur telja að henti sér, t.d. sjálfvirkir mjaltþjónar eða tölvustýrður gjafabúnaður.

Ótvírætt verndargildi íslenska stofnsins

Verndargildi íslenska kúastofnsins er ótvírætt og ekki bara á ábyrgð bænda. Bændur eru matvælaframleiðendur sem gert hafa samninga við ríkið um að framleiða heilnæmt íslenskt kjöt og mjólk.

Verndareiginleika þarf að skilgreina og tryggja til þess fjármagn. Í ofangreindri skýrslu LbhÍ kemur fram að með afkastameira kúakyni mætti lækka framleiðslukostnað mjólkur um rúmlega 3 milljarða. Á hverju einasta ári um alla framtíð. Verðmiði á stofnverndina verður ekki settur hér, en það er ljóst að í dag er hún greidd af framleiðendum og neytendum.

Stofnvernd íslenska kúakynsins er virkilega spennandi verkefni og sé ég ekkert því til fyrirstöðu að það geti tekist vel. Vel hefur verið staðið að kynbótastarfi héraðs og er umræðan um nýtt erfðaeftirfarir á engan hátt gagnrýni á það starf sem hefur verið unnið eða á þann árangur sem hefur náðst.

„Það er löngu kominn tími til að kúabændur horfi framan í veruleikann ...“

Erfðaframsfarir

Ný tækni s.s. erfðamengjaúrval og kyngreint sæði hafa oft verið nefnd sem ástæða þess að ekki sé tímabært að ræða innflutning. Hafa þarf í huga, að þó að til innflutnings kæmi er íslenska mjólkurkúrinn ekki að fara neitt. Erfðamengjaúrval mun nýtast áfram sem og kyngreint sæði í hvaða kúakyn sem mun verða áfram. Á hinn bóginn verður að taka með í dæmið að erfðaframsfarir erlendis eru ekki minni. Þvert á móti eru tæknijungar að skila miklum framföllum í flestum öðrum nautgripakynjum. Því er ólíklegt að við getum náð upp því forskoti sem önnur kyn hafa.

Að hafa val

Á komandi deildarfundi BÍ mun ég leggja fram þá tillögu að hagsmunasamtök okkar bænda hefji nauðsynlega vinnu, s.s. að óska eftir lagabreytingum, ræða verndaráætlun o.fl. til að af innflutningi á erfðaeftirfarir úr norrænum nautgripum megi verða.

Eftir vel heppnaðan innflutning á Angus-erfðaeftirfarir síðasta áratuginn í holdanautgripi eru allir innviðir og þekking nú þegar til staðar. Búið er að fjárfesta í þekkingu, aðstöðu og áhættugreiningum og gott og öruggt samstarf er nú þegar við ræktunarstöð í Noregi en Norðmenn eru með þeim fremstu í heiminum á þessu sviði.

NRF-kýr

Ég er persónulega hrifnust af því að við lífum til Noregs og þá NRF-kúastofnsins. Ástæðan er einföld. Ég tel að þær kýr falli vel að íslenska fjölskyldubúinu. Afurðamikið kyn bæði á mjólk og kjöt, nautkálfar með mikla vaxtargetu sem henta vel til kjötframleiðslu. Kýrnar með allra hraustustu kynjum enda var snemma farið að kynbæta þær fyrir t.d. fóta- og klaufavandamálum, burðarferfðleikum og júgurhreysti. Þá má nefna að Noregur vermir botnsætið í sýklalyfjagjöf í heiminum og fellur það vel að okkar stefnu. NRF-kýr eru líkar þeim íslensku að útliti, stærri en þó svipaðar og stórar íslenskar kýr. Þær hafa afburðagöða fóðurnýtingu sem fellur vel að markmiðum í loftslagsmálum. Möguleikar okkar bænda til að auka hlut innlands gróffóðurs og minnka hlutfall innflutts kjarnfóðurs eru miklir samkvæmt samanburðarskýrslunni sem vitnað er í hér að ofan.

Bændur eru fagmenn

Mér er fúlasta alvara með þá skoðun að þeir bændur sem það kjósa fái eitthvert val um hvaða framleiðslugripi þeir hafa í sínu fjósi. Bændur eru fagmenn sem er treystandi til að taka meðvitaðar og upplýstar ákvarðanir um allar þær áskoranir sem fylgja því að fá gripi í sínar hendur, meta aðrar þarfir og breytt vinnulag. Að halda því fram að fagmenn í sínu fagi séu ekki færir um að veita og meta sjálfir vinnuþáttinn, áskoranirnar, kosti og galla, er ólíkandi forræðishyggja. Það er vandmeðfarið að hefta frelsi einstaklingsins til að leita sér leiða til að bæta kjör sín og samkeppnishæfnin og að hafa um leið jákvæð umhverfisáhrif. Það er löngu kominn tími til að kúabændur horfi framan í veruleikann, hann verður ekki afgreiddur með frávísunartillögu.

Höfundur er bóndi.



KRAFTUR



Lífið er núna

Kaupu húfu og sýndu **kraft** í verki til stuðnings ungu fólki með krabbamein og aðstandendum

lifidernuna.is





Af vettvangi stjórnarráðsins

Íslenskur landbúnaður – grunnstoð í íslensku samfélagi

Kæru bændur.

Ég tók við sem ráðherra atvinnuvega og þar með talið landbúnaðarins undir lok síðasta árs. Það er mér bæði heiður og ánægja að sinna þessum mikilvæga málaflokki og vinna með ykkur að því að tryggja framtíð íslensks landbúnaðar.

Landbúnaður er ekki aðeins grunnstoð samfélagsins heldur líka lykilþáttur í menningu okkar, atvinnuþróun, byggðafestu, sjálfbærni og auðvitað fæðuöryggi. Atvinnugreinin er þannig með traustar rætur í sögunni en teygir líka laufin til framtíðar með nýsköpun og framþróun að leiðarljósi. Ferðaþjónustan hefur verið mikill vaxtarbroddur víða um land og hvatt þannig til endurmats á því hvað það er að vera bóndi.



Hanna Kristín Friðriksson.



Mörg ljón í veginum

Nýleg viðhorfskönnun á meðal bænda sem unnin var fyrir matvælaráðuneytið sýnir að einungis 32% bænda eru bjartsýn gagnvart búrekstri sínum og ekki nema 30% bænda telja að núverandi stuðningskerfi þjóni hagsmunum þeirra vel. Þessar niðurstöður gefa skýrt til kynna að við þurfum að bregðast við núverandi ástandi.

Áskoranir sem bændur standa frammi fyrir eru margþættar. Það hamlar nýliðun hvað kynslóðaskipti hafa reynst mörgum fjölskyldum erfið. Raforkukostnaður hefur aukist mikið og háir vextir lenda sérstaklega þungt á ungum bændum og þeim sem hafa nýverið fjárfest í rekstri sínum.

Nú þegar aðfangakeðjur eru undir meira álagi en þær hafa verið í marga áratugi þurfum við einnig að gefa fæðuöryggi landsins gaum. Við sáum í heimsfaraldri mikilvægi öflugra viðskiptasambanda við að tryggja aðgang að mikilvægum lyfjum. Stríðið í Úkraínu hefur truflað útflutning á korni með tilheyrandi verðhækkunum víða um heim.

Nýlegar fréttir af tollastríði Bandaríkjanna gegn lykilviðskiptalöndum þeirra eru váleg tíðindi fyrir þjóðir eins og Ísland sem treysta á gott aðgengi að mörkuðum með útflutning sinn. Það er því miður útlit fyrir að þessar áskoranir séu ekki tímabundnar heldur hluti af nýjum veruleika. Sem viðbragð við breyttri heimsmynd vinnur matvælaráðuneytið ásamt samstarfsaðilum að mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegum aðföngum.

En það er vísur að viði

Í stefnuýfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er kveðið á um nokkur forgangsverkefni á sviði landbúnaðar sem eru að auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og breyta jarðalögum til að vinna gegn samþjöppun og stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búrekstrar. Auk þessa munum við sérstaklega huga að stöðu ungra bænda. Það þarf að vera raunhæft og eftirsóknarvert fyrir ungt fólk að koma undir sig fótunum í búskap.

Ræðum málin

Ráðuneytið og Bændasamtökin skipuleggja nú í sameiningu hringferð um landið þar sem við ætlum að eiga milliliðalaust samtal við bændur. Við viljum heyra beint frá þeim hvernig þeir meta ástand greinarinnar, hvaða breytingar þeir telja nauðsynlegar, hvernig hægt sé að auka nýliðun og hvernig stuðningskerfið geti betur gagnast bændum.

Til að tryggja landsmönnum hollan og góðan mat þurfum við öflugra innlenda framleiðslu sem rekin er með sjálfbærni að leiðarljósi. Ég hlakka til að vinna með ykkur að því að efla íslenskan landbúnað um land allt á komandi árum. Með opnu samtali, öflugum samstarfi og sameiginlegri stefnu getum við byggt upp sterka framtíð fyrir íslenskan landbúnað.

Höfundur er atvinnuvegaráðherra.



Umboðsaðili Husqvarna á Íslandi

Husqvarna ST327 snjóblásari
9 HP, vinnslubreidd 69 cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, LED framljós, extra stór dekk, rafstart.



MHG verslun - Víkurharfi 8, 203 Kópavogi - S. 544 4656 - mhg.is



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

Skrúðgarðyrkjufræðingur

Vallarsvið GKG leitar að öflugum skrudgarðyrkjufræðingi til að sameinast frábæru teymi starfsmanna sem hafa það eina markmið að gera golfvallarsvæði GKG sem allra best og fallegast hverju sinni.

Við óskum eftir einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er með víðtæka reynslu. Um er að ræða mjög fjölbreytta og skemmtilega vinnu í frábærum félagskap og í fallegu umhverfi allt árið um kring.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.



Nánari upplýsingar má finna á www.vinnvinn.is eða með því að skanna QR-kóðann.

Nánari upplýsingar veita Hilmar G. Hjaltason (hilmarg@vinnvinn.is) og Garðar Ó. Ágústsson (gardar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

AFLVÉLAR

Öflug tæki í snjóhreinsun!



Tokvam®

PRONAR

aebi schmidt group

solo by ALKO

ALKO QUALITY FOR LIFE



Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2024

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2025.



Styrkhæf eru matarverkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar- og markaðsstarf er styrkt.

Umsóknarfrestur til og með 16. mars n.k.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra á haflidi@icelandiclamb.is



Lífrænn landbúnaður fær aukið vægi og bætir stöðuna í loftslagsmálunum

– Íslandsdeild Evrópuhóps IFOAM

Skýrsla Ólafs R. Dýrmondssonar vegna starfa í Evrópuhópi lífræna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM Organics Europe) fyrir árið 2024.



Ólafur Dýrmondsson.

Sem fyrr einkenndist starf skrifstofunnar í Brussel af miðlun víðtækrar þekkingar starfsfólksins á hinu mikla regluverki ESB í þágu lífræns landbúnaðar.

Því ágæta starfi stýrir Eduardo Cuoco í farsælu samstarfi við stjórn IFOAM Organics Europe, þar með Jan Plagge, formann hennar. Auk fasta starfsfólksins kemur við sögu áhugasamt ungt fólk í tímabundnu starfsnámi frá ýmsum Evrópulöndum. Tölvusamskiptin ganga mjög vel, fyrirspurnum er svarað greiðlega, og því var það mikið áfall í vor þegar árás var gerð á tölvakerfi skrifstofunnar. Furðuflytjót tókst að koma starfsemi í fyrri horf. Á meðal atburða sem skrifstofan studdi og tók þátt í að skipuleggja árið 2024 voru Ungmennamálþingið (Organic Europe Youth Event) í Bari á Ítalíu 23. apríl, Evrópuráðstefnan (European Organic Congress) í Búdapest í Ungverjalandi 10.–12. september, Lífræni dagurinn (Organic Day) 23. september í Brussel í Belgíu og Nýsköpunardagarnir (Organic Innovation Days) 22.–23. október, einnig í Brussel. Hér verður vikið að nokkrum málum sem hafa verið ofarlega á baugi árið 2024.

Loftslagsmál og hægri sveifla

Í landbúnaðarstefnu ESB (CAP) hefur lífrænum landbúnaði verið gefið aukið vægi á seinni árum, ekki aðeins vegna aðgerða til að draga úr mengun eiturefna við plöntuvarnir og stuðla að sáðskiptum (skiptirekt) og líffræðilegri fjölbreytni, heldur einnig í vaxandi mæli til að bæta



„Nýlegar rannsóknir hafa staðfest að lífræn ræktun er ein vænlegasta leiðin til að draga úr losun og auka bindingu.“ Mynd / Steven Weeks

stöðuna í loftslagsmálunum. Þannig er aðlögun að lífrænum landbúnaði viðurkennd sem veigamikill liður í umhverfisvernd og nýlegar rannsóknir hafa staðfest að lífræn ræktun er ein vænlegasta leiðin til að draga úr losun og auka bindingu. Til þessa er tekið tillit í aðgerðaáætlunum í aðildarlöndum ESB og mun vonandi gerast einnig hér á landi í tengslum við EES-samninginn. Eftir jákvæða þróun síðan 2017 gæti hægri sveiflan við Evrópuþingskosningarnar í júní 2024 haft nokkur neikvæð áhrif, svo sem á framlög ESB til lífræna geirans og loftslagsmálanna. Evrópuhópurinn reiknar þó með að þetta bakslag verði ekki afgerandi enda nýtur lífrænn

landbúnaður mikils stuðnings, bæði innan landbúnaðarins og á meðal neytenda í álfunni.

Nýjar skilgreiningar á verksmiðjubúskap

EGTOP-sérfræðinganefndin hjá ESB hefur m.a. verið að vinna að skilgreiningum á hugtakinu verksmiðjubúskapur um árabíl. Skilgreiningar á þessum þéttbæru búskaparháttum voru orðnar mjög tímabærar því að viðmiðanir í hinum ýmsu löndum eru töluvert breytilegar. Við í Evrópuhópnum teljum að misræmið hafi leitt til skekkrar samkeppnisstöðu hinna ýmsu þjóða.

Á meðal þeirra þátta sem þarf að taka tillit til eru fjöldi gripa í hverri framleiðslueiningu, þéttleiki þeirra, loftgæði og birta í húsum, og aðstaða til útivistar og beitar. Þarna koma mjög við sögu reglur um notkun búfjáraburðar frá slíkum búum sem eru mjög misvísandi eftir löndum og nauðsynlegt að samræma sem fyrst. EGTOP-sérfræðinganefndin skilaði skýrslu um þessar skilgreiningar 10. júní 2024. Í stað þess að nota hugtakið verksmiðjubúskapur (e. intensive factory farming) í reglugerðum og vottunarreglum leggur nefndin til að vísað verði í búfjáraburð (e. farmyard manure). Þannig verði lögð aukin áhersla á efnainnihald, bæði næringarefna, svo sem köfnunarefnis (N), og mengandi efna á borð við sýklalyfjaleifar og þungmálma. Því þurfi að liggja fyrir upplýsingar um bæði uppruna áburðarins og vinnslu á honum. Ekki verði þó slakað á kröfum til velferðar og aðbúnaðar búfjár og þar með skuli t.d. notkun búfjáraburðar frá öllum dýrum í búrum bönnuð við lífræna ræktun. Skýrslan er mjög efnismikil og ljóst er að vottunarstofur og aðrir eftirlitsaðilar þurfa að kynna sér hana vel og miðla upplýsingum til bænda og vinnslufyrirtækja í lífræna geiranum. Nefndin leggur til að aðlögunartíminn verði 3–5 ár.

Mengun frá stórum kjúklingabúum

Lengi hefur lífræna hreyfingin, ásamt dýra- og umhverfisverndarsamtökum, vakið athygli á og varað við byggingu verksmiðjubúa af ýmsu tagi, t.d. í nágrenni áa, lækja og vatnsbóla. Soil Association í Bretlandi, sem rekur þekktu vottunarstofu og á aðild að lífrænu hreyfingunni, hefur t.d. verið að vekja athygli á þessu vandamáli, einkum í tengslum við þéttbæra alifugla- og svínarækt á Bretlandseyjum. Sérstaklega hefur verið bent á alvarlega mengun í a.m.k. 10 ám í Englandi og Wales, einkum af völdum afrennslis fosfórs (P) frá stórum alifuglabúum. Þá sé lífríkið líka orðið skaddað í þessum ám vegna úrefnisskorts (O) og óæskilegra þörunga í vatninu. Er Wye-áin tiltekin sem dæmigerð fyrir þessa alvarlegu mengun. Þarna er m.a. um lýðheilsuátt að ræða, sérstaklega þegar mikil mengun verður í grunnvatni vatnsveitna. Vitað er um dæmi þess að fyrirtæki sem reka vatnsveitur hafi gert sérstaka samninga við bændur á tilteknum sveitum um aðlögun að lífrænt vottuðum búskaparháttum til þess að stemma stigu við mengun í neysl vatni. Talið er hagkvæmt að styrkja þessa bændur með árlegum greiðslum gegn því að þeir breyti búskaparháttum til að tryggja bætt vatnsgæði. Þar að auki geta bændurnir tekið þátt í opinberum aðgerðum til almennrar umhverfisverndar og fengið sérstaka styrki til þess.

Tryggingar vegna mengunar frá eiturefnaúðun

Nokkrir félagar mínir í Evrópuhópnum hafa verið að spyrjast fyrir um tryggingar og skaðabætur vegna eiturefnamengunar sem berst frá akurlendi við úðun efna sem bönnuð er í lífrænni ræktun. Frakkar hafa stofnað vinnuhóp til að skoða þessi mál. Við könnun í Evrópuhópnum kom í ljós að engar tryggingar virðast tiltækar sem gætu bætt skaða lífræna bænda gegn slíkri mengun en hún getur leitt til þess að vottun tapist, a.m.k. tímabundið. Þótt eiturefnaúðun fari minnkandi er slík mengun ógn við lífræna

búskaparhætti og sömuleiðis mengun af völdum erfðabreytts fræs sem einkum er þekkt í Norður-Ameríku. Almennt má segja að í Evrópu eru gerðar miklar kröfur um merkingu matvæla sem innihalda erfðabreytt efni (GMO eða NGTs) og í haust sendu 376 fyrirtæki í 16 ESB-löndum áskorun til framkvæmastjórnarinnar um að herða á merkingarkröfunni enda væri hún liður í neytendavernd sambandsins. Evrópuhópurinn mun hleypa af stað sérstöku átaksverkefni í lok janúar 2025 gegn notkun eiturefna (pesticides) við ræktun nytjajurtar.

Vatnsrækt er aldrei lífræn

Þótt ræktun grænmetis og annarra jurta í vatni í stað jarðvegs (hydroponics) geti ekki fengið lífræna vottun samkvæmt reglugerð ESB um lífræna framleiðslu koma stöku sinnum upp spurningar um þessa ræktunaraðferð, t.d. seint á liðnu ári vegna forræktunar á skrautjurtum. Sérfræðingur á skrifstofunni í Brussel svaraði um hæl, með tilvísun í ESB-reglugerðina, að vatnsrækt væri aldrei lífræn.

Óáfengt vín skráð

Lífrænt vottuð vín rækt er mjög sérhæfð grein innan lífræna geirans. Það er því í anda þess þáttar í lýðheilsustefnu Evrópu að draga úr áfengisneyslu, að nú eru óáfengt lífræn vín komin á skrá lífræna afurða. Eftirspurn fer vaxandi eftir óáfengum vínum með lífræna vottun og seint á liðnu ári var endurvakinn sérfræðingahópur til að endurskoða og treysta hinn faglega grundvöll lífrænu vínræktarinnar í Evrópu.

Prótein með lífræna vottun, auknar kröfur

Frá og með 2027 fellur niður undanþága í ESB-reglugerðinni til að nota 5% próteinfóðurs af hefðbundnum uppruna fyrir grísi upp að 35 kg lífþunga og fyrir unga kjúklinga. Eftir það þarf allt próteinfóður að vera með lífræna vottun og hafa einkum lífrænar bændur í Hollandi og Belgíu bent á að skortur geti orðið á þessu fóðri. Þá eru komnar fram vísbendingar um heilsu- og velferðarvandamál í fullorðnum varphænum sem eru fóðraðar á 100% lífrænu próteinfóðri. Þarna liggja m.a. fyrir þær áskoranir til rannsóknastofnana og háskóla, sem vinna að verkefnum í þágu lífræna geirans, að leita viðunandi lausna.

Ritstörf o.fl. í þágu lífræns landbúnaðar

Á árinu 2024 hef ég sem fyrr verið í sambandi við ýmsa sem láta sig varða lífrænan landbúnað auk þeirra ágætu samskipta sem ég hef átt við VOR –félag um lífræna ræktun og framleiðslu og Vottunarstofuna Tún ehf. Ég var með stutt erindi um Evrópuhópinn og starfsemi hans á aðalfundi VORs 21. mars 2024 og á því ári voru eftirtaldir greinar mínar um lífrænan landbúnað birtar í Bændablaðinu:

a) Íslandsdeild Evrópuhóps IFOAM. Bændablaðið, fimmtudagur 11. apríl 2024, blað nr. 654, 7. tbl., 30. árg. bls. 42.

b) Lífræni geirinn verðskuldar prófessorsstöðu. Bændablaðið, fimmtudagur 7. nóvember 2024, blað nr. 667, 20. tbl., 30. árg., bls. 48.

Höfundur hefur verið fulltrúi Íslandsdeildar Evrópuhóps IFOAM síðan 2003 (oldyrm@gmail.com).



HONDA

GÆÐI
LYFIR
40 ÁR

HONDA SNJÓBLÁSARAR
FÁST Í FAGVERSLUN BYKO

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 515-4020

Enn einn plúsinn í kolefnisspori dilkakjöts

Ég hef á undanförnum árum skoðað plúsa og mínusa í kolefnisspori kindakjöts. Á eftir einn þátt í viðbót, ekki mjög stóran á hvert kg kjöts, en telur samt.



Sveinn Hallgrímsson.

Fyrst er rétt að fara í sérstöðu íslenskrar sauðfjárræktar, en hún felst í því að við nýtum úthagabeit. Úthagabeitin er eingöngu með jákvætt kolefnisspor; Það er sólarorkan sem drífur hana, engir mínusar. Hins vegar gerist það, eins og alls staðar, að nýting beitarinnar eykur jákvæðu hliðarnar á tvo vegu:

1. Uppskeyra eykst við beit á grónu landi, samanber grein mína í Bændablaðinu september 2024, þar sem vitnað er í niðurstöður beartilrauna Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur (2021) og Lárus Pétursson (2024).

2. Þegar beitt er, minnkar það gras sem eftir verður og minna gras, sína, sem rotnar.


Þetta er í samræmi við annað í náttúrunni; Nýting eykur kolefnisbindingu þegar á heildina er litið, og þegar litið er til langs tíma, samanber **100 ára viðmiðun Nýsjálendinga**. Hvað gefur þessi liður stóran plús í íslenskrar sauðfjárrækt?

Ef við notum x kg þurrefnis í úthagagróðri til að framleiða eitt kg dilkakjöts þá myndast enginn CO₂ af því við rotun. Ef við reiknum með að 10% af þessu þurrefni hefði rotnað (á næstu árum) ef ekki hefði verið beitt, þá litið dæmið svona út samkvæmt grein minni í Bændablaðinu 12. september sl.: Til að framleiða 20 kg eftir kindina þarf 331,2 kg þurrefnis í úthaga/20 = 16,56 kg þurrefnis á kg kjöts. 1,0 kg þurrefnis í úthaga bindur 1,58 kg koltvísýrings.

Áhrif beitar vegna þess grass sem kindin bítur og leiðir til minni rotnunar beitargróðurs, er því: 16,56X0,1X 1,58 = 2,616 kg CO₂ á hvert kg kindakjöts.

Hér að framan var reiknað með að hver vetrarfóðruð kind framleiði 20 kg kjöts, miðað við þær forsendur sem ég hefi notað. Þær kunna að vera misjafnar frá einum bónda til annars. Það eru fjölmörg atriði sem hafa áhrif, en verða ekki tífundað hér. Þó skal tekið fram að beit þarf að vera langt yfir hóflegu mörkin til að beitarþungi hafi neikvæð áhrif á kolefnisbindingu beitarplantna á grónu landi!

Í grein í Bændablaðinu 12. september 2024 kom fram, að hvert kg kindakjöts bindi 26,56 kg CO₂. Hér að ofan hefur verið bent á að vegna beitar sauðfjár rotni minna af grasvexti sumarsins. Hér er reiknað með að 10% af því grasi sem kindin og lömb hennar



Sérstaða íslenskrar sauðfjárræktar felst í því að nýtum úthagabeit, skrifar Sveinn. Mynd / James McGill

bíta hefði rotnað á næstu árum, hefði það ekki verið bitið. Þessi 10% samsvara því að rotnun hefði verið minni sem svarar til 2,62 kg á hvert framleitt kg kindakjöts. Samkvæmt þessu má bæta 2,62 kg við jákvætt kolefnisspor kindakjöts, eins og það er sett fram í grein í Bændablaðinu 12. september 2024.

Kolefnisspor kindakjöts er þá:
26,56 + 2,62 = 29,22 kg í plús.

Ég geng út frá að útreikningar mínir séu réttir. Kindin er þá að binda (frá) 600 kg af koltvísýringi á ári, ef hún framleiðir 20,5 kg kjöts á hverja kind!

Á það má benda, að fjárbóndinn getur með hliðarafurðum, aukið bindingu verulega. Til dæmis með framleiðslu sauðamjólkur og einhverjum verðmætum afurðum úr henni!

Það hafa ekki enn komið fram neinar athugasemdir frá sérfræðingum á þessu sviði sem hnekkja þeirri hugmyndafræði sem ég hef unnið eftir.

Höfundur er fyrrverandi ráðunautur í sauðfjárrækt.

Sérstær þjónusta
að þínum þörfum

ALLT
FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár
á Íslandi

STIGA
ST5266 P

Hágæða
snjóblásarar
Fjölbreytt úrval

VETRARSÓL

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is



CFORCE 2.249.000,-
1000 TOURING Án vsk. 1.813.710,-

Umboðsaðilar: Bikevik, Reykjanesbæ.
KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi.
Lyngás Hellu. AB varahlutir, Egilsstöðum.
Bílaforritun North-East Akureyri.

NITRO Nitro - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

SNJÓKEÐJUR
Í MIKLU ÚRVALI



862 4046

skralli@skralli.is

Lilleseth
Kjetting

SKRALLI


Norsk framleiðsla í 75 ár

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR




VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Mislangar umferðir – Vefja og snúa við – Wrap&Turn. Teikningin gefur nokkra hugmynd um hvernig mislöngu umferðirnar eru notaðar til að móta sjalið.



Munsturteikning – Blúndukantur.

Útaukningar

Umf 1: ré – prj 3 L, aukið út um 2 L með því að prj 2svar í sömu L og gera uppslátt á milli þannig *prj í næstu L en ekki sleppa henni af prjóninum, U, prj aftur í sömu L og sleppa henni af prjóninum* (L fjölgað um 2), prj þar til 4 L eru eftir af umf, *prj í næstu L en ekki sleppa henni af prjóninum, U, prj aftur í sömu L og sleppa henni af prjóninum* (L fjölgað um 2), prj 3 L.

Alls er fjölgað um 4 L í þessari umf. Umf 2: ra – prj 3 L, U, prj þar til 3 L eru eftir af umf, U, prj 3 L. Alls er fjölgað um 2 L í þessari umf. Alls 25 L. Endurt umf 1 og 2 þar til sjalið hefur náð þeirri stærð sem óskað er.

Jaðrar eru alltaf prjónaðir eins og aukið út um 4 L á annari hliðinni (réttu) og 2 L á hinni hliðinni (röngu) þannig að fyrir hverjar 2 umf bætast við 6 L. Þá verður sjalið meira hringlaga.

Þegar kominn er hálfmálagagður bútur þá er byrjað að prj litaskipti með mislöngum umf. Teikningin aftast í uppskriftinni gefur hugmynd um hvernig sjalið er byggt upp með mislöngu umferðunum.

Litaskipti

Litaskipti í sjalinu eru fengin þannig að prjónaðar eru mislangar umf með x mörgum L á milli vafninga og

snúninga (VS). Hægt er að hanna sjalið jafnóðum með því að skipta um liti og/ eða raða þeim upp eins og hver og einn vill. Á meðan sjalið er lítið eru hafðar færri L á milli snúninga (VS) og þeim svo fjölgað eftir því sem sjalið stækkar. Til að byrja með er gott að hafa 4 L á milli snúninga og fjölga þeim svo smá saman.

Aðferð - Vefja og snúa við (VS)

Umf 1 – prj x L, VS, (sjá útskýringu aftast í uppskriftinni), prj umf á enda.

Umf 2 – prj x L, prj vafninginn þegar komið er að honum, prj x L í viðbót, VS, prj umf á enda. Endurt þar til búið er að prj allar L með mislöngum umf og komið er á hinn endann. Muna að auka alltaf eins út á jöðrum. Hægt er að byrja strax að prj í hina áttina eða prj nokkrar umf án þess að gera mislangar umf áður en næsta lit er blandað við. Hér ræður hugmyndaflug hvers og eins. Prj þar til sjalið er í þeirri stærð sem óskað er.

Kantur að neðan

Hægt er að velja um 2 leiðir til að ganga frá sjalinu. Annarhvort að prj einfaldan garðapryjóns blúndukant eða fella af með svokallaðri takkaaffellingu (picot cast off).

Blúnda

1. Blúndan er prjónuð við sjalið jafnóðum og fellt er af.

2. Fitja upp (best að nota Cable Cast on) 9 L.

3. Prj blúnduna samkvæmt munsturteikningunni þ.e. 8 L.

4. Prj sl sm síðustu L á blúndunni og næstu L á sjalinu.

5. Snúa við og taka 1 L óprjónaða eins og prjóna ætti hana sl (þetta er affellingarlykkjan), prj 8 L skv. munsturteikningunni.

6. Endurtaka þrep 3 – 5 þar til allar L hafa verið felldar af.

7. Slíta bandið frá og draga endann í gegn um síðustu L.

Takkaaffelling

1. Prj fyrstu 2 L og fella af 1 L.

2. Færa L (lykkjuna) af hægri prjón yfir á þann vinstri.

3. Fitja upp 3 L (Cable Cast on) þannig: fara með prjóninn á milli 1 og 2 L á vinstri prjóni, draga bandið í gegn og lyfta nýrri L upp á vinstri prjóninn. Fitja alls upp 3 nýjar L.

4. Fella af 5 L, þ.e. nýju 3 L sem fitjaðar voru upp auk L (lykkjunnar) sem færð var af hægri prjóni yfir á þann vinstri.

5. Endurtaka þrep 2 – 4 þar til allar L hafa verið felldar af.

6. Slíta bandið frá og draga endann í gegn um síðustu L.

7. Til að fá stærri takka og/eða misstóra er hægt að fitja upp og fella af fleiri/færri L í einu.

Munstur – Blúnda

- Umf 1 (ré): L (8 L)
- Umf 2 (ra): á röngu eru L prj sl (garðapryjón)
- Umf 3: L2, (U, 2Lsl/sm) × 2, U, L2. (9 L)
- Umf 5: L2, (U, 2Lsl/sm) × 2, U, L3. (10 L)
- Umf 7: L2, (U, 2Lsl/sm) × 2, U, L4. (11 L)
- Umf 9: L2, (U, 2Lsl/sm) × 2, U, L5. (12 L)
- Umf 11: L2, (U, 2Lsl/sm) × 2, U, L6. (13 L)
- Umf 13: Fella af × 5, L8. (8 L)

Munstur Blúnda – orðskýringar

- 2Lsl/sm : Prjóna 2 L slétt saman.
- L : Prjóna eina lykkju slétta
- U : Uppsláttur, slá bandinu upp á prjóninn

Tenglar á myndbönd

- VS – Vefja og snúa við – Wrap&Turn
- Kaðlaupffit – Cable Cast on

Uppflettið á YouTube

- Mislangar umferðir
- Vefja og snúa
- Short rows
- Cable Cast on

Skammstafanir

- # - númer
- br – brugðið (prjóna brugðið)
- cm – sentimetrar
- endurt – endurtaka
- L – slétt lykkja (prjóna slétt)
- mm – millimetrar
- prj – prjóna
- ra – ranga
- ré – rétta
- sl – slétt (prjóna slétt)
- sm – prjóna L saman
- U - uppsláttur
- umf – umferð
- VS – vefja næstu lykkju og snúa við (mislöng umferð)

Hönnun © Helga Thoroddsen - helga@horseplay.is heimasíða - prjón.is

Sjalið Laut

Sjalið Laut er prjónað úr jurталitauðu Þingborgareinbandi frá Halldóru Óskarsdóttur.

Bandið er einstaklega litríkt, létt, loftmikið, mjúkt og fallest og hentar því afar vel í sjalaprjón. Innihaldið í bandinu er sérvalin 100% íslensk lambsull. Uppskriftin er hugsuð þannig að hver og einn getur valið litasamsetningar og stærð eftir eigin smekk. Hægt er að vinna með litatóna í sama lit og/eða blanda saman ólíkum litum og bandið nýtur sín einstaklega vel í þessu einfalda sjali sem er hið fullkomna slökunarprjón. Sjalið er allt prjónað með garðapryjóni og gengið frá annaðhvort með einföldum blúndukanti sem er líka garðapryjón eða takkaaffellingu. Stærðinni ræður hver og einn og hægt að hætta þegar bandið er búið eða sjalið í hentugri stærð. Sjalið er prjónað ofan frá og niður og verður eins og hálfmáni í laginu.

Band

• Jurталitauð Þingborgar einband frá Halldóru Óskarsdóttur, „Wool by

Dora“.

• Einnig má nota sambærilegt band í svipuðum gröfleika (fínband).

Prjónar

Hægt er að prjóna sjalið á prjónastærðir frá # 3 mm–7 mm.

Stærðir/bandmagn

- Lítið sjal – 100 g.
- Meðalstórt sjal – 150 g.
- Stórt sjal – 200 g.

Uppskrift

- Fitja upp 3 L á prjóna # 3 mm (eða þá prjónastærð sem óskað er).
- Prj. 11 garða.
- Snúa stykkinu um 90° og prjóna upp 11 L, 1 L í hvern garða.
- Snúa stykkinu um 90° og prjóna upp 3 L á uppfítjunarbrúninni.
- Alls 17 L.

Jaðrar

Til að fá teygjanlegan jaðar er fyrsta L í umf alltaf tekin óprj eins og prj ætti hana sl og síðasta L í umf er alltaf prj br.

Uppsetningarumferð: ra – *prj. 3 L, U, prj 11 L, U, prj 3 L*.

Plug-In hybrid bílar í miklu úrvali

Benni Notaðir bílar

Notaðir bílar | benni.is

461039

MITSUBISHI ECLIPSE CROSS

- Nýskráður 2022
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- 4x4
- Ekinn 92 þ.km.

Verð: 3.490.000 kr.

774522

MG EHS LUXURY PLUG-IN HYBRID

- Nýskráður 2021
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- Framhjóladrifinn
- Ekinn 85 þ.km.

Tilboðsverð: 2.990.000 kr.

Verð áður: 3.490.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is

Bílabúð Benni
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035

Bílabúð Benni
Notaðir bílar

Thingborg

s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Dóruband er jurталitauð Þingborgarband, bæði einband og tvíband. Það er unnið úr Þingborgarlopnum sem er sérvalin lambsull. Uppskriftin að peysunni hér í blaðinu er með Dórubandi og Þingborgarlopa. Allt fæst þetta í Ullarversluninni Þingborg, sem er staðsett í Gömlu Þingborg og er 8 km austan við Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17. Póstsendum.

www.thingborg.is

Íslenskir siðir:

Hoppar þú um berrassaður?

Þorablót, sólarkaffi, bónda- og konudagar eru sitthvað sem landinn hefur glatt sig við í skammdeginu um árabíl þegar þreyja þarf þorran og góuna.

Þorinn hefst að venju á degi bónda, nú í ár þann 24. janúar – þar til góan stígur sín fyrstu skref, í ár þann 23. febrúar. Á því tímabili þykir mörgum gott að belgja sig út af rammíslenskum mat, súrsuðum, kæstum eða reyktum, eins og enginn sé morgundagurinn og jafnvel staupa sig á íslensku brennivíni þess á milli. Dansiböll hafa einnig tíðkast þegar þorranum er blótað, oft undir hljómsveit þar sem fólk hefur dillað sér fram á rauða nótt og hafa einhver dansifflin svo getað veitt sér þá ánægju að mæta beint í sólarkaffi.

Sólarkaffi hefur tíðkast lengur en elstu menn muna, en þá er fyrstu geislum sólarrinnar fagnað eftir langan vetur. Í blaðinu Vestri frá árinu 1908 má finna eftirfarandi tilkynningu: „Sólardagur“ er dagurinn í dag, 25. janúar, nefndur hér á Ísafirði, því þá sér hér fyrst sól, eftir að hún hefir verið hulin bak við hamramúra bæjarins í kring um 10 vikur. Dagurinn hefir lengi verið uppáhaldsdagur hjá Ísfirðingum, er þá drukkið svo nefnt „sólarkaffi“ með ljúffengum kökum.“

Sólarkaffi var þó drukkið bæði austanlands jafnt sem vestan en er upphaflega hefð sem skapaðist á Ísafirði. Ísfirðingafélagið í Reykjavík hefur því haldið skemmtun og



Á þorablóti Seyðisfjarðar nú í ár má ætla að fornir siðir séu hafðir í hávegum, sbr. Þjóðsögur Jóns Árnasonar. Mynd / Seyðisfjörður



Boðið var upp á hákarl og brennivín á þorablóti Reyðarfjarðar nýverið. Mynd / Reyðarfjörður

ball í tilefni dagsins síðan árið 1946 undir yfirskriftinni Sólarkaffi.

Hinum megin á landinu láta Seyðfirðingar ekki sitt eftir liggja. Þeir fagna sólargeislunum með tveggja daga hátíð, List í ljósi, þar sem hinir ýmsu listamenn láta ljós sitt skína.



Söngnefnd þorablóts Fella söng upphafslag blótsins af hjartans list, nú haldið í 145. sinn. Mynd / Frá Guðnjú Drífu



Ísfirðingafélagið hefur haldið uppi stuðinu í bráðum hundráð ári. Mynd / Ísfirðingafélagið



KAFFIÐ
á að vera: Bragðgott, hressandi, drjúgt, ódyrt. —
Sólarkaffi uppbyggir skilyrði.
Fast í næstu búið.

Í ár hefur hátíðin verið haldin í áratug og geta áhugasamir mætt á Seyðisfjörð 14.–15. febrúar nk.

Bóndadagur hefur þegar verið haldinn hátíðlegur á hinum ýmsu bæjum og karlkynið hyllt á einhvern hátt. Þó segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar að bændur skuli bjóða þorra velkominn á þann hátt að hoppa berrassaðir í kringum bæinn, þó með annan fótlegginn hulinn buxnakálm. Þessu halda hressir karlmenn efalust við.

Góa hefst í lok mánaðar, á degi vaxandi birtu og vors, einnig þekktur sem konudagur. Engum sögum fer af hoppandi kvenfólki en komið hefur fyrir að þeim séu færð blóm eða þeim hylt á annan hátt.

Það er að minnsta kosti um að gera að lífga aðeins upp á þennan kalda og dimma tíma vetrar, hvort sem fólk ásetur sér að borða kæstan hákarl, drekka sólarkaffi, hoppa um berrassað eða leyfa öðrum að mæra kosti sína. /sp

Enn eru nokkur þorablót eftir:

- | | |
|--|---|
| 8. feb. Þorablót Grindvíkinga, Smáranum Kópavogi | 15. feb. Þorablót Rangvellinga, Íþróttahúsið á Hellu |
| 8. feb. Þorablót Hafnarfjarðar, Íþróttahúsinu að Ásvöllum | 15. feb. Þorablót Hvalfjarðarsveitar, Miðgarði |
| 8. feb. Þorablót Grundarfirði, Samkomuhúsinu | 15. feb. Þorablót Skagamanna í Íþróttahúsinu |
| 8. feb. Þorablót UMFK, Fólkvangi Kjalarnesi | 15. feb. Þorablót Fimleikafélagsins Bjarkar, Veislusal Bjarkanna við Haukakraun |
| 8. feb. Þorablót Flóamanna, Þingborg | 15. feb. Þorablót Grímseyjar í Múla |
| 8. feb. Þorablót Suðursveita- og Mýramanna á Hrollaugsstöðum | 22. feb. Þorablót Breiðdælinga, Frystihúsinu Breiðdalsvík |
| 8. feb. Þorablót Raufarhafnar, Hnitbjörgum | |

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítill með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

WPL
Diamond

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

SIJÓNTÆKJAVERSLUN

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

GUÐ ER KÆRLEIKUR

Endurkomutónleikar
sópransöngkonunnar
Elinar Óskar Óskarsdóttur
í Langholtskirkju
22. febrúar 2025
kl. 16:00

Miðasala á tix.is kr. 8000 og við innganginn.
Allur ágóði rennur til kirkjusjóðs Boðunarkirkjunnar Hafnarfirði

Flytjendur auk Elinar Óskar:

Jónas Þórir Þórisson pianó / orgel
Guðný Guðmundsdóttir / Fiðla
Gunnar Kvaran / Cello
Monika Abendroth / Harpa
Kór Langholtskirkju undir stjórn Magnúas Ragnarssonar

Gestasöngvarar eru þau:
Marianna Másdóttir og Kjartan Ólafsson.

Fluttir verða glæsilegir trúar og kærleiksöngvar og sumt sem ekki hefur verið flutt hér á landi áður.

Master gróðurhús

Master gróðurhús

STERK BURÐARGRIND
4 MM HERT ÖRYGGISGLER
STÁL STYRKINGAR
STÆRÐIR 7,3 M² TIL 23,3 M²

WWW.BKHONNUN.IS - SÍMI 571-3535
SALA@BKHONNUN.IS - SUNDABORG 5

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVORUR

Vélabásinn:

Áður óþekkt tegund fundin

– Prufuakstur á Xpeng G9 Performance

Ástvaldur Lárússon
astvaldur@bondi.is

Bændablaðið fékk til prufu dýrustu útgáfu Xpeng G9 sem nefnist Performance. Hér er á ferðinni ný bílategund sem hefur ekki sést lengi á íslenskum markaði, en ökutækini eru framleidd í Kína af fyrirtæki sem var sett á lagirnar árið 2014.

Að utan eru mjúkar línur ráðandi en eitt helsta einkenni þessa bíls og annarra Xpeng eru aðalljós sem eru mjó rönd þvert yfir framendann. Þegar inn er komið halda mjúku línurnar áfram og tekur á móti manni sérlega vönduð innrétting. Það er áberandi hversu stór hluti hennar er klæddur með mjúku leðurlíki af svipaðri gerð og er á sætunum. Innra rýmið er allt frekar dökkt en glerþakið hleypir talsverðri birtu inn.

Þýður í akstri

Allt sem viðkemur akstri er vel útfært af framleiðandanum og finnst strax á fyrstu metrunum að gæðin eru mikil á þeirri hlið. Xpeng G9 Performance er með loftþrúðafjöðrun, á meðan ódýrari útgáfurnar eru með gormafjöðrun. Því er þessi bíll mýkri en flestir rafmagnsbílar og er jafnframt hægt að auka veghæðina. Hljóðeinangrunin er með besta móti og eru sætin býsna þægileg.

Með fjórhjóladrifinu nær ökutækið miklu gripi við flestar aðstæður, en eingöngu dýrasta útgáfan er með drifi á öllum á meðan ódýrari bílarnir eru með afturhjóladrifi. Performance-bíllinn er jafnframt mjög kraftmikill, eða 551 hestafl.

Til þess að virkja akstur er stönginni hægra megin við stýrið ýtt einu sinni niður. Með því að ýta sömu stöng einu sinni niður í akstri



Kínverskir rafmagnsbílar hafa á undanförunum misserum orðið algengari á íslenskum vegum. Xpeng G9 er einn þeirra, en það er stór bíll sem er þýður í akstri. Helst er hægt að gagnrýna stýrikerfið í margmiðlunarskjánum.

Myndir / AL



Skottið er mikill geimur.



Þessi stóri bíll er með mikið innrými.



Innréttingin er stílhrein og með þrjá stóra skjái.

fer í gang hraðastillir, en með því að ýta henni tvisvar niður virkjast akreinaaðstöðin.

Fátt um hnappa

Í stýrinu eru tveir pílárar með tökkum. Hægra megin er hægt að stilla útvarpið, en hnapparnir í vinstri píláranum eru til þess að stjórna hraðastilli. Ef hraðastillirinn er ekki í notkun er sami takki notaður til að stjórna hita miðstöðvarinnar.

Í stýrinu er einnig flýtihnappur og er hægt að velja á milli þess að láta hann opna og loka skotti, virkja akstursaðstöð, virkja 360° gráða myndavélar, opna eða loka hleðslulok, eða að virkja bílastæðaaðstöð. Það hefur verið gott að hafa allavega sitthvorn takkann fyrir algengar skipanir, eins og hraðastilli og myndavélakerfið. Á bak við stýrið eru tvær stangir. Sú hægri er gírstöngin, en með henni er einnig virkjuð akstursaðstöðin. Vinstri stöngin er til að stjórna stefnuljósum og ríðupurrkum. Nánast enga hnappa er að finna umfram þá sem hafa verið taldir upp hér að framan, sem er að vissu leyti galli í ljósi þess að flestar skipanir fara fram í gegnum margmiðlunarskjá sem getur verið erfiður í notkun.

Merking tapast í þýðingu

Eitt af því sem má nefna er að textinn í stýrikerfinu hefur sennilega ekki verið prófarkalesinn af aðila með ensku að móðurmáli og merkingin hefur stundum ekki skilað sér í þýðingu. Þar sem tungumálið er stundum bjagað flækir það notkun kerfisins og gat undirritaður oft verið fulllengi að átta sig á hlutunum. Jafnframt var orðfærið oft hvassara en við höfum vanist úr evrópskum bílum.

Þegar síminn er tengdur með Android-auto hverfur flýtivalmyndin sem er annars neðst á skjánum.



Þegar bíllinn er skoðaður er ekkert sem bendir til að Xpeng hafi eingöngu framleitt bíla í nokkur ár.

Þar með tapast óskertur aðgangur að stillingum miðstöðvarinnar, hitanum í sætunum eða 360° gráða myndavélinni.

Skjár fyrir farþega

Einnig kom nokkuð á óvart hversu illa hljóðgæðin skiluðu sér úr annars öflugum hljóðkerfi og forðaðist undirritaður að spila tónlist í of háum hljóðstyrk. Það er ólíkt hljóðkerfunum í mörgum bílum þar sem er hægt að skrúfa allt í botn án þess að finna fyrir þreytu í eyrunum.

Við hlið hins hefðbundna skjás sem er framan við miðjustokkinn er annar skjár sem er hugsaður til dægrastyttingar fyrir farþegann. Þar er hægt að horfa meðal annars á Netflix og Youtube án þess að það trufla ökumanninn, en frá hans sjónarhorni er skermurinn alltaf svartur. Eins og í flestum nýjum bílum heyrir hljóðmerki þegar ekið er yfir hámarkshraða. Xpeng fær sérstakt hrós fyrir að það kemur upp valmynd á snertiskjánum um leið og hljóðið heyrir sem býður ökumanninum að slökkva á því.

Þetta er eitthvað sem þarf svo að gera einu sinni í hverri ökuferð.

Að lokum

Þegar litid er til þess að Xpeng er nýr bílaframleiðandi er ekki annað hægt en að dást að því hversu góður bíllinn er. Um leið og tekið er í bíllinn finnst að þetta er vandað ökutæki að flustu leyti. Æ oftar sjást bílar frá þessum framleiðanda á götunum, enda bjóða margir upp á mikinn staðalbúnað á hagstæðum kjörum. Þar má helst nefna Xpeng G6, sem kostar frá 5.990.000 krónum með orkustyrk.

Helstu mál G9 í millimetrum eru: Lengd, 4.891; breidd, 1.937; hæð, 1.680. Ódýrasta útgáfan af Xpeng G9 með minni rafhlöðu kostar frá 7.990.000 krónum með orkustyrk. Með stærri rafhlöðu kostar sá bíll 8.990.000 krónur með orkustyrk. Grunnverðið á G9 í Performance-útgáfu er 10.900.000 krónur og uppfyllir hann ekki kröfur til að fá orkustyrk. Öll verð eru með vsk. Vegna þessa verðs horfir undirritaður á ökutækið með gagnrýnni augum en annars og eru ódýrari útgáfur bílsins eflaust vænlegir kostir. ■

HRINGFERÐ UM MÁLEFNI HROSSARÆKTAR

Umræðuefni:

- Málefni hrossabænda og hrossaræktar
- Notkun keppisdóma í kynbótamatinu
- Þróun kynbótadómsins

Mánudagurinn 10. febrúar

kl. 20:00 - Reiðhöllin í Víðidal, Reykjavík

Þriðjudagurinn 11. febrúar

kl. 20:00 - Rangárhöllin Hellu

Mánudagurinn 17. febrúar

kl. 20:00 - Félagsheimili Freyfaxa Stekkhólma

Þriðjudagurinn 18. febrúar

kl. 20:00 - Fornustekkar, Höfn í Hornafirði

Dagsetningar funda í Borgarnesi og á Norðurlandi verða auglýstar fljótlega!!

Fundurinn er opinn og öll velkomin

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Það er nóg að gera í stórrí ræktun og er grænmetið keyrt til Reykjavíkur þrjá daga vikunnar þar sem því er dreift á veitingastaði og í verslanir. Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

Sól í hjarta, sól í sinni

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, eigandi Sólskins grænmetis, hefur í mörgu að snúast, en hefur þó augun opin fyrir alitlegu mannsefni. Verður hægt að fylgjast með annríki hennar sem garðyrkjubónda á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Býli? Sólskins grænmeti rekur tvær garðyrkjustöðvar í Hrunamannahreppi, eða við Flúðir, og þær eru staðsettar á Melum og Hverabakka.

Fjölskyldustærð (og gæludýr)? Ég er enn bara í virkri leit að einhverjum skemmtilegum manni og líka sætum hundi sem nenna að skottast í kringum mig á daginn. Mættu reyndar alveg koma saman í pakka.

Stærð jarðar? Garðyrkjustöðvarnar tvær eru samtals tæpur hektari að stærð og svo höfum við leigt ræktunarland undir útiræktun á grænmeti.

Gerð bús? Í garðyrkjustöðinni á Hverabakka ræktum við tvær gerðir af smátómötum sem eru Sólskinstómatarinn okkar og svo svaka sætir og bragðgóðir kirsuberjatómatar sem við seljum undir nafninu smátómatar. Á Melum erum við líka með tómata og svo bæði stórar og litlar gúrkur. Þar að auki leynist á báðum stöðum alls konar skemmtilegt. Margar gerðir af tómötum, eggaldin, paprikur og kryddjurtir. Við reukum litla verslun og kaffihús sem heitir Sólskinsbúðin og getum því ræktað alls konar skemmtilegt í litlu magni og selt beint frá okkur á staðnum.

Hvers vegna velur þú þessa búgrein? Það er svo mikil stemning að setja niður fræ og sjá það svo spíra. Manni líður bara alla daga eins og guði á þriðja degi sköpunarverkisins. Þó það sé reyndar eiginlega aldrei hvíldardagur.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Starfsfólk byrjar að mæta til vinnu um kl. 7.00 og vikan fer í tínslu og þökkun auk þess sem ákveðin umhirða plantnanna á sér stað í hverri viku allt árið um kring. Við erum svo sjálf með sendingar á grænmetinu okkar til Reykjavíkur þrjá daga vikunnar þar sem það fer svo í dreifingu til verslana og á veitingastaði. Verslunin okkar á staðnum er svo opin líka alla daga svo það er í ansi mörg horn á líta.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Ég á smá erfitt með að sitja kyrr við tölvu en enda samt oftast á því að eyða meirihluta dagsins þar eða að gaspra í símann þó mér finnst hvort tveggja frekar leiðinlegt. En skemmtilegast er samt klárlega að sjá eitthvað vaxa og dafna fallega í ræktuninni.

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Það er virkilega gaman og gefandi að vinna í svona lifandi og kviku umhverfi og sérstaklega því maður finnur fyrir því hvað það er mikil eftirspurn og meðbyr með ræktun á íslensku grænmeti.

Hverjar eru áskoranirnar? Við erum náttúrlega hérna bara



Halla Sif með fangið fullt af girnilegu grænmeti.

að reyna að rækta eitthvert Miðjarðarhafsgrænmeti allt árið um kring þótt við séum rétt við heimskaupsbaug í niðamykri hluta árs og því fylgja alls konar áskoranir. Hagkvæmara raforkuverð og öruggt aðgengi garðyrkjubænda að raforkunni okkar myndi jafnvel geta stuðlað að því að við getum nánast bara ræktað hvað sem er miðað við allar þessar auðlindir og orku sem við höfum.

Hvernig væri hægt að gera búskapinn þinn hagkvæmari? Ég er með langan lista af tækjum og búnaði sem hægt væri að fjárfesta í til að auka þau kíló af hverri grænmetistegund sem við fáum í uppskeru á hvern fermetra. Það væri frábært að hafa svigrúm til að grípa alla möguleikana sem eru til að nýta sem best það rými sem þegar er í gróðurhúsunum til að auka uppskeru og bæta ræktunina. En það er ekki alveg hlaupið að því í núverandi árferði.

Hvernig sérd þú landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Ég held að í garðyrkjuni munum við mjög hratt sjá aukna vélvæðingu og sjálfvirknivæðingu. Mjög hröð tæknipróun er að eiga sér stað erlendis þar sem erfiðlega gengur að finna vinnuafli og launakostnaður hefur aukist hratt á undanförunum árum. Þannig hefur mikill hvati myndast við að þróa róbóta og tæki til að mæla aðstæður í gróður- húsunum svo hægt sé að fínstillast alls konar þætti í ræktuninni eftir bestu getu. Það væri gaman að sjá þróun í átt að meiri fjölbreytileika í ræktuninni og að íslenska framleiðslan haldist á persónulegri nótum þar sem neytendur geta rakið framleiðsluna auðveldlega til ræktenda sem þeir treysta.



Í garðyrkjustöðvunum má finna mikið úrval grænmetis. Til viðbótar rekur Halla ásamt starfsfólki sínu Sólskinsbúðin á Flúðum þar sem seldar eru íslenskar gæðavörur beint frá bónda auk þess sem hægt er að fá sér kaffisopa.

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar. Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði. Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

iGRIP Karbítskrúfur í vinnuvélar frístundataeki, skó ofl..
Dæmi um stærðir: (6 - 40mm)
Einfalt að setja í og taka aftur úr
P.P & CO 512-3360 korkur.is P. ÞORGRÍMSSON & CO

MEIRAPRÓF Fjarkennsla Næsta námskeið 13. febrúar
Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki
NÆSTU NÁMSKEIÐ 13. feb 20. mars 24. apríl
Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is **AKTÚ** ÖKUSKÓLI

TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Verð 11.890.000
Nýskráning 6/2022. Akstur 72 þ.km. Dísel. Sjálfskipting 33" dekk Raðnr. 719275
BÍLALIND Kletthálsi 11 - Sími 511 0000 - bilalind.is Erum staðsettir á Bílasölusvæðinu Kletthálsi

HUGARÍÞRÓTTIR

Máttur hindrunarsagna

Átta pör náðu 7 gröndum í spili þáttarins sem kom upp í tvímenningnum á fjölsótttri og glæsilegri Briddshátíð Bridgesambands Íslands og styrktaraðila sambandsins í Hörpu í lok janúar.



Björn Þorláksson.

2.220 fyrir alslemmu í grandí á hættunni er falleg og skemmtileg tala og tryggð þeim sem náðu alslemmuni um 90% skor. Hæsta tala í boði í bridds ef undan eru skilin dóblið spil.

En sum öflug pör á Briddshátíðinni náðu ekki einu sinni að melda hálfslému. Hvernig skyldi standa á því?

Kannski liggur hluti svarsins í annarri spurningu: Hvenær á maður nógu vond spil til að hindra?



Guðmundur Halldórsson frá Húsavík lætur sér ekki verða kalt við spilamennsku.

Norður	♠ Q1092 ♥ K9763 ♦ 3 ♣ J32	
Vestur	♠ 87643 ♥ J54 ♦ 106542 ♣	Austur
		♠ J ♥ 1082 ♦ J97 ♣ K109864
	Suður	
	♠ AK5 ♥ AQ ♦ AKQ8 ♣ AQ75	

Austur gefur – NS á hættu. Þú situr í suður og tekur upp „monsterlúkuna“: ÁK5-AD-ÁKD8-AD75. Þetta eru 28 punktar. Kannski ertu farin/n að rifja upp hvernig maður lýsir slíkri hendi? Maður opnar fyrst á tveimur laufum og hvað þarf maður svo að gera í framhaldinu? En andstæðingur á undan þér í austur eyðileggur slíkar vangaveltur með því að opna á þremur laufum. Hver er þá sögnin þín?

Dobl virðist augljós kostur. En nokkrum spilurum fannst gallinn við að dóbla sá að eiga hvorugan hálitinn. Það voru spilarar sem lokuðu augunum og mældu einfaldlega 3 grönd. 710-kall aðeins. Og þung augu frá makker.

Allt spilið:

Miklar umræður urðu hjá sumum pörum sem uppskárú lítið hvernig væri best að koma hendinni til skila. Einhver sagði að dobl og grandsögn gæti túlkast sem fimm ása spurning eða samþykkt á lit sem ekki væri stuðningur við. Sennilega eru þó flestir sammála um að 3 grönd er ansi mikil undirmelding. Eða hvað?

En horfum nú aðeins á spil austurs. Myndir þú passa með þetta drasl sem kannski myndi þýða að NS gætu athafnað sig rólega upp í alslemmu? Hver er lærdómurinn?

Umsjón: Björn Þorláksson, bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn: Heiðar Logi

Nafn: Heiðar Logi Ómarsson.

Aldur: 6 ára.

Stjörnumerki: Vatnsberi.

Búseta: Akranes.

Skemmtilegast í skólanum: Þrautabraut og fara á byggðasafnið.

Áhugamál: Að veiða fiska og fá fiskinn á snærið.

Tómstundaiðkun: Æfi fótbolta og badminton.

Uppáhaldsdýrið: Allir fiskar.

Uppáhaldsmatur: Steiktur fiskur frá Lilju í eldhúsinu.

Uppáhaldslag: Wellerman.

Uppáhaldslitur: Blár og hvítur.

Uppáhaldsmynd: Gamla Lína Langsokkur.




Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Þegar ég var nýbúinn að fá nýja veiðistöng frá afa Halla og veiddi þorsk.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Fiskimaður á skipi, alveg eins og afi Þorbjörn.

Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is

Reykjavík Open er stærsta mót ársins


Ég skrifaði um daginn að janúarmánuður væri mikill skákmánuður á Íslandi.



Hermann Aðalsteinsson.

Mars og apríl eru líka mánuðir stórra skákmóta og stundum ferbrúar. Íslandsmót skákfélaga fer venjulega fram í mars og svo stærsta árlega skákmótið sem haldið er á landinu, Reykjavík Open, fer fram að þessu sinni 9.–16. apríl í Hörpu.

Reykjavík Open hefur verið haldið samfleytt áratugum saman og hefur öðlast ríkan sess meðal skákanna, innlendra sem erlendra, og er líklega á topp 20 listanum yfir stærstu mót Evrópu, sem haldin eru árlega. Síðustu þrjú árin hafa keppendur verið rúmlega 400 og setja hefur þurft takmörkun á fjölda þeirra sem vilja vera með og miðað við 400. Plássíð leyfir ekki meira. Þegar þetta er ritað eru 250 keppendur skráðir til leiks frá 35 þjóðlöndum tveimur mánuðum áður en mótið hefst. Mótið er opið öllum áhugasömum en ljóst er að þeir sem hyggja á þátttöku þurfa að ákveða sig í tíma svo þeir missi ekki af og þurfi að bíða fram á næsta ár.



Skákpraut dagsins er í þyngrri kantinum og hún snýst um að finna rétta leikinn fyrir svartan sem þvingar hvítan til uppgjafar strax. Svartur á leik Df2! er leikurinn. Ef hvítur drepur drottninguna þá á svartur Hd1 skák sem endar með máti á f1. Ef hvítur valdar hrókin með Be3 þá á svartur mát á g2. Og ef hvítur leikur hrók á g1, þá á svartur Hd1 sem endar alltaf með máti fyrir rest.



Undirritaður hefur aldrei tekið þátt í Reykjavík Open, en stefnan er sett á að gera það í framtíðinni. Mótið stendur yfir í rúma viku og því ekki alveg einfalt að taka þátt í svo löngu móti.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Hermann Aðalsteinsson, lyngbrekku@simnet.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

		3	5	1	4			8
1	6	2						4 9
4		8					1 3 7	
	3			8	1	2		
2	8	6	4					
		4	9		2	8		
				1	2		9	7
8	9	1						5
			3	5				8

Miðlungs

				1		6	9	
8	3	6					5	1
			7					
		2		8				3
4	9							5
1			9					
	8			5	4	2	7	
		5	2				3	

Þung

		3			6			
						6		2
			1	8			5	7
	6				7	4		
3		1		5				7
				5	2			
2						9	6	4
1	7				9			

Þyngrt

	7			2	1			
			9		3	5		
		5			4			
7								
6		9			2		4	
2	1	8		3		7	6	
			1	6				
3	8	2						

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

Stjörnuspá

Vatnsberinn þarf að hafa eitt í huga ofar öllu og það er að vera skýr í hugsun. Nú er tími ákvörðana, eitt besta tímabil vatnsberans til að sýna skynsemi í verki. Hann þarf einnig að gæta þess að fylgja fast eftir þeim ákvörðunum sem hann tekur. Happtölur 15, 8, 2.

Fiskurinn upplifir tíma umróts um þessar mundir og hann þarf að gæta þess að láta það ekki hafa áhrif á sig. Æðrleysið ofar öllu enda lygnir um síðir. Hann getur þó hugsað með sér hvert hann sjálfur vill stefna og hverju hann vill breyta. Þetta er tíminn. Happtölur 3, 12, 52.

Hrúturinn á von á lukku í peningamálunum á næstu dögum og best væri að nýta þann ágóða í að borga skuldir. Þá léttir yfir anda og sálu enda fjárhagslegir fjótrar mesta böll. Hrúturinn má óhikað eiga von á frekari gæfu í þessum málum, líklega um mitt sumar. Happtölur 2, 22, 89.

Nautið er að stíga einhver skref frelsis sem það hefur ekki upplifað áður. Tilfinningin eykst þegar það gerir sér grein fyrir að það þarf ekki að vera í samskiptum við fólk eða festast í einhverjum fyrir fram ákveðnum munstrum. Nú er tími til að stíga úr öllum þeim fjötrum sem halda því og njóta þess að vera til. Happtölur 12, 41, 44.

Tvíburinn fyllist eftirsjá á næstu dögum yfir einhverju sem vantar í líf hans. Einhver tenging hjartans er ekki til staðar eða hefur brostið að nokkru leyti. Tvíburinn má vera dapur um stund því depurð er tilfinning líkt og hlátur og allar tilfinningar skal nota. Svo er gott að stíga kjarkmikil skref til þess að bæta líðanina. Happtölur 1, 21, 30.

Krabbinn þarf að stíga til jarðar á nýjan leik eftir róstusama tíma. Hvort sem er innra með sér eða vegna þess umhverfis sem hann hefur dvalið í. Ró er nauðsynleg. Þegar henni er náð, þarf að hafa skýra sýn og festu þegar kemur að næstu skrefum lífsins. Happtölur 5, 48, 91.

Ljónið hefur í mörgu að snúast um þessar mundir. Það þarf að gæta sín á að ofkeyra sig ekki og varðveita heilsu sína vel. Ljónið hefur ákveðinn sjarma og dug og mun standa í sviðsljósinu nú eftir þorrann sem aldrei fyrr. Það mun gefa honum byr undir báða vængi og leiða á nýjar brautir. Happtölur 45, 16, 71.

Meyjan er á uppleið í lífinu og má vel njóta þess að uppskera nú það sem hún hefur áður sáð. Hún hefur góða yfirsýn og er eitt þeirra merkja sem hefur burði til að ná langt í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur. Trú á sjálfíð er nauðsynleg. Happtölur 2, 21, 14.

Vogin þarf að gæta hvíldar rétt eina ferðina. Heilsan þarf að vera í lagi enda ferðalög í auglýsni og gott að vera hress og frískur. Nýjar og breyttar áherslur verða seinnipart árs, bæði jákvæðar og skemmtilegar og rétt að vera í góðu jafnvægi allt árið. Happtölur 5, 16, 22.

Sporðrekin má búast við að stór hluti drauma hans og þrjár fari að rætast, honum að óvörum. Happtölur 85, 26, 14.

Bogmaðurinn þarf að leggja hendur í skaut og leyfa huganum að sveima. Kúpla sig aðeins út úr amstri lífsins og þeim tímaþjófi sem áhyggjur eru. Gott er að tileinka sér þá list að sleppa tókum á sem flestu sem ekki er hægt að vinna með og slaka bara á. Þá rætist úr flestu sem maður ætlar sér. Happtölur 6, 17, 23.

Steingeitin hefur verið lasin að undanförunu en nú þegar fer að sjá til sólar virðist sem rjätla ætli af henni. Gott er að anda að sér fersku lofti og baða sig í heitu vatni til styrkingar, hvort sem veikindin eru af andlegum eða líkamlegum toga. Henni eru allir vegir færir sem hún ætlar sér. Happtölur 82, 90, 16.



Ræðuhöld frá landbúnaðarsýningunni í Reykjavík í maí 1947. Í púltinu stendur sennilega Bjarni Ásgeirsson sem var landbúnaðarráðherra á þeim tíma. Á hann hlýða Sveinn Björnsson, forseti Íslands, og Georgia Björnsson forsetafrú. Í Fálkanum 4. júlí það sama ár var landbúnaðarsýningin sögð „glæsilegasta sýning sem hér hefur verið haldin“. Þar sagði jafnframt að aðalsýningarskálinn hafi verið stórt flugsýki þar sem komið var fyrir ýmsum fróðleik um þróun íslensks landbúnaðar. Ýmis fyrirtæki sem framleiddu eða höndluðu með landbúnaðarvörur voru með bása. Myndi / Úr safni Bændasamtaka Íslands

Tíska:

Lífsins þráður

Að snúa í band svo úr verði tvinni eða garn er meðal elsta handverks sem menn hafa þróað yfir árin og skemmtilegt að rekja rætur þeirra langt aftur í tímann.

Flest könnust við við söguna um nýju fót keisarans þar sem fíngerðustu þræðir sem fundust voru ofnir saman – en reyndust svo vera vefur lyga. Næstfíngerðustu þræðir veraldar sem hægt er að vefa eru silkiþræðir en samkvæmt kínverskri goðsögn var það Lei Zu, eiginkona keisarans Huang Di, eða „Gula keisarans“, sem uppgötvaði hvernig væri hægt að vinna silki.

Sagan segir að um það bil 5000 árum f.Kr. hafi Lei Zu setið undir tré í garðinum sínum með tebolla, þegar púpa silkiorms féll í teið hennar og hóf að skiljast í langa, fína þræði. Lei Zu fór þá að rannsaka samsetningu þræðanna og hvort hægt væri á einhvern hátt að spinna þá í mjótt band. Sagan er nú örlítið lengri, en í dag er Lei Zu í guðatölu og tilbedin sem móðir silkiorma.

Silkivinnsla í sjö þúsund ár

Silkiormar voru og eru enn þann dag í dag ræktaðir sérstaklega fyrir framleiðslu silkis, en hver púpa getur innihaldið allt að eins kílómetra löngum samfelldum þræði. Ormarnir sem lifa eingöngu í mórberjatrjám éta af mikilli áfergju, bæði nótt og dag – og hafa hamskipti þess á milli. Eftir fjórðu hamskiptin verða þeir gulleitir sem þýðir að þeir séu í þann mund að hjúpa sig með silki og þá tilvalið að dýfa þeim í heitt vatn og leysa þá úr fjötrum púpunnar. Sú aðferð hefur sem sé ekki breyst sl. sjö þúsund ár. Þetta er þó tímafrekt starf því

Textílaðferðin Rögg

Röggvar, sem nafnið er dregið af, er gamalt orð notað yfir flóka sem var ofinn í vaðmál eins og þétt kögur þannig að yfirborðið líkist feldi.

Þessir ofnu feldir kölluðust röggvarfeldur eða varafeldur, líklegt þykir að íslenskir landnámsmenn hafi lært þessa aðferð af írskum, skoskum eða enskum þrælum. Gólfteppi sjötta áratugarins sem margir kannast við sem rýjateppi, voru upphaflega kallað röggvateppi.

Auglýsingin að ofan kemur frá ullarversluninni Gefjun árið 1969 og segir í textanum: „Loksins getið þér fengið keypt efni í íslenzkt röggvateppi (ryateppi). 100% íslenzkt ullargarn, (Grettisgarn) botn, nálar og trélisti allt í einum poka.“

Þráðurinn er svo léttur að 10.000 til 12.500 púpur þarf í eitt kíló af silki.

Vinnsla silkis þróaðist með tímanum þó hún sé í grunninn hin sama. Þróun framleiðslunnar sem slíkrar hófst þó ekki fyrr en á 4. öld eftir Krist þegar silkið komst í hendur annarra þjóða, en Kínverjar héldu þessari uppgötvun sinni leyndri í árþúsundir og höfðu á þann hátt einkarétt á silki framleiðslunni. Áttu



Gyðja silkiormanna, Lei Zu, sést hér umkringd mórberjatrjám með silkiorm á fingri. Hér t.v. má sjá dæmi um silkimöflugur

dæmis reyr, vínvið eða gras og gerði úr þeim körfur, mottur eða einföld skjól.

Ein elstu ummerki um snúnar plöntutrefjar og hör eru frá steinöld, sem benda til þess að fólk hafi þá þróað grunnatriði þræðagerðar, með það fyrir augum að sauma eða vefa.

Þegar fólk tók upp landbúnað og hóf að rækta plöntur eins og hör eða bómull, auk þess að halda dýr – m.a. fyrir ull, urðu ýmis spunaverkfæri til. Þessi þróun leiddi til skilvirkari vinnslu á þræðum auk þess að marka upphafið að flóknari textílvinnu. Á Íslandi hófst vefnaður strax við landnám á 9. öld úr ull sauðfénaðar og þróuðust fljótlega ýmsar vefnaðaraðferðir sem voru nauðsynlegar daglegu lífi.

Eitt af lykilverkefnum var að spinna ull og vefa vaðmál, sem var ekki aðeins notað fyrir fatnað heldur einnig sem gjaldmiðill í viðskiptum. Þróun vefnaðar á Íslandi var því mikilvægur hluti af sjálfbærni og efnahag þjóðarinnar. /sp

Dæmi um skandinavískt rýjateppi sem var há móðins á sjötta og sjöunda áratugnum. Myndir / timarit.is

Þráðurinn er svo léttur að 10.000 til 12.500 púpur þarf í eitt kíló af silki.

Vinnsla silkis þróaðist með tímanum þó hún sé í grunninn hin sama. Þróun framleiðslunnar sem slíkrar hófst þó ekki fyrr en á 4. öld eftir Krist þegar silkið komst í hendur annarra þjóða, en Kínverjar héldu þessari uppgötvun sinni leyndri í árþúsundir og höfðu á þann hátt einkarétt á silki framleiðslunni. Áttu

Þræðagerðin mikilvæg í heimssögunni

Vefnaður almennt byrjaði með einföldum aðferðum á borð við fléttun, þar sem fólk notaði efni sem það fann í náttúrunni, til



Eigum til 5 stærðir af lokum á lager, 12 cm. þykk, m/10 cm. svuntu, 4 festingar og 3 styrktarbitar kr. 85.000- fást í tveim litum.



GODDI.IS

Auðbrekku 19, 200 Kópavogi s. 544-5550.



Ég óska eftir að fá að vinna í sjálfbodavinnu í sauðburði, á fjárbúi. Ég heiti Eva De Vries og er menntaður dýralæknir. Ég hef reynslu af umönnun fjár kringum sauðburð. Ég er þýsk, tala ensku, en enga íslensku. Ég er laus frá 24. apríl–16. maí. Endilega sendið mér tölvupóst á de_vries_eva@hotmail.com



KABOO WOLF KING GT til sölu. Tveir 2.000 w. mótórar, max 8.400 w. Mjög kraftmikið, með samtals 5 hraðastillingar, 72v 35ah batterí. Tvö hleðslutæki fylgja, ásamt hjálm og öryggislás úr stáli. Hjólið er keyrt 2.000 km. Verð, kr. 380.000. Allar nánari upplýsingar í s. 858-1503.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eru hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér...“

Matt. 11.28-29

biblian.is



Framleiðum hænsnahús í þremur stærðum. Sterk hús sem þola íslenskt veðurfar svo þú endar ekki með þúddurnar í bílskúrnun yfir vetrarmánuðina. Frekari upplýsingar á www.reisum.is eða reisum@simnet.is



Stóraukið úrval af tækjum og tólum fyrir fólk sem ætlar að rækta sitt land. Fáðu blaðið sent eða kíktu á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Hef til sölu rúlluplast, net, stæðuplast, heystæður, fjósbita og innréttingar í fjós. Upplýsingar í s. 894-6946, Ben og 892-6946, Jenný.



Til sölu Hyundai Kona Style 64 kw. Rafmagn, árgærd 2020, sjálfskiptur, ekinn 28.000 km. Verð kr. 3.690.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Heflaður burðarviður stærð 40x175. Lengd 5,4 m. Verð kr. 630 lm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Suzuki Jimmy, árgærd 2019. Verð kr. 3.150.000. Ekinn 70.000 km. 4.manna. Ný dekk 30". Nýir bremsuklossar/diskar. Upplýsingar gefur Torfi Ág. S. 899-8455 torfiha@simnet.is



Rustunnpressa. Hentar í flestar ruslatunnur. Tilvalið til að pressa pappa og plast. Er til á lager. Kynningarverð kr. 17.900, pöntun sendist á: iceoptic@simnet.is. Benedikt, s. 868-6959.

VW CARAVELLE KOMBI

Verð 6.990.000 með vsk.

Nýskráning 7/2020. Akstur 106.200 km. Dísel. 6 gírar. Radnúmer 689621

Skráðu bílinn þinn hér

BÍLALIND

Kletthálsi 11 - Sími 511 0000 - bilalind.is

Erum staðsettir á Bílasölusvæðinu Kletthálsi

Rekstraraðilar óskast fyrir Kaffi Norðurfjörð.

Um er að ræða rekstur á veitingastað í Norðurfirði í Árneshreppi á Ströndum, sem þjónar ferðafólki, íbúum og sjómönnum sem stunda strandveiði frá maí til ágúst. Opnunartími kaffihússins er a.m.k. 3 mánuðir á sumri, júní, júlí og ágúst ár hvert, en æskilegt væri að byrja eitthvað fyrr, t.d. um miðjan maí. Samningur er gerður til þriggja ára í senn. Gott tækifæri fyrir tvo til fjóra (vini, pör) sem áhuga hafa á rekstri á fallegum stað og eru tilbúin í mikla vinnu.

Umsóknarfrestur er til 1. mars n.k. og umsóknir sendist oddvita Árneshrepps á netfangið: oddviti@arneshreppur.is

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

ALKO QUALITY FOR LIFE


UNSINN

Schmidt FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

BRIMCO EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Hilltip Icestriker 900-1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplogur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165-240 cm breidd.



Hilltip Fjölplogur MVP
Fjölplogur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



**RAFGEYMAR OG
RAFBÚNAÐUR
FYRIR DRÁTTAR-
OG VINNUVÉLAR.**



ÁSCO

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

BÍLARAFAVAGN



Liðléttingur - rafmagns. Lyftigeta 1.000 kg. Bílar & hjólhýsi ehf. S. 783-8200 www.bilaroghjohysi.is. Getum útvegað dekk á landbúnaðartæki.



Finnskt timbur í fjárhúsgólf til sölu: Stærð 32 x 100 mm. Verð kr. 390 lm. m/vsk. Stærð 38 x 100 mm. Verð kr. 470 lm m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Heflaður burðarviður, C 24, stærð 48x148. Lengd 4,2 m. Verð kr. 690 lm. m/vsk H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu Ford Edge, dísil, 4x4, árgerð 2016. Sjálfskiptur, ekinn 135.000 km. Verð kr. 2.590.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



300 cm. breiður flaghefill/snjótönn á tilboðsverði. Verð áður kr. 685.500 +vsk. Tilboð: kr. 590.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.




Traktorssköflur FK Machinery. Breidd 220 cm. Verð kr. 197.000 +vsk. Breidd 240 cm. Verð kr. 209.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Þrýstingur fyrir neysluvatn. Til á lager 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsgandi dæla. Dæluhlól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðarþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþönnunarbúnaði. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



MAN TGL 8.220 2015 4x2 Ekinn 168.000 km. M.SAFI körfu fyrir 2 menn, 17 metra bóma, með stórum kassa fyrir verkfæri og efni. Verð kr. 5.900.000 +vsk. Uppl. Sigurður s. 699-2011.



Kubota M7040. Árgerð 2017. Vinnustundir 830. Verð kr. 4.900.000 +vsk. Uppl. í s. 861-0330 eða steini. sterki@simnet.is

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is



Háprýstidælur fyrir verkataka og bændur. Rafdrifnar, traktoradrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísil. Margar stærðir, allt að 700 bar. Einnig öflugir vatnshitatar fyrir háprýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Innihærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



SCANIA R580 árgerð 2020. Ekinn 67.000 km. Opticruise Istrail kassi. Flottur bíll Verð kr. 18.800.000 +vsk. Upplýsingar gefur Sigurður í s. 892-1164.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmiklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang hak@hak.is, s. 892-4163. www.hak.is



Sveitarfélög og verkakar. Mjög öflugur búnaður fyrir stífluhreinsun í skolprórum. Háprýstidælur frá www.comet-spa.com. Margar útfærslur í flæði og þrýstingi. Bensín, dísil, glussadrif eða drifskaft. Sköffum allan slöngu- og spissabúnað fyrir rörhreinsun. Gerum föst tilboð, mjög hagstætt verð og góð þjónusta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang hak@hak.is



VW Transporter. Combi 9 manna 11/2013 ekinn 235.000 km. Þjónustubók. Uppl í s. 892-5767



Glussadrifnar gólfhræurur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm. Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki, Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash)2",3",4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhrein vatn og einnig skolp, söghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með theyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparveitir, verkataka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurliúöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Dísilhitari 5kw. 12 til 24 volt. Verð kr. 53.900 - Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.

PORSCHE



Farðu lengra.

Porsche Cayenne Plug-in Hybrid.

Með allt að 90 km drægni á rafmagni*

Cayenne er kraftmikill 470 hestafla sportjeppi sem er aðeins 4.9 sekúndur í hundrað. Hann sameinar afl og aksturseiginleika sportbilsins, og þægindi og rými lúxusjeppans.

3.500 kg. dráttargeta – Læsanlegur millikassi – Loftpúðaafjöðrun

Sýningar og reynsluakstursbílar á sérkjörum.

*Samkvæmt WLTP miðað við blandaðan akstur.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengi.



Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600



Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is

**SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA**



VHE


VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



FADMGREIP. Rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar og slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. (kr. 189.500 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Framleiðum vönduð saunahús. 13 cm veggþykkt og góð einangrun. Hægt að framleiða sambyggða geymslu og sauna. Frekari upplýsingar á www.reisum.is eða reisum@simnet.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Gólfhiti, gólfraesing fyrir 16 mm. rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Sérsmíðaður fyrir 3ja öxla dráttarbíla. Hardox 450–8mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, Skúffa og grind heitsprautuzinkað, (tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur, sem gefur ca 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Th. Adolffson ehf. S. 898 3612 - thadolfs@gmail.com




Sliskjúr úr áli, fyrir lyftara og brettatjakkka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakkka: L 100 cm x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Sérsmíðum timburgrindargeymslu eftir þínum óskum. Frekari uppl. á www.reisum.is eða reisum@simnet.is



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. (kr. 199.000 +vsk) H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjú vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna gröfur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is



Til leigu Manytöu 2470, 360° lyftari með 6 t. spili og fjarstýringu. Einnig til leigu Manytöu 2150, 360° lyftari með 3,5 t. spili. Erum með vacuum dælur fyrir samlokueiningar og gler, 250 og 500 kg. Upplýsingar í s. 893-6975, netf. tre@tre.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-zziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Til sölu Peugeot 2008, Allure Pack, rafmagn, árgærd 2020. Sjálfskiptur, ekinn 113.000 km. Verð kr. 2.790.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðu verði. Hákonarson ehf. www.hak.is. s.892-4163. Netfang- hak@hak.is



SCANIA P440 2013. Ekin 255.000 km. Hliðarsturta, loft að aftan og vel búin. Verð kr. 6.500.000. Upplýsingar gefur Sigurður í s. 892-1164.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem deila allt að 120 tonnum á klt. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is. S. 892-4163, hak@hak.is



CLAAS Arion 640 árg. 2012. Notkun 5.215 tímar. Notaður í létt snatt við byggingavinnu síðastliðin 8 ár. Mjög lítið slitin flotdekk. 150 hp. 50 km. drif. Verðhugmynd kr. 8.950.000 án/vsk. Uppl. í s. 893-8778.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótur staðsettur fyrir utan vötrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Bretttagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. www.hhauksson.is S. 588-1130 hhauksson@hhauksson.is

Dýrahald

Til sölu 3 hreinræktaðir Border Collie rakkar úr 7 hvolpa goti. Ekki ættbókarfærðir. Fæddir 5. des. - tilbúnir til afhendingar. Staðsettir í Svarfaðardal. S. 865-1835 Hjálmar.

Óska eftir

Kaupi vínplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Suzuki AC50 hjóli eða pörtum til uppgerðar. Skoða líka önnur hjól. S. 896-0158 valur@heimsnet.is

Óska eftir að fá leigt pláss/geymslu/úthús fyrir 2 fornbíla, að minnsta kosti 40–50 fm, á sanngjörnu verði. Ótímabundið frá 1. maí 2025. (Helst á Suðurlandi, nálægt Skeiðum.) Allar upplýsingar í s. 651-6527.

Til sölu

Vel með farinn Captiva árg. 2013 ekinn 137.000 km. Nýir spissar, nýr kvarðakútur, millikassi, (kálfur) snjó- og vetrardekk á felgum. 7 manna bíll. Upplýsingar í s. 894-0776. Ásett verð kr. 1.250.000.

206 fm af nýrri stálklæðningu með trapisu-prófil. Litur Ral 3.009. Verð alls kr. 420.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 (viðbótarmagn kr. 3.300 fm. m/vsk.)

Þjónusta

Bókhaldsþjónustan H7 ehf. Vantar þig aðstoð með bókhaldið? Þjóðum upp á alla almenna bókhaldsþjónustu fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Getum bætt við verkefnum bæði tímabundnum og veitt reglulega þjónustu. Helga Jónsdóttir, BS í viðskiptalögfræði. Netfang: helga@h7bokhald.is

Þakmálun. Tek að mér þakmálun, sérhæfi mig í háum og bröttum þökum. Geri verðtilboð og kem hvert á land sem er. Sendið tölvupóst á magnussongudmundur40@gmail.com.



Mercedes-Benz Citan.

Hagkvæmt verð — framúrskarandi afköst.

Verð án VSK frá

4.266.000 kr.

Verð með VSK frá 5.290.000 kr.

Leiguverð á mánuði án VSK frá

118.000 kr.

Miðað við 36 mán og 20.000 km á ári

Einnig fáanlegur í rafmagnaðri útfærslu.

Komdu og reynsluaktu.

Mercedes-Benz



Einstök tækni fyrir þig

DeLaval VMS V310

 DeLaval



Meiri nákvæmni



Meiri gæði



Meiri afköst

 Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM